

Hefur gefið mér allt

Renzo Gracie er af þriðju kynslóð bardagamanna. Afi hans fann upp hið brasilíska jiu-jitsu.



BÓ KOMINN Á VESPU

Björgvin Halldórsson keypti sér vespu á föstudaginn.



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júní 2008 – 168. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



ALP OG ELAINE MEHMET KVEÐJA

Fráfarandi sendiherra Breta segir frá því hvernig Ísland hefur komið honum fyrir sjónir.

HELGARVIÐTAL 14

## Sjálfstæðisflokkurinn tapar þriðjung á landsbyggðinni

Fylgi Sjálfstæðisflokks dalar og fylgi Samfylkingar eykst samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Báðir stjórnarflokkarnir fengu 21 þingmann. Vinstri græn fengu ellefu menn, en Framsókn og Frjálslyndir fimm.

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi Sjálfstæðisflokksins dregst saman um tæp sex prósentustig frá því í apríl. 32,8 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar sérstaklega á landsbyggðinni. Nú segjast 25,6 prósent kjósenda sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins myndu kjósa flokkinn, en í apríl voru það 39,4 prósent. Fylgi flokksins hefur því dregist þar saman um þriðjung. Samkvæmt því myndu þingmenn Sjálfstæðisflokksins vera 21, en þeir eru 25 nú.

Fylgi Samfylkingar eykst hins

vegar um rúm fimm prósentustig frá síðustu könnun. 32,0 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn.

Meðal kjósenda utan höfuðborgarsvæðisins eykst fylgi Samfylkingarinnar um 75 prósent, úr 21,2 prósentum í 37,2 prósent. Í apríl dalaði fylgi flokksins á landsbyggðinni hins vegar um þrettán prósentustig. Þingmenn Samfylkingar yrðu samkvæmt þessu 21, en eru nú átján.

Fylgi Vinstri grænna dregst saman um tæp fjögur prósentustig frá síðustu könnun og segist 17,1 prósent styðja flokkinn. Samkvæmt því myndi þingflokkur Vinstri grænna telja ellefu manns, tveimur fleiri en flokkurinn hefur nú.

Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn bæta báðir aðeins við sig fylgi frá síðustu könnun Fréttablaðsins.


8,9 prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, sem er tæpum tveimur prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins. Flokkurinn fengi samkvæmt því fimm þingmenn kjörna, en hefur sjö nú.

Fylgi Frjálslynda flokksins eykst um 2,5 prósentustig frá því í apríl. 8,0 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn og fengi hann samkvæmt því fimm þingmenn. Einn maður myndi því bætast við þingflokkinn.

- ss / sjá síðu 4

### FYLGI STJÓRN MÁLAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú?




**Matur**  
Júní 2008

Nanna Björnsdóttir átti Sumarlegur dögundur fyrir alla fjölskylduna. Hæppingur með bláum ilmandi humar á grilli. Bára Álfhildsdóttir. Lét og lífrátt salat.

**FYLGIR Í DAG**

**VEÐRIÐ Í DAG**



**VÍÐA NOKKUÐ BJART** í dag verður yfirleitt hægviðri eða hafgola. Víða bjart veður en þó skýjað með köflum og sumstaðar skúrir suðaustan til. Hiti 9-15 stig, hlýjast sunnan og vestan til.

VEÐUR 4



**PRENNA MARGRÉTAR LÁRU** Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu fyrir íslenska kvennalandsliðið sem burstaði slakt lið Slóvena 5-0 á Laugardalsvelli í gær. Hin 21 árs gamla markadrottning segir að markheppni ráði þar ferðinni en hún hefur nú skorað 40 mörk í 42 landsleikjum. Sjá síðu 24

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Björk Guðmundsdóttir er meðal margra Íslendinga sem eiga ísbjörn: Ísbjarnarfeldir vinsæl húsprýði

**MENNING** Ísbjarnarfeldir með uppstoppað höfuð prýða hús fjölmargra þjóðþekktra Íslendinga. Páll Winkel fangelsismálastjóri lét undan konu sinni, Katrínu Árnadóttur, og festi kaup á slíkum grip fyrir fimm árum eftir mikinn undirbúning. „Á þessum tíma bjó maður ekki við þann munað að ísbjörn væri felldur nær vikulega í Skagafirði svo það var við ramman reip að draga,“ segir hann kankvís.

Björk Guðmundsdóttir hefur líka einn björn á gólfinu hjá sér en myndlistarmaðurinn Þorlákur Kristinsson, betur þekktur sem Tólli, varð að flytja með sinn ísbjörn af heimilinu vegna mikillar andstöðu fer- og tvífattra



**STOFUSTÁSS** Páll Winkel gaf konu sinni, Katrínu Árnadóttur, ísbjarnarfeld.

sambýlinga. Ísbjörninn, sem Stefán Hrafn Magnússon hreindýrabóndi í Isortoq á Grænlandi felldi og lét Tolla fá í skiptum fyrir málverk, prýðir nú vinnustofu myndlistamannsins.

Árni Johnsen þingmaður á tvo ísbirni. Annar hefur reyndar verið nýttur í ísbjarnarbuxur og -mottu en hinn prýðir heimili hans í Eyjum. Sá lék stórt hlutverk í myndbandinu við lagið „Minn hinsti dans“ sem var framlag Íslands í Eurovision árið 1997. „Þetta var bara þannig að ég bað um ísbjörn og hann kom, þökk sé starfsmönnum í leikmunadeildinni. Ég vissi þá reyndar ekkert hvaðan hann kom,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson sem söngur lagið.

Tólli segir að ísbjarnarfeldur sé venjulega ekki seldur á minna en eina og hálf milljón króna.

- jse / sjá síðu 16

## Sigurreifir Tyrkir hleyptu af: 23 særðust í fótboltafögnuði

**TYRKLAND, AP** Tuttugu og þrjú Tyrkir liggja særðir á slysaðeildum landsins eftir sigur landsliðs þeirra á Kröötum í Evrópukeppninni í knattspyrnu á föstudagskvöld. Sigurreifar fótboltafullur skutu úr skammbýssum upp í loftið til að fagna, en 23 kútur enduðu í samlöndum þeirra.

Meðal þeirra særðu eru tólf ára stúlka og gömul kona. Yfirvöld segja að 54 verði sóttir til saka fyrir skotgledina. Fimm særðust eftir sigur Tyrkja á Tékkum sunnudaginn fyrir viku.

- sgi

## Steingrímur fagnar stórafmæli: Golf er afar skemmtileg vinna

**FÓLK** Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, er áttæður í dag. Hann rifjar upp farsælan stjórnmálaferil sinn í í viðtali við Fréttablaðið þar sem hann telur þjóðar-sáttarsamningana árið 1990 mikilvægasta mál sem hann tókst á við. Hann segir jafnframt að hann hafi gert mistök þegar hann samþykkti að aflaheimildir yrðu framseljanlegar þegar kvótakerfinu var komið á.

Steingrímur nýtir tímann vel og stundar útiveru af kappi. Hann hóf golfið meðan hann gegndi starfi seðlabankastjóra og segir það „skemmtilega vinnu“. Hann rifjar upp sögur af mönnum og málefnum og uppvaxtarárin í miðbæ Reykjavíkur.



STEINGRÍMUR HERMANNSSON

- shá / sjá síðu 18

36,30% Morgunblaðið  
49,72% 24 stundir  
69,94% Fréttablaðið

**Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent**

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. skv. könnun Capacent í febrúar-apríl 2008.



:-) framan í heiminn



ISLENSKA SÍLUS TOY 42676 06048

### **Pá smælar** heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



**Tal**

# VILTU LÆKKA SÍMREIKNINGINN?

FÁÐU ALLAN PAKKANN FRÁ **3.990 KR.** Á MÁNUÐI



**HEIMASÍMI**



**NET**



**GSM**

Ef þú kaupir allan pakkann á [www.tal.is](http://www.tal.is) og greiðir með kreditkort  
færðu fyrsta mánuðinn frían. Frítt í alla heimasíma innanlands,  
14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.\*

\*Samkvæmt skilmálum.

© 2011 Tal

[www.tal.is](http://www.tal.is) | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | [tal@tal.is](mailto:tal@tal.is)



**KJÖRKASSINN**

Vilt þú endurvekja næturstrætisvagna um helgar í Reykjavík?

**Já** 78,5%  
**Nei** 21,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Telur þú að Barack Obama verði sigurvegari forsetakosninganna í Bandaríkjunum?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Reiðir foreldrar í Kína vilja upplýsingar um af hverju skólahús hrundu í jarðskjálfta:

**Reynt að kæfa alla gagnrýni**

**KÍNA, AP** Reiðir foreldrar barna sem fórust þegar grunnskóli hrundi til grunna í jarðskjálftanum mikla í Kína fyrir rúmum mánuði efndu til mótmælasetu í gær meðan beðið var eftir niðurstöðum rannsókna á hönnun og smíði skólahússins.

Foreldrarnir sögðu að embættismenn hefðu lofað þeim frekari upplýsingum um hvernig skólahúsið var byggt og hvers vegna það hrundi svo auðveldlega í jarðskjálftanum, sem varð minnst 69 þúsund manns að bana í Setsúan-héraði.

Hönnun skólahúsa í héraðinu hefur verið harðlega gagnrýnd



**HRUNIÐ SKÓLAHÚS** Skóladrengir í körfubolta við rústir skólabýggingar sem hrundi í skjálftanum. **FRÉTTABLAÐIÐ/AP**

Þar sem þau hrundu þótt húsin í kring stöðu skjálftann af sér, en umræða um málið er eldfim.

Stjórnmöld virðast ólm vilja kæfa hana enda farvegur reiði í garð stjórvalda sem að öðru leyti hafa hlotið hrós fyrir viðbrögð sín við skjálftanum. Bæði foreldrar og sjálfboðaliðar hafa sætt hótunum.

Fyrirverandi kennari, Zeng Hongling, var í vikunni hnepptur í varðhald í Chengdu í Setsúan. Zeng skrifaði þrjár greinar á vefsíðu þar sem hún gagnrýndi hönnun skólanna.

Ríkisfjölmiðlar Kína hafa lítið fjallað um málið, að öllum líkindum samkvæmt fyrrmælum yfirvalda. Lögregla hefur handtekið tvo erlenda blaðamenn sem um málið hafa fjallað. **- hjj/ht**

Viljayfirlýsing undirrituð:

**Jafnréttisskóli verði stofnaður**

**MEINTUN** Viljayfirlýsing þess efnis að hér á landi verði stofnað Jafnréttissetur og fyrsti jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna var undirrituð í liðinni viku. Undir yfirlýsingu skrifuðu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Kristín Ingvólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Ráðgert er að skólinn og setrið verði formlega tekin í notkun í nóvember á þessu ári. Í tilkynningu segir að sérstök áhersla verði lögð á að fá til skólans sérfræðinga frá þróunarríkjunum. **- kg**

**Fazer 600S ABS**  
**Einfaldleikinn getur blekkt þig**

Verð nú **1.230.000 kr.**  
*19.916 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og 60 mån. lán.*

2007árgerð: **890.000 kr.**  
*14.353 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og 60 mån. lán.*

Ný Yamaha-verð á **www.motormax.is**

**MotorMax** - lífið er leikur

**Motormax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400  
**Motormax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070  
**Motormax Akureyri** - Sími 460-6060

**Hvekkir íbúar vilja sofna klukkan þrjú**

Íbúar í miðbænum krefjast styttri afgreiðslutíma fjögurra skemmtistaða í miðborginni vegna hávaða. Veitingamaður segir styttri afgreiðslutíma leiða til óláta á götum úti fram eftir nóttu. Miðborgarstjóri er vongóður um að sættir náist.

**MÓTMÆLI** Níu íbúar við Vegamótastíg, Grettisgötu og Klapparstíg krefjast styttri afgreiðslutíma skemmtistaða í miðbæ Reykjavíkur vegna drykkjuláta.

Íbúarnir sendu borgaryfirvöldum og lögreglu kvörtunarbréf í fyrradag.

Skemmtistaðirnir sem íbúarnir vilja að verði lokað klukkan þrjú eru Ólstofa Kormáks og Skjaldar, Vegamót, 22 og Óliver. Að sögn íbúanna hefur ástandið í miðborginni farið hríðversnandi undanfarna mánuði. „Ónæðið er langt umfram það sem venjulegt fólk getur sætt sig við og rænr heimilisfólk svefni hvað eftir annað, börn þar á meðal,“ segir í bréfinu.


Fréttablaðið greindi frá því í gær að hávaðamengun frá skemmtistöðum hefði aukist frá því að reykingabann tók gildi síðastliðið sumar.

„Í fyrsta lagi á ekki að hleypa fólki út með drykkina, þannig að gleðskapurinn færir ekki út,“ segir Jakob Frímagnússon, framkvæmdastjóri miðborgar. „Það er okkar markmið að enginn þurfi að kvarta, hvorki íbúar, gestir, né veitingamenn. Ef það næst ekki á næstu vikum er það auðvitað miður.“

Jakob nefnir að skemmtistaðurinn Óliver á Laugavegi hafi hleypt reykingamönnum út á opnar svalir. „Þegar kvartanir bástust var þeim svölum hreinlega lokað. Þeim sem ekki gátu komist af án þess að fá nikótín í lungun var vísað út á götu og undir hælinn lagt hvort þeir kæmust inn aftur.“

Kormákur Geirharðsson, eigandi Ólstofunnar, segir það ekki leysa vandann að vísa reykingamönnum á dyr. „Reglugerðin um reykingabannið býður ekki upp á að hljóðeinangra reykingaðstöðuna betur. Það hlýtur að vera þetta að hafa dyrværð til að halda fólki lágværu en að fleygja reykingamönnum út,“ segir Kormákur.

Hann segir ástandið hafa verið verra þegar skemmtistaðir voru aðeins opin til klukkan þrjú. „Áður en afgreiðslutíminn var lengdur komu allir út



**HÁVAÐI Í MIÐBORGinni** Skemmtistaðirnir sem hópur íbúa kvartar yfir eru Vegamót, 22, Ólstofa Kormáks og Skjaldar og Óliver.

**MIÐBORGARÞJÓNAR Á VAPPI**

Svokallaðir miðborgarþjónar tóku til starfa á föstudagskvöld. „Þeir gengu um með bakpoka með vatnsflöskum og plástrum,“ segir Jakob Frímagnússon, framkvæmdastjóri miðborgar. „Sem betur fer þurfti ekki á plástrum að halda. Þeir notuðu vatnið til þess að svala þeirra sem þurftu slíkar mótvægisáðgerðir og eins náðu þeir að slökkva eld á Arnarhóli út frá fyrirvaralaus útgirlli sem hafði farið úr böndunum.“

Jakob Frímagnússon segir verkefnið hafa farið mjög vel af stað. „Þeim var vel tekið af gestum, veitingamönnum og lögreglu. Þeir eru að stoppa í götin sem eru ekki á verksviði lögreglunnar, en þarf að huga að engu að síður,“ segir Jakob Frímagnússon.

Á sama tíma og hópar löbbaðu um miðbæinn í leit að veislum í heimahúsum,“ segir Kormákur. „Að stytta afgreiðslutíma hjálpar ekki neitt, þá er vandamálið bara fært til.“ **steindor@frettabladid.is**

**HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ**

**50% AFSLÁTTUR FYRIR BÖRN**  
**SÖLUTÍMABIL 19.-23. JÚNÍ**

Það hefur aldrei verið hagstæðara fyrir barnafjölskyldur að ferðast til útlanda saman. Þjóðum 50% barnaafslátt af öllum Economy og Best Price fargjöldum okkar fyrir börn 11 ára og yngri til allra áfangastaða okkar í Evrópu og til Minneapolis, Toronto og Halifax.

Nýtið einstakt tækifæri! Njótið þess að fljúga saman!

+ Bókaðu ferð á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Safnaðu Vildarpunktum  
VISA Punktarir upp í Ferðaávisun gildir

[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

Afslátturinn reiknast af fargjaldi án flugvallarskatta og barnaflugvallarskattar bætast svo við. Sölutímabil 19. júní til og með 23. júní. Ferðatímabil í ágúst-september.

**Auglýsingasími**  
**512 50 50**

Mest lesið

Verndarsjóður íslenskrar náttúru kynntur í Þjóðminjasafninu:

**Áherslan á endurheimt votlendis**

**NÁTTÚRUVERN** Stofnaðilar Auðlindar – Náttúrusjóðs stöðu á föstudag fyrir kynningarfund í Þjóðminjasafni Íslands um fyrirhugaða stofnun sjóðsins 1. desember. Sjóðnum er ætlað að styrkja stöðu náttúruverndar á Íslandi með fjármögnun náttúruverndarverkefna. Meðal stofnenda sjóðsins eru Andri Snær Magnason, Vigdís Finnbogadóttir og Þórólfur Arnason.

„Auðlind er stór verndarsjóður íslenskrar náttúru sem á fyrirmyndir í landstraustssjóðum til dæmis í Bandaríkjunum, Skotlandi og Bretlandi,“ segir Andri Snær rithöfundur. Hann segir að lengi hafi verið þörf á samtökum á borð við Auðlind til að styðja við umhverfisvernd á Íslandi. „Það vantar atvinnumennsku og peninga til að hrinda hlutanum í framkvæmd,“ segir hann.

Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur verður fyrsti formaður sjóðsins. Hún segir að áhersla sjóðsins verði í fyrstu á endurheimt votlendis, en henni er bæði ætlað að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni og binda kolefni. Einnig mun sjóðurinn styðja við verndun íslenskra arnarstofnsins. **- gh**



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR OG RÚRÍ** Auðlind býður fólki að gerast stofnfélagar með 10.000 króna fjárframlagi. Björk keypti sérstakt gjafabréf sem myndlistarmaðurinn Rúrí útbjós. **FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR**



Way of Life!

# Sprækur, sparneytinn og lipur



„Þægilegur í alla staði - bara frábær og traustur bíll...“

## SUZUKI SWIFT

Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og er til bæði handskiptur, sjálfskiptur og sem sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92-125 hö vélar, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.

Verð frá 1.895 þús.



Komdu í reynsluakstur - Upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



1 Hvað heitir forsætisráðherra Írlands?

2 Hver skoraði jöfnunarmark Tyrkja í leiknum gegn Króötum í Evrópumótinu í fótbolta?

3 Hvað heitir íslenski hvolpurinn sem fæddist alspora á Stokkseyri?

SVÖR Á SÍÐU 30

Fyrirverandi afgreiðslumaður í 11-11 lét félaga sinn slá sig og ræna verslunina:

## Ákærðir fyrir að sviðsetja rán

**DÓMSMÁL** Þrír tvtugir menn hafa verið ákærðir fyrir fjárdrátt með því að sviðsetja rán í desember 2006. Höfuðpaurarnir játa sök.

Einn mannanna þriggja var afgreiðslumaður í verslun 11-11 í Gilsbúð í Garðabæ. Aðfaranótt 27. desember 2006 réðst maðurinn inn í verslunina, íklæddur kuldagalla og lambhúshettu, og sló þann fyrirnefnda í andlitið með járnkylfu. Afgreiðslumaðurinn féll í gólfið og ræninginn komst undan með 63 þúsund krónur, hluta af uppgjöri verslunarinnar.

Snemma kom í ljós að ræninginn var félagi afgreiðslumannsins og að þeir höfðu sviðsett árásina í sameiningu.


Þriðji maðurinn er ákærður fyrir hlutdeild í brotinu. Hann veitti mönnum tveimur húsaskjól á meðan ræninginn klæddi sig í ransbúninginn og einnig eftir ránið þegar þeir töldu peningana sem þeir höfðu upp úr krafsinu.



11-11 Í GILSBÚÐ Einn ákærðu ruddist kappklæddur inn í verslunina og sló félaga sinn í andlitið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Höfuðpaurarnir tveir játa báðir sök og segjast hafa breytt alfarið um lífsstíl. Þeir njóta ekki aðstoðar verjenda.

Kaupás, sem á og rekur verslanir 11-11, krefst tæpra 250 þúsund króna í skaðabætur með vöxtum. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. - sh



HLÝNUN Bráðnun Grænlandsíssins hækkar sjávarborð.

Norrænir vísindamenn:

## Hækkandi hiti á Grænlandi

**GRÆNLAND** Norrænir vísindamenn hafa komist í raun um að hitastigið á Grænlandi hefur hækkað um tvö til fjögur stig á einu ári og tíu stig á nokkrum áratugum, að sögn sænska dagblaðsins Dagens Nyheter. Þeir telja að loftstreymið um Grænland hafi breyst og valdið þessu.

Vísindamennirnir telja að loftslagsbreytingar hafi tvisvar áður valdið því að ísinn hafi bráðnað, fyrst fyrir 15.500 árum og síðan fyrir 11.000 árum.

Ef Grænlandsísinn bráðnar með loftslagsbreytingunum nú mun það hafa afdrifarík áhrif á hæð sjávarborðs. - ghs

### SVÍPJÓÐ

#### Daníel flytur í höllina

Daníel Westling, unnasti Viktoríu krónprinsessu Svía, mun í sumar flytja inn í íbúð í konungshöllinni í Stokkholmi. Íbúð hans verður við hliðina á íbúð Viktoríu krónprinsessu þannig að þau verða nágðarnar, að sögn Aftonbladet. Viktoría og Daníel hafa í raun búið saman um nokkurt skeið.

## Áhyggjur tefja stækkun Iðnskólans í Hafnarfirði

Hafnfirðingar segja brýnt að hefja stækkun Iðnskólans í bænum. Þeir bíða hins vegar svara frá menntamálaráðuneytinu. Von mun vera á ákvörðun ráðuneytisins í haust, en þar á bæ hafa menn áhyggjur af framtíð húseigandans, Nýsis.

**MENNTAMÁL** „Þetta er allt í einhverri biðstöðu,“ segir Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, um fyrirhugaða stækkun skólans.

Ellý Erlingsdóttir, formaður fræðsluráðs í Hafnarfirði, segir að mikið hafi verið gert á vegum bæjarins vegna stækkunarinnar, enda sé eftirspurn eftir skólaplássi og gott að geta byrjað. „Það er búið að vinna þarfagreiningu, skipulag og fleira. Til að mynda hefur verið ákveðið að gamla slökkvistöðin víki.“

Hún segir að fram séu komin drög að samkomulagi við menntamálaráðuneytið um að stækka skólann. „Það á bara eftir að skrifa undir.“ Hins vegar sé nokkuð líðið frá því að menntamálaráðuneytið fékk drögin í hendur, en Hafnfirðingar hafi ekkert heyrt. „Það má segja að þetta sé orðin svolitil bið,“ segir Ellý.

Nýsír á núverandi húsnaði Iðnskólans í Hafnarfirði. Formlegar viðræður hafa ekki hafist við félagið um stækkunina.

Vilji er fyrir því í menntamálaráðuneytinu að stækka skólann. Hins vegar segja menn óvissu ríkjanna um fjárhagsstöðu Nýsis.

Nýsír á í miklum fjárhagsörðugleikum. Kauphöllin hefur sagt að óvissa sé um framtíð félagsins. Fram hefur komið að það skorti allt að tíu milljarða



FRÁ HAFNARFIRÐI Málefni stækkunar Iðnskólans í Hafnarfirði virðast vera í einhvers konar biðstöðu, segir skólameistarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

króna á þessu ári til að standa við skuldbindingar sínar.

Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Nýsis, segist bjartsýnni í þessari viku en í hinni síðustu. Um stækkun Iðnskólans segir

hann að Nýsír geti auðveldlega séð um hana, verði fjármögnun tryggð. „Eftir því sem ég hef heyrt þá stendur til að ákveða þetta á haustmánuðum.“

ingimar@frettabladid.is

Fulltrúar menntamálaráðuneytis:

## Fátt að fréttu frá Brussel

**STJÓRNSÝSLA** „Þeir eru við ágæta heilsu og eru að vinna sína vinnu,“ segir Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, um tvo fulltrúa ráðuneytisins í Brussel.

Fréttir frá Brussel eru sérstakur liður á vefsíðu ráðuneytisins. Þar birtust reglulega fréttir frá höfuðstað Evrópusambandsins, svo sem um rannsóknir á tungumálakunnáttu og gæði háskóla. Frá því í maí í fyrra hefur ekkert nýtt birst á vefnum. Guðmundur kveðst munu kanna málið og kannski sé tilefni til að taka þennan lið út af vefnum, eða setja inn ný tíðindi. - ikh

Morð á rússneskri blaðakonu:

## Fjórir grunaðir menn ákærðir

**RÚSSLAND, AP** Fjórir menn hafa verið formlega ákærðir í tengslum við morðið á blaðakonunni



ANNA POLITKOVSKAJA

Önnu Politkovskaju. Þrír manna eru sakaðir um þátttöku í morðinu. Sá fjórði, starfsmaður rússnesku leyniþjónustunnar, verður sóttur til saka

fyrir kúgun og misnotkun í embætti. Politkovskaja var skotin til bana fyrir utan íbúð sína fyrir tveimur árum. Samstarfsfólk hennar segir að hún hafi verið myrt í tengslum við umfjallun sína um misbeitingu valds rússneska hersins í Tsjetsjeníu.

Meintur morðingi Politkovskaju gengur enn laus. - hj

### BORGARBYGGÐ

#### Prestur vill malbik

Séra Geir Waage hefur óskað eftir því við byggðaráð Borgarbyggðar að bílastæði við Reykholtskirkju verði malbikað. Byggðaráðið segir verkefnið heyrir undir Vegagerðina en fól sveitarstjóranum að ræða skiptingu kostnaðar við Vegagerðina.

### FINNLAND

#### Þáðu fé frá stórfyrirtækjum

Finnskir stjórnmalamenn þáðu háar fjárhæðir frá stórfyrirtækjum og fjárfestingarfélagum í síðustu kosningum. Þingmenn Hægriflokksins þá flesta styrki en ellefu þingmenn flokksins hafa gert bókhald sitt opinber.

Actavis og lyfjafræðideild Háskóla Íslands:

## Styrkur fyrir doktorsnema

Actavis og lyfjafræðideild Háskóla Íslands auglýsa til umsóknar styrk fyrir doktorsnema í þrjú ár á sviði lyfjafræði.

Verkefnið er mjög fjölbreytt og snertir m.a. lyfjagerðarfræði, eðlislyfjafræði og frásög lyfja. Verkefnið hentar lyfjafræðingi, efnafræðingi, lífefnafræðingi eða líffræðingi og þarf nemandi að hafa lokið mastersprófi.

Nánari upplýsingar um verkefnið og styrkinn veitir Hákon Hrafn Sigurðsson, dósent við lyfjafræðideild HÍ ([hhs@hi.is](mailto:hhs@hi.is)). Umsóknarfréstur er til 18. júlí. Ferilskrá og staðfest einkunn úr grunn- og mastersnámi þarf að fylgja umsókninni.

#### Umsókn sendist til:

Actavis Ph.D.-styrkur  
Lyfjafræðideild Háskóla Íslands  
Haga, Hofsvallagötu 53  
107 Reykjavík





# Hver vaktar þitt heimili?



## Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds

- Við setjum upp kerfi heima hjá þér og þú prófar í 2 mánuði, engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörðun og vatnsviðvörðun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, gríptu tækifærið núna.
- Í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

TBWA/REYKJAVIK | SÍA

Pantaðu núna á  
[www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)



Hringdu í **570 2400** og fáðu öryggi í áskrift





Hefur gæðin



# HYUNDAI *i10* Lítill og sætur Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dýra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

**Hyundai i10**  
5 dýra, bensín og beinskiptur.  
**1.740.000**

## LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítill og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettinu í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólk, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. Líttu við hjá okkur í kaffi og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.



Með bílinn handa þér

HYUNDAI [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - [www.bl.is](http://www.bl.is)  
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara





VODAFONE GEFUR REIÐHJÓL 400 reiðhjól eru nú við sundstaði víða um land.

## Reiðhjól við sundlaugar

Fjögur hundruð reiðhjólum var dreift í þrettán sveitarfélögum á landsbyggðinni í gær. Hjólunum var komið fyrir við sundstaði í hverjum bæ. Þau munu nýtast sem fararkostur fyrir bæjarbúa og ferðafólk í sumar og verða aðgengileg til notkunar þegar sundlaugin er opin.

Vodafone á frumkvæðið að verkefninu. Með því er ætlað að hvetja til hollrar og skemmtilegar hreyfingar yfir sumartímann.

Tryggingamiðstöðin útvegur reiðhjólahlalma sem verða afhentir í afgreiðslu sundstaðanna.



BÖRNIN STYRKJÓÐUR Minningarsjóður Hjálmars Björnssonar var stofnaður í þágu barna.

## Málefni barna fá styrk úr sjóði

Úthlutað hefur verið úr minningarsjóði Hjálmars Björnssonar. Í þetta sinn urðu fyrir valinu Umhyggja – Samtök langveikra barna og Regnbogabörn. Hvort félagið um sig fékk úthlutað 300.000 krónum.

Minningarsjóðurinn var stofnaður eftir andlát Hjálmars í júní árið 2002. Tilgangur hans var að styðja við bakið á aðstandendum Hjálmars og til styrktar góðum málefnum tengdum börnum.



HÁSKÓLATORG Fimm stúdentum voru afhent verðlaun fyrir lokaverkefni á Háskólatorgi í gær.

## Afburðaverkefni verðlaunuð

Félagsstofnun stúdenta afhenti í gær fimm stúdentum styrk sem nemur 150.000 krónum fyrir framúrskarandi lokaverkefni við Háskóla Íslands. Verðlaunuðu verkefni voru fjögur; rannsókn á sálrænum langtímaáhrifum snjóflóðsins í Súðavík 1995, rannsókn á sprautnotkun fíkla á Íslandi, rannsókn á sprungum í Öskju og rannsókn á stöðu kvenna í Íran.

Edda Björk Þórðardóttir var verðlaunuð fyrir rannsókn á tíðni áfallastreituröskunar meðal þolenda snjóflóðsins í Súðavík. „Þetta var mikill heiður og gaman að fá viðurkenningu,“ segir hún. Niðurstöður hennar benda til að rúmur þriðjungur þolenda þjáist enn af áfallastreituröskun, en einkenni hennar eru stöðug endurupplifun áfalls og kvíði. Brottlutur íbúar, konur og þeir sem urðu fyrir miklu áfalli voru líklegri en aðrir til að þjást af áfallastreituröskun. Edda segir þó að úrtakið hafi verið of lítið til að niðurstöðurnar séu fyllilega marktækar. Hún er á leið í mastersnám í lýðheilsufræði við HÍ og ætlar að halda rannsóknunum sínum áfram þar.

## VEISLAN MÍN: ÚTSKRIFTARVEISLAN MUN LIFA Í MINNINGUNNI

### Hollustan í fyrirrúmi

Ásgeir Thor Johnson er nítján ára gamall og útskrifaðist með stúdentspróf af náttúrufræðibraut 23. maí síðastliðinn frá Menntaskólanum í Kópavogi. Haldin var veisla sama dag og útskriftarhöfnin fór fram og er hún Ásgeiri eftirminnileg. „Við ákváðum að halda veisluna klukkan fimm þó svo að útskriftin væri á föstudegi og margir enn í vinnu á þessum tíma,“ segir Ásgeir.

Fólk sá sér þó fært að mæta og mikið fjör var þegar gamlir vinir og ættingjar komu saman. „Ég skemmti mér konunglega. Bæði komu félagar mínir úr skóla og gamlir kunningjar sem ég hafði ekki séð lengi. Líflugar umræður sköpuðust og mikið var hlegið.“

Veitingar voru léttar og í hollari kantinum, „það var frábært enda er ég mikið heilsufrik og hugsuð ætíð vel um heilsuna,“ segir Ásgeir.

Seinna um kvöldið fór Ásgeir út að borða með nánustu fjölskyldu. „Mér fannst mjög gaman að geta deilt deginum með vinum og ættingjum, en líka að geta svo farið út með mínum nánustu og haldið upp á daginn. Í raun fékk ég allar útgáfur af veisluhöldum sem ég gat hugsuð mér og þessi dagur situr eftir í minningunni sem bæði góður og skemmtilegur,“ segir Ásgeir.

ÁNÆGDUR STÚDENT Útskriftarveislan var vel heppnuð að mati Ásgeirs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# OPIÐ Í DAG

## frá kl 12:00 - 18:00




**Skeljar**  
**199,000,-**

**Eigum**  
**gríðalegt úrval af**  
**rafmagnspottum!**

**Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík**  
**Heitirpottar.is • sími 554 7755**



# Birgjum okkur upp í Bónus



*SAMA VÖRUVERÐ UM ALLT LAND*

## 25 Bónus verslanir á Íslandi

- **Reykjavík** Kringlunni, Kjörgarði, Holtagörðum, Skútuvogi 13, Faxafeni 14, Spönginni Grafarvogi, Hraunbæ 121, Lóuhólum 2-6, Fiskislóð 2
- **Kópavogur** Smiðjuvegi 2, Smáratorgi, Ögurhvarfi 3
- **Hafnafjörður** Tjarnarvöllum 15, Helluhrauni 18
- **Mosfellsbær** Þverholti 2

- **Garðabær** Kaupúni 1
- **Reykjanesbær** Fitjar
- **Hveragerði** Sunnumörk
- **Selfoss** Austurvegur
- **Egilsstaðir** Miðvangur
- **Akureyri** Langholt
- **Ísafjörður** Ljónið, Skeið
- **Stykkishólmur** Borgarbraut
- **Borganes** Digranesgata
- **Akranes** Smiðjuvöllum



**B**  **NUS** BÝÐUR BETUR

# Ísbjörninn í stofunni

Margir velta því fyrir sér hvað verði gert við birnina tvo sem felldir hafa verið í Skagafirði. Ljósmyndarar Fréttablaðsins tóku hús hjá nokkrum Íslendingum þar sem ísbirnir eru innanstokks og *Jón Sigurður Eyjólfsson* ræddi við nokkra sem eiga slíka grip.

**K**ona mín, Katrín Árnadóttir, hafði í mörg ár gert mér grein fyrir því, fyrst óbeint en síðan þráðbeint, að efst á óskalista mínum hjá henni fyrir jól og afmæli væri ísbjörn,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri. „Fyrir um fimm árum síðan gafst ég upp og lagðist í mikla rannsóknarvinnu um hvort og hvernig ég gæti orðið mér út um einn slíkan. Á þessum tíma bjó maður ekki við þann munað að ísbjörn væri felldur nær vikulega í Skagafirði svo það var við ramman reip að draga,“ segir hann og hlær við. „En ég náði að lokum sambandi við mann á Grænlandi sem tjáði mér það að ísbjörn hefði ráðið inn í hóp inúíta nokkrum vikum áður og hefði verið skotin. Þetta var fullvaxið karldýr og hinn besti gripur svo ég lét til leiðast og keypti björninn fyrir konuna.“

Þetta er hinn besti gripur en fagmenn segja að þetta verði helst að vera af fullvöxnu karldýri sem er í vetrarfeldinum. „Blaðamaður spyr þá hvort ísbirnirnir sem felldir voru í Skagafirði kæmust ekki í þennan gæðaflokk. „Ja, þeir eiga allavega ekkert í minn,“ svarar hann stoltur.

En hvernig verður fólk við þegar það kemur til stofu þeirra hjóna og lítur í gapandi ginið á þessum grænenska gæðagrip? „Mannfólkið hefur tekið þessu afar vel en hins vegar er það svo að ég á marga vini úr lögreglu og það hefur komið fyrir þeir kæmu hér við með fíkniefnahund og þeir verða alveg skelfingu lostnir.“

Páll segist hafa borgað 450 þúsund krónur fyrir gripinn á sínum tíma. Veidimenn fá vissan kvóta sem þeir mega veiða fyrir og þessi er skotin í fullri heimild og segist Páll vera með alla pappíra upp á vasann.

En er hann ekki órólegur yfir því að heyra hvað sé efst á óskalista konunnar um þessar myndir nú þegar björninn er kominn í hús. „Hún hefur verið að tala um sebrahest í þessu samhengi en ég er ekkert á því að gefa mig að þessu sinni,“ segir hann en þó ekki of sannfærandi þar sem hann minnst þess í sömu andrá að eiginkonur eru oftast lunknar við að fá sínu framgennt.



ÍSBJARNARBUXURNAR HANS ÁRNA

## Ísbjarnarbuxur þingmannsins

Árni Johnsen alþingismaður hefur einnig ísbjörn innanstokks. Hann var með veidimönnum á Grænlandi í þriggja vikna veiðiferð í Qaanaaq, nyrst í Thule, þegar dýrið var fellt. „Þetta er stórt dýr sem ég hef á heimili mínu í Eyjum,“ segir Árni. „Ég skaut dýrið ekki sjálfur, hef reyndar aldrei skotið ísbjörn. En það er svo sem engin svakaleg veiðisaga á bak við þetta, nema kannski að það bar til nokkurra tíðinda þegar við vorum úti á ísnum við Ellesmere-eyju sem reyndar tilheyrir Kanada. Ísinn var víða brotinn og við þurfum að hjálpa hundunum míkið með sleðana. Svo allt í einu opnaðist vök sem var á stærð við venjulega íslenska sundlaug. Ég hafði ekki farið í bað í um tvær vikur svo ég brá mér úr öllum fötunum og synti yfir vökina. Það tók í enda var um fjórutíu stiga frost. Einum grænenskum ferðafélaga hafði alltaf verið hálfilla við mig enda taldi hann að ég væri danskur. En eftir þennan sundsprett tók hann í hönd mér enda þess fullviss að svona lagað gæti enginn Dani gert.“

Árni á annan ísbjörn en aðeins hluti hans liggur á gólfinu með



**HJÓNIN Á FELDINUM** Páll Winkel lét undan konu sinni Katrínu Árnadóttir og keypti ísbjarnarfeld. Kostaði það mikinn undirbúning en Páll segir að þá hafi menn ekki búið við þann munað að ísbjörn væri felldur nær vikulega í Skagafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

glenntan munn og galopnar glyrnur. Gerðar hafa verið ísbjarnarbuxur úr því sem eftir var af feldinum og fara þær að sögn Árna býsna vel við kamíkur eða stígvél nokkur sem hann á en þau eru gerð úr selskinni. Þó að íslenski veturinn sé harður í horn að taka hefur þingmaðurinn ekki fengið tækifæri til að kanna notagildi þeirra.

## Eurovision-ísbjörn

Stóri ísbjörninn hans Árna hefur ekki aðeins verið honum og gestum til yndisauka því hann kom við sögu í myndbandi sem unnið var fyrir lag nokkuð sem þjóðþekktur tónlistarmaður söng hér um árið. Hér er þó ekki átt við Ísbjarnarblús Bubba Mort-

hens. „Þessi ísbjörn var notaður í myndbandið sem RÚV gerði við lagið Minn hinsti dans,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, sem fór fyrir hönd Íslendinga og söng umrætt lag í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 1997. „Þetta var bara þannig að ég bað um ísbjörn og hann kom, þökk sé starfsmönnum í leikmunadeildinni. Ég vissi þá reyndar ekkert hvaðan hann kom.“

En af hverju vildi hann ísbjörn í myndbandið? „Við lögðum upp með það þegar við vorum að gera myndbandið að það yrði allt að vera svart og hvítt, þannig að fötin voru svört og hvítt, þannig að þarna voru við svartklædd en síðan voru þarna hvítur sportbill, hvítur sófi og síðan ísbjörninn og þetta kom bara töff út.“

Því næst minnst Páll Óskar örlaga ísbjarnanna í Skagafirði. „Mér þótti það afar sorglegt að þeir skyldu vera felldir en hins vegar má alveg minnst þess að þó að þessi dýr virðist voðaleg krútt eru þau lífshættuleg. En svo blasir öllu skuggalegri sannleikur við þegar maður fer að velta því fyrir sér af hverju þau eru að villast hingað. Það er allt út af hlýnun jarðar sem minnst okkur



**INGUNN WERNER, KÖTTURINN OG BJÖRNINN** Ísbjörn prýðir stofuna hjá athafnakonunni Ingunni Werner.



**BJÖRN Í KRÖPPUM DANSÍ** Kristján Berg tók stundum sporið með birninum á Höfðabakka þegar hann átti fiskbúðina Vör. Þessi mynd er tekin árið 2004 en nú hefur Kristján selt búðina og björninn með. Hann rekur nú fyrirtækið Arctic Spas sem selur heita potta og prýðir ísbjörn vörumerki þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslendinga á að við verðum að fara að hætta þessu álverskrappi. Ég held að eina ástæðan fyrir því að við erum ekki búin að sökkva þessu landi í drullu sé vegna þess að við erum ekki fleiri. Ég keypti á sínum tíma myndina hans Al Gore, Óþægilegur sannleikur, en hún er enn í plastinu vegna þess að ég þori ekki að horfa á hana af ótta við að ég fari bara á eftir upp á loft og hengi mig. En ætli ég verði ekki að taka á honum stóra mínum og sjá myndina og kyngja þessum óþægilega sannleika án þess að fara síðan upp á loft í þessum hræðilegu erindagjörðum.“

## Björk á björn á gólfinu

En aðrir ísbirnir sem stigið hafa sinn síðasta dans skreyta vistarverur tónlistarmanna. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðar-



**ÍSBJÖRNINN Í STOFUNNI** Ísbjörninn virðist ekki eins gestrisinn og húsráðendurnir Margrét María Pálsdóttir, framleiðandi Duggholufólksins, og Ari Kristinnson kvikmyndagerðarmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sambandsins og faðir Bjarkar Guðmundsdóttur, segir að hún hafi einn slíkan á gólfinu hjá sér.

Myndlistarmaðurinn Þorlákur Kristinnson, betur þekktur sem Tólli, er síðan á nokkrum hrakhólum með ísbjörninn sinn. „Ég var með hann heima en börnum mínum og konu var afskaplega illa við það og fannst ónotalegt að hafa skepnuna gapandi þarna inni,“ segir Tólli. „Ekki nóg með það heldur átti hundurinn alltaf í mikilli rimmu við ísbjörninn svo ég flúði með hann á vinnustofuna mína. Ég kann

ósköp vel við að hafa hann enda er ég af gamla skólanum.“

Næst er Tólli spurður hvað hann hafi borgað fyrir ísbjörninn. „Það var Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi í Isortoq á Grænlandi, sem felldi björninn og eitt sinn þegar hann var að falast eftir málverki frá mér urðum við ásáttir um þessi vöruskipti. En ég hef farið til Kanada og talað þar við menn sem þekkja vel til þessara mála og þeir segja mér að menn borgi í það minnsta eina og hálf milljón fyrir svona grip.“



# Matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

Júní 2008

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar  
Sumarlegur dögurður  
– fyrir alla fjölskylduna

Heppilegur veislumatur  
Ilmandi humar á grillið

Bára Jóhannsdóttir  
Létt og litríkt salat

*Lautasjerd*  
Listakonur töfra fram holla  
og ljúffenga rétti

LJÚFFENG BLEIKJA ÁSAMT MEÐLÆTI MIKILVÆGI SÍTRÓNA Í MATARGERÐ  
SALAT AÐ HÆTTI ÁVAXTABÍLSINS BAKAÐ ÚR LÍFRÆNT RÆKTUÐU HRÁEFNI

## LJÚFAR STUNDIR

Hrefna Sigurjónsdóttir skrifar

Veðrið hefur svo sannarlega leikið við Íslendinga síðustu daga og virðist ekkert lát vera þar á.

Ekki veitir af góðu sumri eftir langan vetur og dimma daga. Því er um að gera að njóta þessa tíma til fullnustu. Þar skipa matur og mannfagnaðir stóran sess og tengja margir góðar minningar við góðan mat.

Á sumrin er fólk efst í huga að matreiðslan sé sem ferskust og fari vel í maga. Ljóst kjöt og fiskur er vinsælt á þessum árstíma þó svo safarík steik standi alltaf fyrir sínu. Grillið er óspart notað við ýmis tækifæri enda einföld matreiðsluleið. Ýmiss konar salöt henta vel sem meðlæti eða aðalréttur og gaman er að útbúa litrík og fersk salöt sem eru í senn bragðgóð og falleg skreyting á matarborðið. Ljúffengur is með ferskum ávöxtum setur síðan punktinn yfir i-ð og fullkomnar hvaða máltíð sem er.

Gott veður og hlýrri tíð bjóða upp á fleiri möguleika er kemur að borðhaldi þar sem hægt er að færa veisluhöldin út á svalir, pall eða í garðinn. Einnig er tilvalið að pakka niður góðgæti í körfu og bregða sér í lautarferð. Ekki þarf mikla fyrirhöfn og má einfaldlega smyrja góðar samlokur og setja ávexti í poka. Hins vegar er gaman að nostra aðeins við veitingarnar og skipuleggja lautarferðina þannig að hún heppnist sem best. Osta, ber og bakkelsi er klassískt að taka með og ekki spillir fyrir að útbúa girnilegt salat. Nauðsynlegt er að hafa svaladrykk og hugsanlega eru einhverjir kaffiþyrstir með í för. Til að vel fari um mannskapinn og matvælin er um að gera að hafa með teppi, dúka og púða og góð ílát fyrir það nauðsynlegasta. Síðan þarf að taka með poka fyrir rusl og annað sem til fellur. Ef krakkar eru með í för er tilvalið að hafa bolta, frísbídisk eða annað dót í útileiki en auðvelt er svo sem að finna upp á leikjum án þess að einhverjir aukahlutir séu með í för. Þegar sólin kyssir kinn er því tilvalið að smeygja sér í Nigellu-gírinn og pakka niður gómsætu nesti og stefna út í móa.

Lautarferð er góð samverustund fyrir vini og fjölskyldu og má með henni skapa dýrmætar minningar. Hún sameinar í senn útiveru, matarveislu, leiki og fjör og því hvet ég sem flesta til að skella sér í lautarferð í góða veðrinu. Ekki þarf mikinn undirbúning eða vinnu. Í raun er nóg að skella sér í næsta almenningargarð með djús og gotterí og skottast um í sólinni með gleði í hjarta og sól í sinni. Hugarfarir skiptir mestu máli þó ljúffeng matarveisla fullkomni upplifunina.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

**A** Aðalréttur

**T** Til hátíða-  
brigða

**F** Fiskur

**S** Smáréttir

**H** Hvunn dags

**Á** Ávextir

**matur** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilia Örlýgsdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Klara Kristín Arndal, María Þóra Þorgeirsdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Mikael Marínó Rivera, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sigríður Theódóra Pétursdóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones [spj@frettabladid.is](mailto:spj@frettabladid.is)



MATREIÐSLUBÓKIN

### Skyndifæði sælkera

Nigella með hraði er bók sem aðdáendur bresku eldhúsgyðjunnar Nigellu Lawson ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Þar sýnir hún, af sinni fágætu list, hvernig hægt er að töfra fram heillandi og girnilega rétti á skömmum tíma með lítilli fyrirhöfn.



Sjónvarpsþættirnir Skyndiréttir Nigellu, sem eru sýndir í RÚV um þessar mundir, byggja á bókinni og því getur verið áhugavert að hafa hana við höndina einmitt nú.

Orðið skyndibiti fær nýja merkingu í bókinni því um leið og matreiðslan er einföld eru réttirnir gómsætir og spennandi og ættu að falla í kramið hjá sönnum sælkerum. Bókin er skemmtilega uppsett og nefnast kaflarnir til að mynda í kapphlaupi við klukkuna, Vinningsréttir á virkum dögum, Hvunn dagshetjur og Á hlaupum.

Bókin, sem er gefin út af Veröld, er 280 blaðsíður. Hún fæst í verslunum Eymundsson og kostar 2.990 krónur á tilboði.

Hún fæst í verslunum Eymundsson og kostar 2.990 krónur á tilboði.

Girnilegt og sumarlegt grænmetis- og ávaxtasalat.



Bára reynir ýmislegt til að fá börnin sín til að borða meira grænmeti. FRETTLAÐIÐ/DANIEL

# Dulbrúid GRÆNMETISSALAT

Bára Jóhannsdóttir háskólanemi kann ýmsar aðferðir til að fá börnin sín til að borða meira grænmeti. Ein þeirra er að blanda grænmeti og ávöxtum saman í sumarlegt og gott salat.



**B**ára nýtur þess að hreyfa sig reglulega og er mikill hlaupari. Hún reynir að búa sem oftast til hollan mat, en börnin hennar þrjú, tveir unglingar og einn sjö ára, hafa í gegnum tíðina ekki verið mjög hrifin af grænmeti. Fyrir nokkrum árum síðan greip Bára til þess ráðs að blanda ávöxtum og grænmeti saman í salat til að auka grænmetisneyslu barnanna. „Þetta er mín leið til að bæta grænmeti inn í mataræðið og það hefur gengið ágætlega. Salatið hefur unnið á hjá unglíngunum, en yngsti strákurinn minn er enn í því að plokka ávextina út og borða þá eingöngu,“ segir hún.

Sjálfr er Bára mjög hrifin af því að blanda ávöxtunum saman við grænmetið. „Mér finnst salatið verða miklu betra fyrir vikið; ávextirnir gefa svo gott bragð.“ Að sögn Báru er salatið heil máltíð í sjálfu sér, en hún útbýr það oft og hefur með kjöti.

Bára telur blöndu af kletta- og lambahagasalati, rauðlauk og gúrku ómissandi í salatið og svo bætur hún út í ávöxtunum sem til eru ísskápnnum hverju sinni. Hvað ávextina varðar þá finnst henni gott að nota vínber, mangó, epli og melónur. „Þessir ávextir gera salatið enn þá betra, sérstaklega þar sem ég nota enga sósu út á það.“

- kka

## SUMARLEGT GRÆNMETISSALAT

Lambhagasalat og klettasalat

1/2 blómkálshaus

1/2 spergillkálshaus

1 rauð paprika

1 rauðlaukur

kirsuberjatómatar

agúrka

vínber

1 mangó

fetaostur, eftir smekk

gul epli, magn eftir smekk

vatnsmelóna

Allt skorið niður og sett í skál.



VERSLUN SÆLKERANS

## Brauðhúsið í Grímsbæ

Í Brauðhúsinu í Grímsbæ, sem bræðurnir Guðmundur og Sigfús Guðfinnssynir reka í Efstalandi 26, er eingöngu notað lífrænt hráefni. Brauðin eru aukefnalaus og eggin koma frá nænum sem vappa frjálsar um tún. Bakaríð hefur þessa sérstöðu frá árinu 1999 og er það eina sinnar tegundar á landinu.

„Útgangspunkturinn er að baka úr lífrænt ræktuðu hráefni. Við bökkum mikið af súrdeigsbrauði og notum aðallega speltmjöl. Þá leggjum við áherslu á íslenskt hráefni og notum meðal annars íslenskt bygg,“ segir Guðmundur.

Hann segir lífræna ræktun hafa ýmislegt fram yfir aðrar ræktunaraðferðir. Hún skili sér ekki eingöngu í hollari afurðum heldur hafi hún einnig með umhverfissjónarmið að gera, en minni notkun eiturefna og tilbúinna efna leiðir til umhverfisvænni ræktunar.

Í búðinni er auk brauðs boðið upp á bakkelsi, safa og bökunarvörur svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að kaupa súrdeig til að baka úr heima og liggja uppskriftir frammi í búðinni. Brauðin fást víðar en í Brauðhúsinu en þeir bræður baka meðal annars fyrir Yggdrasil, Mann lifandi, Heilsuhúsið, Melabúðina og Fjarðarkaup.

- ve



# EKKI MISSA AF ÞESSU

Vegna breytinga eru nokkrar sýningarinnréttingar til sölu, ásamt fjölda heimilistækja úr sýningarsal.



**ALNO**® INNRETTINGAR

Vaxtalaust VISA lán allt að 12 mán\*.  
VISA lán allt að 36 mán\*  
\*gildir einnig á nýjar innréttingar og tæki

ELDHÚS • TÆKI • BAD • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík  
s. 553 6400 - f. 553 6403 - [alno@alno.is](mailto:alno@alno.is) - <http://www.alno.is>

**LEYNIVOPNIÐ**



Það yrðu engar kökur til án hrærivélarinnar, segir Dóra Hrönn Gústafsdóttir. FRETTABLAÐIÐ/HEIÐA.15

**Á alltaf heimabakað**

„Það yrðu engar kökur til nema hrærivélin mín væri á staðnum,“ segir Dóra Hrönn Gústafsdóttir um leynivopnið sitt í eldhúsinu, sem er forlata hrærivél. Sú er af gerðinni KitchenAid og hvít að lit. Dóra keypti vélina á sínum fyrstu búskaparárum eftir að hafa fengið aðra að gjöf sem stóðst ekki kröfurnar.

„Ég sá að marengsinn yrði aldrei góður nema ég fengi almennilega hrærivél,“ segir hún og hlær. „Ég bakaði á hverjum einasta degi fyrst þegar ég fór að búa og nú baka ég allt brauð, kökur og smákökur og læt hrærivélina gera allt fyrir mig. Þetta voru mjög góð kaup. Þegar ég veit að von er á gestum þá skelli ég í eina köku og finnst það lítið mál.“

Dóra er dugleg að prófa nýjar uppskriftir og tilbúið kökumix á ekki upp á pallborðið hjá henni. Það eru helst „stubbarnir á heimilinu“ eins og hún nefnir dætur sínar sem fá að spreyta sig á því, en yfirleitt endar afgangurinn í ruslinu. Dóra segir stubbana lítt hrifna af mikilli tilraunamennsku í bakstrinum og vilja bara sína gömlu góðu skúffuköku. Húsbóndinn borði hins vegar allt en hún reyni að eiga alltaf eitt-hvað heimabakað til í frystinum. Smákökusortirnar fyrir jólin hafa farið upp í sextán talsins, en Dóra er hússtjórnarskólalagengin.

„Það eru tuttugu ár síðan ég gekk í Hússtjórnarskólann á Hallormsstað og á enn gömlu matreiðslubókina mína síðan úr skólanum. Þetta var skemmtilegur tími og ég gæti vel hugsað mér að hitta skólasysturnar aftur. Ég bý enn að þessari reynslu en við mágkonurnar steiktum 750 kleinur um daginn úr átta kílóum af degi,“ segir Dóra og fer að hræra í afmælistertu handa tengdamóður sinni í hrærivélinni góðu. - rat



1. Sítrónur eru fallega sumarlegar.
2. Sítrónur eru góðar út í drykki.
3. Ekki er verra að setja sítrónur í salatið til þess gefa því ferskan blæ.
4. Sítrónusneiðar eru oft notaðar með kjötmeti og fiski.



HRÁEFNIÐ: Sítróna

**Margþætt hlutverk**

**S**ítróna er ávöxtur sem er notaður í bæði mat og drykki. Hún er blendingsafbrigði sítrostrés sem er ræktað á hitabeltinu og á heittempruðum svæðum. Tréð getur orðið allt að sex metrar á hæð en er þó yfirleitt mun minna.

Uppruni sítróna er óljós þó að talið sé að hann megi rekja til Kasmír. Sítrónur bárust til Kína fyrir um 4.000 þúsund árum, en Írakar og Egyptar kynntust þeim um 700 eftir Krist. Egyptar gerðu úr þeim safa, sem var vinsæll í heimi Araba og þjóða við Miðjarðarhafið í kringum 1100 eftir Krist.

Kristófer Kólabus kynnti sítrónur fyrir íbúum Ameríku þegar hann sigldi þangað 1492. Spænsku landkönnuðirnir gróðursettu sítrónufræ í Nýja heiminum. Þær voru komnar til Kaliforníu og Flórída á sautjándu og átjándu öld þar sem farið var að nota þær í matargerð.

Sítrónur eru svo súrar að erfitt er að borða þær einar og sér. Þær er þó hægt að nota í margs konar rétti og drykki til að bragðbæta og gera

ferskari. Sítrónusneiðar eru oft bornar fram með ýmiss konar mat, til dæmis kjötmeti og fiski. Þær eru einnig vinsælar í drykki eins og til dæmis sangría eða gin og tónik.

Sítrónur má líka nota þegar losna á við ýmiss konar bletti sem hafa sest í fót eða dúka. Eins er hægt að losna við fituskán innan úr örbylgjuofnum með því að setja sítrónusneiðar í vatnsskál og inn í ofninn þar sem vatnið er látið hitna vel. Svo nægir að strjúka örbylgjuofninn að innan með klút, en þá hverfa óhreinindin hratt og örugglega. - mrr



Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er  
Hnoðar deig  
Byr til heita súpu og ís  
Hraðastillir

Lífstíðareign!



Verð kr. 57.643  
Uppskriftarbók og DVD  
diskur fylgir

S. 440-1800 www.kaelitækni.is

Okkar þekking nýtist þér ...

**UPPGÖTVAÐUR FYRIR TILVILJUN**

Frostpinni er sumarlegur eftirrétur, sérstaklega vinsæll meðal barna, búinn til úr bragðbættum frosnum vökva í ýmsum litum, sem pinni er festur í.

Fyrsti frostpinninn sem sögur fara af var búinn til árið 1905. Frank litli Epperson, ellefu ára gamall strákur frá San Francisco, skildi glasið sitt eftir úti á verönd yfir nótt. Í glasinu var vatn íblandað sóðavatnsdufti eins og vinsælt var á þeim tíma en í því var líka trépinni til að hræra með. Frost var úti og daginn eftir kom Frank að vatninu frosnu. Eftir að hafa látið heitt vatn renna á glasið losnaði klakinn úr og gat Frank þá sleikt pinnann með sóðavatninu. Þessi upppfinning var Frank greinilega hugleikin, en sautján árum síðar sótti hann um einkaleyfi á „frosnum klaka á pinna“ undir nafninu Epsicle. Stuttu síðar endurnefndi hann vöruna Popsicle, sem í dag er eitt þekktasta vörumerki í Bandaríkjunum. Frostpinni er iðulega kallaður popsicle á ensku, sama frá hvaða fyrirtæki hann kemur.

Auðvelt er að búa til frostpinna heima fyrir og fást þar til gerð box víða. Ef fólk vill sleppa við sykurlinnu er sniðugt að hella hreinum ávaxtasafa í boxin og búa til ávaxtasafafrostpinna, sem eru mjög vinsælir og hollir. - mbb



Frostpinnar eru vinsælir á meðal barna og fullorðinna.

NORDICPHOTOS/GETTY



GOTT FOLK

Aufjand er Ögubí Egil Skuggmsson

# NÚ HITNAR Í KOLUNUM

*EGILS GULL - FERSK UPPLIFUN!*

LÉTTÖL

## 6 matur

**HVAÐ ER BETRA EN ÍS** á heitum sumardeg. Þessi einfalda og þægilega ísvél fæst í Kokku á 14.500 krónur.



**SKÁL OG ÁHÖLD** fyrir salatið og dúkur undir, sem setur sumarlegan svip á borðið. Fæst í Duka í Kringlunni. Skál á 4.900 krónur, áhöld á 1.250 krónur og dúkur á 1.750 krónur.



**ÍSNAÐAR FYRIR KRAKKANA.** Fást í Kokku, Laugavegi 47. Tvær í pakka á 1.250 krónur.



**KARAFLA UNDIR ÍSTE OG AÐRA SVALANDI SUMAR-DRYKKI.**

Fæst í Duka í Kringlunni á 3.800 krónur.

## Í ELDHÚSKRÓNUM



### SÓSA OG SALAT SEM HENTA MEÐ HUMRI

#### KÖLD SKYRSÓSA MEÐ MANGÓ

500 g óhrært skyr  
1 hvítlauksgeiri fint rifinn eða pressaður  
1/2 mangó skorið í litla bita  
1/4-1/2 chilli kjarnhreinsað og fint saxað  
2 tsk. hlýnsýróp  
4 lauf mynta, fint söxuð  
salt og pipar  
smá límónusafi

Öllu hrært saman í skál og látið standa í ísskáp í klukkutíma.

#### SALAT

ruccola  
appelsínulauf  
wasabi-baunir  
brauðteningar  
shisó-mix salat til skrauts.



Humar er ekki bara ljúffengur og saðsamur heldur líka girnilegur, ekki síst þegar honum er raðað upp á listrænan hátt.



„Alltaf góður og getur ekki klikkað,“ segir Sæbjörg um humarinn og mælir með honum sem veislukosti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Kaldar sósur eru ómissandi með humrinum. Hér er það skyrósósa með mangó sem er í sinn fitulítill og frískandi.

## LITLA LÍFRÍKIÐ

AeroGarden® er stórsnjöll uppfinning sem gerir þér kleift að rækta kryddjurtir, grænmeti og annan exótískan mat allan ársins hring.

Tækið veitir plöntunum alla þá birtu og yl sem þær þurfa og lætur vita þegar næringar eða vatns er þörf.

AeroGarden er frábær búbot fyrir alla matgæðinga, sér í lagi þá sem eru hrifnir af ferskum kryddjurtum og búa á norðurhvara veraldar.

Allar nánari upplýsingar eru á [www.aerogarden.is](http://www.aerogarden.is)

**AeroGarden**  
Kitchen Garden Appliances

Dreifing: Lifa ehf - sími 511-0909

# Seiðandi og girnilegt GÓÐMETI ÚR SÆNUM

Fátt er sumarlegra en ilmandi humar á grilli í sólríkum garði. Gestirnir renna á lyktina og vita að ómótstæðileg veisla er í vændum.

**H**umar er þægilegur þegar fólk vill gera sér dagamun og hægt er að matreiða hann á margan hátt. Hann er alltaf góður og getur ekki klikkað,“ segir Sæbjörg Rut Guðmundsdóttir, kokkanemi í Humarhúsinu við Amtmannsstíg. Það fer vel á því að stúlka með því nafni sjái um að elda þessa indælu björg úr sænum. Sæbjörg hefur verið á samningi í Humarhúsinu í fjögur ár og kveðst vera búin að matreiða þar mikið af humri.

„Hægt er að matreiða humar á margan hátt. Það eina sem þarf að hafa í huga er að elda hann ekki um of því þá verður hann þurr,“ segir Sæbjörg og bætir við: „Humarinn þarf bara nokkrar mínútur á hitanum og er því heppilegur veislumatur þegar naumur tími gefst til undirbúnings. Það kostar auðvitað sitt en þar er greitt fyrir gæði.“

Sæbjörg klippir upp bakið á humrinum og brýtur hann upp, hreinsar og penslar aðeins með olíu eða smyr grillið svo hann festist ekki þar. Síðan skellir hún



„Bara um það bil eina mínútu á seinni hliðinni,“ segir Sæbjörg og mundar grilltöngina af miklu öryggi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

humrinum á grillið með sárið niður og hefur hann þar í þrjár til fjórar mínútur, snýr honum þá við og hefur hann þannig í eina mínútu. Eftir grillun segir Sæbjörg gott að smyrja humarinn aðeins með hvítlaukssmjöri,

(brætt smjör með hvítlauk út í). „Það er alltaf stemning fyrir hvítlauk með humri og köld sósa er góð með,“ segir hún og skellir fram léttri skyrósósu með mangó. Einnig ber hún fram lystaukandi salat.

- gun

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**  
...ég sá það á visir.is



# Heillaðu gestina og bjóddu þeim upp á frískandi Amé úr fallegu glasi.



Amé nafnið er komin úr Japönsku og þýðir „blítt regn“

# Sælkeraveisla

LÉTTIR RÉTTIR



Það var handagangur í öskjunni. Valdís ber nálsmen eftir Huldu Ágústsdóttur en Kristín er með peysu eftir Sigríði Ástu. Kökudiskana í forgrunni hannaði Ólög Erla Bjarnadóttir og spiladósín er eftir Margréti Guðnadóttur.

Jarðarber standa alltaf fyrir sínu, sæt og safarík. Úlfhildur gæðir sér á einu þeirra prýdd hálsfesti eftir móður sína Sigríði Ástu.



## Lautarferð í Laugardalinn

Yndislegt er að skella sér í lautarferð með góðgæti í körfu og fjörugan félagskap sér við hlið. Sú var sannarlega raunin þegar nokkrar vinkonur úr Kirsuberjatrénu hittust í Grasagarðinum í Laugardal.

**Sumar og sól**

Glatt var á hjalla þegar vinkonurnar og hönnuðirnir Sigríður Ásta Árnadóttir, Valdís Harrysdóttir, Kristín Gardarsdóttir og Sonja Bent fóru í lautarferð í Grasagarðinn. Með í för voru gríslingarnir hennar Sigríðar Ástu og ömmustelpa Kristínar ásamt tveimur harmóníkum sem notaðar voru til að halda uppi stuði. Listakonurnar töfrðu fram gómsætar kræsingar sem útbúnar voru með hollustu í huga og smekklega framreiddar á diskum og ílátum sem þær hönnuðu og fást í Kirsuberjatrénu. Einnig brá fyrir fatnaði, skartgripum, spiladósnum og öðrum skrautmunum sem þær fást. Þó hönnuðirnir væru ekki allir á svæðinu voru nokkrir fulltrúar í formi listmuna til að minna á þá sem voru fjarri góðu gamni. Uppskriftir að góðgætinu má finna hér en hönnun og listmuni má berja augum í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4, en listakonur þar sérhæfa sig í handunnum íslenskum gjafavörum.



Sigríður Ásta útbjó þessa krúttlegu ullarsokka með dúskum og blómum úr þæfðri ull. Þeir eru fullkomnir til að hlýja litlum tásnum úti í móa eða inni í bústað og eru í raun finustu inniskór.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

*Kynnið ykkur nýjar samþykktir í launamálum leikskóla í Kópavogi.*

**Baugur: 570 4350**

- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi v/sérkennslu

**Dalur: 554 5740**

- Leikskólak.proskajálfi/leiðbein. 1. ág.
- Sérkennslustjóri 1. ág.
- Starfsmaður í skilastöðu 1. sept.

**Efstihjalli: 554 6150**

- Leikskólakennarar frá 1. ágúst

**Fífusalir: 570 4200**

- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar
- Sérkennslustjóri 75%, afleysing

**Grænátún: 554 6580**

- Sérkennslustjóri 50% frá 1. ágúst
- Leikskólak/proskapj. 100% frá 1 ágúst

**Hvarf: 570 4900**

- Deildarstjórar frá 11. ágúst
- Leikskólakennarar frá 11. ágúst
- Sérkennsla, sem fyrst

**Kópahvoll: 554 0120**

- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólak/proskapj. í stuðning 50% f.hád.

**Kópasteinn: 564 1565**

- Leikskólak/leiðb. næsta haust
- Leikskólak/leiðb.tímab.afleysing næsta haust

**Marbakkí: 564 1112**

- Leikskólakennari frá 1. ágúst

**Núpur: 554 7020**

- Deildarstjóri 2-3 ára barna
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

**Rjúpnahæð: 570 4240**

- Deildarstjóri
- Leikskólak. á deild/sérkennsla/íþróttir

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**

- Leikskólakennarar

**Nánari upplýsingar á:**  
**www.kopavogur.is**  
**og www.job.is**

## Fjármálastjóri

### Óskum eftir að ráða fjármálastjóra hjá íslensku félagi með umfangsmikla starfsemi erlendis

Fjármálastjóri annast daglega fjármálastjórnun, áætlanagerð, uppgjörsmál auk þess að hafa umsjón með lánasamningum og endurfjármögnunarverkefnum svo eitthvað sé nefnt. Hann kemur að arðsemisútreikningum og utanumhaldi verkferla vegna reksturs hérlendis, sem og erlendis auk annarra fjölbreytilegra verkefna. Starfinu fylgir mikil erlend samskipti, sem og ferðalög.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegum störfum, háskólamenntun á sviði viðskipta- og reksturs er skilyrði, en starfsreynsla af endurskoðunarskrifstofu er áhugaverð. Góð enskukunnátta í tali og riti er nauðsynleg. Áhersla er lögð á fagleg og skipuleg vinnubrögð, hæfni í samningagerð og mannlegum samskiptum og metnað til árangurs í starfi.

Í boði er áhugavert starf hjá öflugum og metnaðarfullu félagi með umfangsmikla starfsemi á alþjóðavettvangi. Um er að ræða afar eftirsóknarvert tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling.

**Umsóknarfrestur** er til og með 4. júlí nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir**, gudny@stra.is, veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum.

www.stra.is



Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár



Með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu vinnur Endurmenntun að því að auka hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Með það að markmiði er unnið náið með deildum Háskóla Íslands og öðrum samstarfsaðilum. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

## UMSJÓNARAÐILI MEÐ VEITINGUM OG HÚSNÆÐI

Endurmenntun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða drifandi og dugmikinn einstakling í starf umsjónaraðila með veitingum og húsnæði hjá fyrirtækinu.

**Umsjónaraðili ber ábyrgð á:**

- Umsjón með veitingum á námskeiðum Endurmenntunar
- Umsjón með léttum daglegum ræstingum
- Samskiptum við ræstingaraðila
- Öðrum tilfallandi verkefnum

**Hæfniskröfur:**

- Viðtæk reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Ábyrgðarkennd og geta til ákvarðanatöku

Leitað er að starfsmanni sem á gott með að vinna með öðrum, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Um 100% starf er að ræða. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Umhverfissráðuneytið

# Forstjóri Veðurstofu Íslands

1. janúar 2009 munu ný lög um Veðurstofu Íslands öðlast gildi og tekur stofnunin til starfa á sama tíma. Veðurstofa Íslands tekur við verkefnum af forvera sínum og Vatnamælingum Orkustofnunar og sem ný stofnun snúa viðfangsefni hennar að eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, snjó og jöklum, jörð og hafi.

Með nýrri stofnun um verkefni Veðurstofu og Vatnamælinga er ekki aðeins stefnt að samrekstri núverandi kerfa, heldur er einnig stefnt að því að móta hlutverk stofnunarinnar með nýjum og heildstæðum hætti, þannig að tryggt sé að starfssvið og verkefni verði samþætt með það að markmiði að efla starfsemi.

Helstu hlutverk stofnunarinnar er að: afla, varðveita, vinna úr upplýsingum og stunda rannsóknir og að miðla upplýsingum til og þjónusta notendur um þá eðlisþætti jarðar sem varða íslenska hagsmunir og samfélagslegt öryggi gagnvart náttúruvá.

Hjá nýrri stofnun Veðurstofu Íslands mun starfa öflugur hópur fagmanna og vísindamanna og má gera ráð fyrir að starfsmannafjöldi verði um 120.

## Umhverfissráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Veðurstofu Íslands

### Helstu verkefni

- Stjórnun og stefnumótun
- Ábyrgð á rekstri
- Áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði sem nýtist í starfi stofnunarinnar
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogaþæfileikar og hæfni til að hvetja til árangurs
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi og kraftur til að hrinda verkefnum í framkvæmd
- Skipuleg og sjálfstæð vinnubrögð

Veðurstofa Íslands hefur störf hinn 1. janúar 2009 og er gert ráð fyrir að forstjóri hefji störf hinn 1. ágúst 2008 til að undirbúa starfsemi hinar nýju stofnunar. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun Kjararáðs. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

### Ef þú vilt...

spyrjast nánar fyrir um þetta starf er þér velkomið að hafa samband við Þórð S. Óskarsson hjá intellecta í síma 511 1225. Umsækjendum er jafnframt bent á að kynna sér auglýsinguna sem einnig er birt á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

### Umsókn...

sendist til intellecta á neðangreint heimilisfang eða á [thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is) til og með 11. júlí 2008. Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförunum árum og sem hann telur að koma muni að gagni í þessu starfi.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirsurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

intellecta

Síðumúla 5 | 108 Reykjavík  
sími 511 1225 | fax 511 1226  
[intellecta@intellecta.is](mailto:intellecta@intellecta.is)  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)



## Viltu vinna hjá góðu fyrirtæki?

Húsasmiðjan leitar að þjónustulunduðu og hæfileikaríku starfsfólki í þann góða hóp sem fyrir er

### Ögurhvarf

#### Framtíðarstarfsmaður í verslun

- **Ábyrgðarsvið**  
Ráðgjöf og sala í verslun
- **Hæfniskröfur**  
Þjónustulund, áhugi og metnaður  
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- **Í boði er**  
Gott og öruggt vinnuhverfi  
Skemmtilegur vinnustaður með samhentum hópi starfsmanna
- **Vinnutími**  
8:00 - 17:15 önnur hver vika  
10:00 - 19:15 önnur hver vika  
Helgarvinna - eftir samkomulagi

### Grafarholt

#### Helgarstarfsmenn í verslun og á kassa

- **Ábyrgðarsvið**  
Ráðgjöf og sala í verslun  
Afgreiðsla á kassa
  - **Hæfniskröfur**  
Þjónustulund, áhugi og metnaður  
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
  - **Í boði er**  
Gott og öruggt vinnuhverfi  
Skemmtilegur vinnustaður með samhentum hópi starfsmanna  
Hlutastarf / helgarvinna - eftir samkomulagi
- Þarf að geta hafið störf fljótlega.**

Umsóknarfrestur  
til 27. júní 2008

Tengiliður Ögurhvarfi:  
Björgvin T. Guðmundsson  
[bgt@husa.is](mailto:bgt@husa.is) S.660-3069

Tengiliður Grafarholti:  
Trausti Gunnarsson  
[traustig@husa.is](mailto:traustig@husa.is) S. 660-3055

#### Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

**Heilsuefning:** Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

**Viðskiptakjör:** Við bjóðum starfsmönnum góð kjör

**Húsasmiðjuskólinn:** Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

**Starfsmannafélag:** Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttavíburði og útleigu sumarhúsa.

#### Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir. Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi





Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Seltjarnarnesbær leitar að einstaklingi til að stýra veitum bæjarins, þ.e. hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Viðkomandi þarf að hafa viðtæka stjórnunarreynslu og þekkingu á sambærilegu starfi.

### Starfssvið

- Stefnumótun og áætlanagerð
- Stjórnun fyrirtækisins í samræmi við stefnu og markmið
- Ábyrgð á öllum daglegum rekstri
- Samningagerð og samskipti við birgja
- Starfsmannamál

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði verk- og/eða tæknifræði
- Þekking og reynsla af starfsemi veitna
- Reynsla af stjórnun, starfsmannahaldi og áætlanagerð
- Þekking á stefnumótunarvinnu og stjórnsýslu kostur
- Frumkvæði, metnaður og framsýni í starfi
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GK REYKJAVÍK

## FJÁRMÁLASTJÓRI 60-80% STARFSLUTFALL

GK Reykjavík er tískuvörverslun með þekkt merki í herra- og dömufatnaði. Verslunin er staðsett á Laugavegi 66 og stendur til að opna aðra verslun í Smáralind. Meðal helstu merkja má nefna Burberry, Sportmax, Filippa K, Calvin Klein og Patrizia Pepe.

GK Reykjavík óskar eftir að ráða sjálfstæðan og samviskusaman einstakling í starf fjármálastjóra. Um er að ræða 60-80% starfshlutfall.

### Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð á bókhaldi fyrirtækisins
- Færslur, afstemmingar og undirbúningur bókhalds til endurskoðanda
- Umsjón og ábyrgð á launaútreikningum
- Birgðahald og samskipti við birgja
- Greiðsla reikninga
- Upplýsingavinnsla úr bókhaldi og almenn skýrslugerð

### Hæfniskröfur

- Haldgöð þekking og reynsla af bókhaldi og uppgjörsvinnu
- Góð enskukunnátta
- Færni í Excel, Navision kunnátta kostur
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Árnadóttir (hildur.arnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**MOMENTUM**  
græðslu- og innheimtuþjónusta

Momentum greiðslu- og innheimtuþjónusta veitir alhliða innheimtuþjónustu allt frá útgáfu greiðsluseðils til löginneimtu.

Markmið Momentum er bættur innheimtuárangur án kostnaðar fyrir kröfuhafa. Starfsfólk okkar kemur fram við greiðendur af virðingu og stefnir þannig á að viðhalda viðskiptasambandi kröfuhafa og greiðanda.

Momentum tók til starfa árið 2000 og hjá fyrirtækinu starfa um 15 manns.

## ÖFLUGIR ÞJÓNUSTUFULLTRÚAR

Vegna aukinna verkefna óskar Momentum eftir að ráða metnaðarfulla og drífandi þjónustufulltrúa til starfa. Leitað er að einstaklingum með ríka þjónustulund, lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf.

### Þjónustufulltrúi í úthringiver

#### Starfssvið

- Þjónusta við viðskiptavinum fyrirtækisins
- Almenn vinnsla innheimtumála
- Afgreiðslu- og upplýsingagjöf til greiðenda
- Símsvörur og hringingar í greiðendur
- Úrlausn og svörur fyrirspurna viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af innheimtu eða þjónustustörfum er æskilegt
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði
- Nákvæmni í vinnubrögðum

### Þjónustufulltrúi í þjónustuver

#### Starfssvið

- Þjónusta við viðskiptavinum fyrirtækisins
- Almenn vinnsla innheimtumála
- Símsvörur og almenn upplýsingagjöf
- Móttaka og afgreiðsla á tölvupósti
- Úrlausn og svörur fyrirspurna viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af innheimtu eða þjónustustörfum er æskilegt
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði
- Nákvæmni í vinnubrögðum

### Viðskiptamannabókhald

#### Starfssvið

- Bókun á innborgunum frá viðskiptavinum fyrirtækisins
- Reikningagerð
- Rafrænar afstemmingar kröfureikninga
- Símsvörur
- Önnur tilfallandi störf

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Grunnþekking á bókhaldi nauðsynleg
- Reynsla af innheimtu eða þjónustustörfum er æskilegt
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Hey félagi!

## Hlakkar þú til að mæta í vinnuna?

Við hjá hársnyrtistofunni **Jói og félagar** leitum að hressum samstarfsmönnum. Við gerum þær kröfur að viðkomandi sé **morgunhress, jákvæður og stutt í húmorinn**, því starfsfólk og viðskiptavinir eiga að hlakka til að koma til okkar. Þess vegna viljum við vanda valið og **eingöngu lífsglatt fagfólk** hvatt til að sækja um.

**Jói og félagar** er leiðandi hársnyrtistofa sem fagnaði 20 ára starfsafmæli á dögunum. Þrátt fyrir árin tuttugu erum við **ung í anda og alltaf fjör** á stofunni okkar. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að fá fleira fagfólk í okkar góða hóp — meistara, sveina og nema.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Fagmennska
- Áhugi á nýjustu straumum og stefnum
- Góð samskiptahæfni
- Lífsgleði og jákvæðni

JÓI & FÉLAGAR

Skólavörðustígur 8 · 101 Reykjavík · Sími 552 3425

**TALENT**  
RÁÐNINGAR

Umsjón með starfsmönnum hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, [lind@talent.is](http://lind@talent.is)

Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, [www.talent.is](http://www.talent.is)

Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is) | Sími 552-1600

**BLIKKSMÍÐJAN**  
*Ættir hf.*

**Starfsmenn óskast**  
í alhliða blikk- og járnsmíðavinnu  
og einnig í galvanhúðun.

Upplýsingar veitir Haraldur í s. 895 0072

**Orka**



## Lager!

Óskum eftir starfsmanni á lager. Tölvukunnátta er nauðsynleg sem og góð þjónustulund

Aðeins eldri en 20 ára koma til greina

Orka ehf er staðsett í nýju húsnæði að Stórhöfða 37 og er starfsemi fyrirtækisins tengd þjónustu við bíleigendur svo sem bílrúðuskiptum, bílrúðusölu og sölu bílalakks ofl.

Upplýsingar veitir Jóhann í síma. 5861900 milli kl 8.00-18.00 eða í [johannhe@simnet.is](mailto:johannhe@simnet.is), [www.bilrudur.is](http://www.bilrudur.is)



# Áhugaverð störf

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta



Héðinn hf. er málmtæknifyrirtæki sem veitir sérhæfða þjónustu í málmiðnaði og annast viðgerðir á vélbúnaði fiskiskipa. Öflug tæknideild, fullkominn vélabúnaður og metnaður til að gera vel skipa Héðni í fremstu röð á sínu sviði.

Hjá Héðni starfa 90 manns og mótuneyti er á staðnum. Töluvert af þjónustu Héðins er veitt á starfsstöðvum viðskiptavina víða um land.

Seinni hluta þessa árs flytur Héðinn úr Garðabænum í nýtt og glæsilegt 6.000 fermetra húsnæði í Hellnahrauni í Hafnarfirði. Nýja Héðinshúsið er sérsníðið utan um starfsemi fyrirtækisins og býður upp á bestu vinnuastöðu sem þekkt í málmiðnaði.

## Héðinn hf. leitar að hæfileikafólki í störf á sviði véltækni og málmtækni

### ► Vélvirkjar/Vélstjórar

Krefjandi verkefni í vélbúnaði, viðhalds- verkefnum og nýsmíði. Fjölbreyttar vinnu- aðstæður. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þorvaldsson í síma 569-2122 og á netfanginu [olafur@hedinn.is](mailto:olafur@hedinn.is)

Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins á netfangið [atvinna@hedinn.is](mailto:atvinna@hedinn.is) eða fyllið út umsókn á vefsíðu fyrirtækisins [www.hedinn.is](http://www.hedinn.is)

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

### ► Rennismiðir

Fjölbreytt verkefni við nýsmíði og viðgerðir. Nánari upplýsingar veitir Sindri Sigurgeirsson í síma 569-2131 og á netfanginu [sindri@hedinn.is](mailto:sindri@hedinn.is)

*A góðum jámum*



**HÉÐINN**

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • [www.hedinn.is](http://www.hedinn.is)

## VEGNA AUKINNA UMSVIFA OG VAXANDI FJÖLDA VIÐSKIPTAVINA Í ÞJÓNUSTU, ÓSKUM VIÐ EFTIR AÐ RÁÐA TÆKNIMANN

**Starfið** felst í þjónustu við þann búnað sem Ísmar selur. Búnaðurinn byggir m.a. á GPS, laser eða alstöðvatækni. Viðkomandi starfsmaður hefur samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins varðandi þjónustu og leiðbeiningar um notkun tækjanna. Ennfremur hefur starfsmaður samskipti við erlenda tæknimenn þeirra byrgja sem fyrirtækið hefur umboð fyrir.

**Boðið** er upp á starf á fullkomnasta rafeindaverkstæði á sínu sviði hérlendis, við hlið hæfustu manna með áratuga reynslu í þjónustu á ofangreindum búnaði. Gott vinnuumhverfi og nýjasti tækjabúnaður er til staðar. Námskeið í þjónustu á búnaðinum eru haldin bæði hérlendis og erlendis.

**Leitað** er að rafeindavirkja eða aðila með hliðstæða menntun. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, hafa ríka þjónustulund, vera fljótur að tileinka sér nýjungar og geta unnið undir miklu álagi á álagstímum. Gott vald á ensku og tölvukunnátta er skilyrði. Reynsla af vinnu við vinnuvélar er kostur en ekki skilyrði. Leitað er að einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst.

Við mælum með því besta

Ísmar, sem var stofnað 1982, er sérhæft fyrirtæki á sviði hvers konar mælingatækni s.s. GPS, alstöðvum eða lasertækni. Fyrirtækið býður heildarlausnir hátæknibúnaðar fyrir verkataka, verkfræðistofur, jarðvísindamenn og ýmis ríkisfyrirtæki á sviði mælitækni og vélstýringa auk umferðaröryggisbúnaðar fyrir löggæslu, sveitarfélög, verkataka o.fl.

Ísmar er umboðsaðili fyrir framleiðendur sem eru leiðandi á sínu sviði í heiminum.




Ísmar :: Siðumúla 28 :: 108 Reykjavík  
Sími 510 5100 :: ismar@ismar.is

Vinnutími er milli kl. 08-17 á reyklusum vinnustað.

Upplýsingar um starfið veitir Jón Tryggvi í síma 5105100.

Umsóknir sendist á tölvupósti á póstfangið [jon@ismar.is](mailto:jon@ismar.is) ásamt upplýsingum um umsækjanda fyrir 26. júní 2008.



→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

## Sendill / Bílstjóri



Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða sendil/bílstjóra í flugfraktina á Reykjavíkflugvelli. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf.

### Starfið:

- » Akstur með sendingar til og frá viðskiptavinum.
- » Sendiferðir fyrir félagið.
- » Almenn þjónusta við viðskiptavini.
- » Störf í vöruskemmu auk annarra tilfallandi verkefna sem undir deildina heyrja.

### Hæfniskröfur:

- » Rík þjónustulund og skipulagshæfni.
- » Jákvætt hugarfar, árvekni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- » Góð íslenskukunnátta.
- » Bílpróf skilyrði, réttindi á minni vinnuvélar æskilegt (lyftarapróf).

Vinnutími: Virkir dagar frá kl. 09.00 til 18.00.

### Umsóknarfrestur:

Skriflegar umsóknir, merktar ofangreindu starfi, berist eigi síðar en 27. júní 2008. Einungis er tekið við rafrænum umsóknum í gegnum heimasíðu félagsins, [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.

Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og líprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa jákvætt viðhorf.

Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 280 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## Kíktu á Vinna.is

Hjá Vinna.is eru fjölmörg störf í boði t.d. skrifstofustörf, framlínustörf, lager, útkeyrsla ofl. Skráðu þig á [www.vinna.is](http://www.vinna.is) og á póstlistann til að fá upplýsingar um ný störf á netfangið þitt.



[vinna.is](http://vinna.is)  
sími: 511 1144



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri í Sæborg

### Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Sæborg, Starhaga 11.

Sæborg er fjögurra deilda leikskóli í Vesturbænum. Í Sæborg er unnið út frá hugmyndum og áhuga barnanna, í anda Reggio Emilia. Hin 100 mál barnanna eru höfð að leiðarljósi, þar sem þau eru virkjuð í myndlist, tónlist, hreyfingu og dans. Leikskólinn stendur í fallegu umhverfi við sjóinn, sem gefur mikinn innblástur í starfið. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á [www.sæborg.is](http://www.sæborg.is).

Helstu verkefni aðstoðarleikskólastjóra eru að vinna að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins í samvinnu við leikskólastjóra.

### Menntunar- og færnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Framhaldsmenntun og reynsla af stjórnun æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptahæfni, skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Upplýsingar veita Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri í síma 562 3664/693 9851 og Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi á Leikskólasviði í síma 411 7000.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). **Umsóknarfrestur er til 7. júlí.**

Laun eru skv. kjarasamningi LN við KÍ vegna FL.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Shuttle service

### Bílstjórar óskast

Vegna aukinna verkefna vantar okkur bílstjóra með rútuþróf. Enskukunnátta, snyrtimennska og þjónustulund skilyrði.

Shuttleservice • s. 578 7070 • [shuttle@shuttleservice.is](mailto:shuttle@shuttleservice.is)

Kelló óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu.

Starfshlutfall 80-100% og vinnutími eftir samkomulagi.

## Hefur þú yndi af fallegum fötum?

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Áhugi á tisku og fatnaði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og heiðarleiki

Umsóknir berist á netfangið [hallaragnars@gmail.com](mailto:hallaragnars@gmail.com)



Kringlunni • sími 568 4900  
[www.kello.is](http://www.kello.is)



## Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar störf í boði á lyflækningasviði II

Við á krabbameinlækningadeild 11E og blóðlækningadeild 11G, sem eru 14 rúma legudeildir á Hringbraut, leitum að áhugasömum hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Starfshlutfall er samkomulag, vaktavinna.

Á deildunum starfar öflugt og áhugasamt starfsfólk sem er sérhæft í meðferð og hjúkrun sjúklinga með krabbamein og illkynja blóðsjúkdóma. Hjúkrunin er einstaklingshæfð og áhersla er lögð á fjölskylduhjúkrun og teymisvinnu. Starfið er fjölbreytt og gefandi. Í boði er fræðsla og góð starfsaðlögun með reynslu hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.

Lögð er áhersla á markvissa starfsþróun og gagnreynda starfshætti, sem leiddir eru af fagræði hjúkrunar á sviðinu. Gildi hjúkrunar á lyflækningasviði II eru: heilindi, þróun og fagmennska.

Umsóknir berist rafrænt fyrir 14. júlí 2008 til Kristínar A. Sophusdóttur, sviðsstjóra hjúkrunar, netfang [kristisop@landspitali.is](mailto:kristisop@landspitali.is) og veitir hún upplýsingar í síma 543 6472/824 5251.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogis og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklus vinnustaður.

EC SOFTWARE

## Sérfræðingur í internetlausnum

EC Software leitir að hæfileikaríkum hugbúnaðarráðgjafa/verkefnastjóra sem þrífst í krefjandi umhverfi og vill starfa að alþjóðlegum verkefnum.

Starfið felur í sér verkefnastjórnun, ráðgjöf og þjónustu við íslenska og erlenda viðskiptavinum, ásamt þátttöku í þróun og markaðssetningu hugbúnaðarlausna.

Viðkomandi þarf að hafa haldbæra þekkingu á vefhugbúnaðargerð, gagnagrunnstengingum og almennum viðskiptahugbúnaði, ásamt mjög góðri reynslu af vefmálum, vefsíðugerð og/eða vefverslunum. Sóst er eftir umsækjendum með menntun sem nýtist í starfi, og brennandi áhuga á markaðsetningu á internetinu.

Góð enskukunnátta, vilji til verka og lipurð í samskiptum er skilyrði.

Ef þú sækist eftir skemmtilegum og metnaðarfullum verkefnum til að takast á við, góðum starfsanda hjá fyrirtæki á uppleið, og fjölskylduvænu vinnuumhverfi, hafðu þá samband.

Nánari upplýsingar um starfið veitir  
Guðrún Finnsdóttir  
[gudrun@ec.is](mailto:gudrun@ec.is) og  
í síma 595-5970

Fullum trúnaði er heitið og öllum skriflegum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2008.

EC Software þróar verslunarlausnir fyrir netið og styður viðskiptavinum sína til þess að ná árangri í viðskiptum á netinu, með ráðgjöf og þróun tæknilegra lausna. Hjá EC Software starfa á annað hundrad sérfræðinga á Íslandi, Svíþjóð og Indlandi. Fyrirtæki og stofnanir á Íslandi og beggja vegna Atlantshafsins eru viðskiptavinir EC Software.

## Látið drauminn rætast í Stavanger

### Við óskum eftir:

- Góðum og sjálfstæðum smiðum með reynslu
- Mönnum sem hafa áhuga á að bæta við sig þekkingu og nýrri reynslu
- Framtíðarstarfsmönnum sem vilja takast á við nýja hluti

### Við bjóðum upp á:

- Örugga vinnu
- Gott og krefjandi vinnuumhverfi
- Möguleika á endurmenntun
- Vinnubíl og góð laun

Nánari upplýsingar á [www.faktabygg.no](http://www.faktabygg.no)  
Eitt af yfirstandandi verkefnum Fakta Bygg:  
[www.midgardrennesoy.no](http://www.midgardrennesoy.no)

Umsóknum skal skila á tölvupósti á: [kristjan@faktabygg.no](mailto:kristjan@faktabygg.no)  
Umsóknarfrestur er til 30. júní 2008



Fakta Bygg as er traustur byggingaverktaki rekinn af Íslendingum í Stavanger í Noregi. Fakta Bygg var stofnað 1997 og er í dag með 40 starfsmenn. Fakta Bygg hefur á 5 af 6 síðustu árum verið útnefnt Gossellu fyrirtæki í Noregi en það er sérstök útnefning fyrirtækja í miklum og öruggum vexti. Fagmennska og gleði er aðalmerki fyrirtækisins í samskiptum við viðskiptavinum sem og starfsmenn. Fakta Bygg hefur sett sér það markmið að verða þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði innan fárra ára.



## Mótagengi/ Smiðir vanir gifsklæðningum

Spöng ehf óskar eftir smiðum eða samstarfsaðilum, annars vegar í uppsteypuverkefni og hins vegar í gifsklæðningum og frágang innandyrna.

Krafist er mikillar reynsla og fagmennsku.

Næg verkefni framundan.

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á [bjb@spog.is](mailto:bjb@spog.is)  
Upplýsingar gefur Jón Bjarni í síma 8983847

## VANTAR ÞIG

SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN,  
MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.  
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

## Bifvélavirki

Bifvélavirki óskast til starfa hjá traustu fyrirtæki í  
Þorlákshöfn. Um framtíðarstarf er að ræða. Járnlínn ehf.  
Upplýsingar í síma: 894-1126.



## KÓPAVOGSBÆR



### Kvöldskóli Kópavogs auglýsir eftir starfsmanni

Um er að ræða 60% starf við Kvöldskóla  
Kópavogs en þar er boðið upp á fræðandi og  
skapandi námskeið við allra hæfi

#### Hæfniskröfur

- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta í Word og Excel
- Góð íslenskukunnátta og gott vald á ensku
- Áhersla er lögð á þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfsmaður vinnur við þau skrifstofustörf sem til falla.

Unnið er við fjölbreytt verkefni sem tilheyra starfsemi skólans.

Æskilegt er að starfsmaðurinn hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun.

Nánari upplýsingar um starfið gefur forstöðumaður Kristín Jónsdóttir í síma 863 8545, netfang [kristinj@kopavogur.is](mailto:kristinj@kopavogur.is).

Umsóknareyðublöð liggja frammi á Bæjarskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2 (Þjónustuveri á 1. hæð)

Umsóknum skal skila til tólmstunda- og menningar sviðs Kópavogsbæjar eða með tölvupósti til forstöðumanns. Einnig er hægt að sækja um á [job.is](http://job.is).

Umsóknarfrestur er til 15. júlí.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)



## ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Sérfræðingur í fiskimálum hjá Alþjóðabankanum

Hjá Alþjóðabankanum er laus til umsóknar staða sérfræðings í fiskimálum. Helstu verkefni viðkomandi munu vera að auka hæfni og skilning starfsmanna Alþjóðabankans á sjálfbærri stjórnun fiskveiða, með sérstöku tilliti til áhrifa loftlagsbreytinga á fiskimál og málefni hafins. Staðan er til þriggja ára og mun viðkomandi hafa aðsetur í Washington D. C. Gerð er krafa um starfsreynslu í stjórnun og reynslu af umsjón með framkvæmd stefnu á sviði fiskimála eða verkefna á sviði stranda eða sjávar. Starfsreynsla í þróunarríki er kostur.

Ítarlegar upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á vefsíðu utanríkisráðuneytisins <http://www.utanrikisraduneytid.is/upplýsingar/laus-storf/> Fyrirspurnum er svarað á skrifstofu þróunarsamvinnu. Staðan er kostuð af utanríkisráðuneytinu, sem annast móttöku umsókna og aðstoðar við ráðningarferli, en lýtur að öðru leyti reglum Alþjóðabankans.

Umsóknir og ferilskrá á ensku berist utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík, fyrir 11. júlí nk.

## Byggingarvinna

Vegna aukinna umsvifa óskar Ris ehf. eftir:

**Tæknimönnum  
Verkefnastjórum  
Verkstjórum  
Smiðum  
Byggingarverkamönnum**

Við leitum að hæfileikaríkum, duglegum og samvissusömum einstaklingum sem hafa áhuga á að taka þátt í spennandi verkefnum. Eingöngu vanir menn koma til greina.

Í boði er:

- Mikil vinna hjá traustu og vaxandi fyrirtæki.
- Góð starfsaðstaða.
- Góð laun fyrir rétta aðila.

Nánari upplýsingar í síma 414 7100  
kl. 8.30 - 16.30 alla virka daga.



FJÁRFESTINGARBANKI

## Þjónustufulltrúi / Miðvinnsla

#### Starfssvið

- Frágangur og eftirfylgni viðskipta
- Samskipti við viðskiptavinum
- Sala á verðbréfasjóðum
- Frágangur og vistun á skjölum og skýrslum
- Tengiliður milli markaðsviðskipta og eignastýringar við bakvinnslu
- Ýmis tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og metnaður
- Góð samskiptahæfni og söludrifni
- Skipulagshæfni
- Góð almenn tölvuþekking
- Mjög góð enskukunnátta
- Reynsla af bankastörfum er kostur, ekki skilyrði

Umsóknir sendist fyrir 4. júlí á [job@mp.is](mailto:job@mp.is)

Skipholti 50d | 105 Reykjavík | Sími 540 3200 | [www.mp.is](http://www.mp.is) | [info@mp.is](mailto:info@mp.is)

Ris ehf. er traust fyrirtæki sem var stofnað 1966 en hefur starfað sem alhliða byggingafyrirtæki frá 1993 og vaxið ár frá ári. Meðal verkefna sem Ris ehf. hefur komið að má nefna byggingu tónlistarhússins í Kópavogi, fimleikahús og tengibyggingu við íþróttahúsið á Seltjarnarnesi, glæsilega íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum og skólabyggingar fyrir Reykjavíkurborg og Garðabæ. Hjá fyrirtækinu starfa u.þ.b. 300 manns.

**InterfaceFLOR Í HOLLANDI ÓSKAR AÐ RÁÐA RAFVIRKJA MEÐ MEISTARARÉTTINDI Í STJÓRNUNARSTÖÐU RAFVIRKJA, VÉLSTJÓRA OG VÉLVIRKJA**  
Nánari upplýsingar í síma 517 7960 og á [assista.is](http://assista.is)

ASSISTA HUMAN RESOURCES

**GARÐABÆR**  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## DAGUR MEÐ BÖRNUM

### Vilt þú njóta dagsins með ungum börnum?

#### Í Garðabæ vantar dagforeldra til að gæta yngstu bæjarbúanna

Garðabær býður upp á gott starfsumhverfi fyrir dagforeldra:

- Fjárhæð er greidd til að bæta aðstöðu með tilliti til þarfa og öryggis barna.
- Þjónustusamningur.
- Grunnnámskeið eru greidd.
- Aðgangur er að leikfangasafni.
- Fjölbura-kerrur og matarstólar lánað.

Er ánægju- og notalegur dagur í samveru við börn eitthvað fyrir þig?

Frekari upplýsingar um störf dagforeldra veitir:  
Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi á bæjarskrifstofum  
Garðabæjar í síma 525 8500, netfang: [annah@gardabaer.is](mailto:annah@gardabaer.is).

Garðabær – þjónusta til þín

Fræðslu- og menningar svið

## Przyjmujemy do pracy

### Nazwa firmy:

Cieśla budowlany z doświadczeniem  
Pracownik budowlany

### Miejsce pracy:

-Reykjavík  
-Keflavík  
-Akranes

### TSH:

TSH - jest wykonawcą budowlanym z 30-letnim doświadczeniem. Mamy wiele bardzo dobrych projektów do wykonania i dlatego jesteśmy firmą z przyszłością.

### Informacja:

w języku islandzkim udziela pan Asbjorn  
tel. 660 - 1786



## SKRIFSTOFUSTARF/HEILDVERSLUN

Óskum eftir að ráða starfsmann til almennra skrifstofustarfa. Um er að ræða fjölbreytt skrifstofustarf í góðu vinnuumhverfi. Vinnutími er mánudaga til föstudaga kl. 8:30-17:00. Vinnustaðurinn er miðsvæðið á höfuðborgarsvæðinu.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- stúdentspróf eða sambærilega menntun
- enskukunnátta
- tölvukunnátta
- þekking á viðskiptahugbúnaði
- þjónustulund
- nákvæmni
- stundvísi
- heilsuhaust(ur)

Vinsamlegast skilið inn umsóknnum á netfangið:  
[box@frett.is](mailto:box@frett.is) fyrir 25. júní merkt: „1212“



## Laus staða aðstoðarmanns sjúkraþjálfara

Starfið er fjölbætt og felst m.a. í eftirliti og aðstoð við meðferð í tækjasal, aðstoð við sjúkraþjálfunarmeðferð, gefa heita bakstra, símaörslu, móttöku og skráningu. Einnig frágangur, þrif og eftirlit. Viðkomandi þarf að vera áhugasamur um þjálfun og hreyfingu og hafa reyngu af störfum í tækjasal ásamt því að hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum. Um er að ræða fullt starf og er óskað eftir skriflegum umsóknnum ásamt starfsferilsskrá fyrir 7. Júlí. Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni: [www.reykjalundur.is](http://www.reykjalundur.is)

### Nánari upplýsingar gefa,

Sigrún Benediktsdóttir, forstöðusjúkraþjálfari  
Netfang: [sigrunben@reykjalundur.is](mailto:sigrunben@reykjalundur.is)  
Sími 585 - 2061

Guðbjörg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri  
Netfang: [gudbjorg@reykjalundur.is](mailto:gudbjorg@reykjalundur.is)  
Sími 585 - 2143



## Tækjaumsjón

Líftækni fyrirtækið NimbleGen Systems  
auglýsir eftir starfsmanni í tækjaumsjón.

Um er að ræða nýtt starf í framsæknu fyrirtæki.

### Helstu verkefni:

- Umsjón með tækjum á rannsóknarstofum og vinnuherbergjum NimbleGen
- Fylgjast með nýjungum og taka þátt í þróun nýrra tækja
- Samantekt og utanumhald með tækjamöppu fyrir sérhverja gerð af tæki (kvörðun, viðgerðir o.s.frv.) ásamt því að skrifa notkunar, kvörðunar- og eftirlitsleiðbeiningar
- Samskipti við framleiðendur og eftirfylgni með viðgerðar- og kvörðunarferli
- Þátttaka í uppsetningu viðhaldsforrits fyrir tækin og ábyrgð á uppfærslu gagna í forritinu

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun í efnafræði, eðlisfræði, rafvirkjun, rafeinda virkjun, iðnaðartækni fræði eða sambærilegum fögum
- Reyngsla af umsýslun rannsóknartækja
- Góð tölvukunnátta
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Góð enskukunnátta
- Hæfni til starfa í hátæknilegu umhverfi

Umsóknir ásamt ferilsskrá á ensku sendist til [atvinna@nimblegen.com](mailto:atvinna@nimblegen.com).

Umsóknarrestur er til 30. júní 2008.

Nimblegen Systems er framsækið fyrirtæki á sviði líftækni. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á DNA örflögum (microarrays) til sameindalíffræðilegra rannsókna og sér um þjónusturannsóknir í þeirri tækni til lyfjafyrirtækja og rannsóknastofa víða um heim.



## Verslunarstjóri

Samkaup strax Laugarvatni óskar eftir að ráða verslunarstjóra

### Hæfniskröfur:

Reynsla af verslunarstörfum skilyrði.  
Frumkvæði og metnaður í starfi.  
Góð framkoma og rík þjónustulund.  
Hæfni í mannlegum samskiptum.  
Tölvukunnátta æskileg.

Allar frekari upplýsingar veitir starfsmannastjóri  
Dómhildur Árnadóttir á netfanginu: domhildur@samkaup.is  
Umsóknir berist á sama netfang fyrir 26. júní 2008.

Samkaup **strax**



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri í Fálkaborg

### Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Fálkaborg, Fálkabakka 9.

Fálkaborg er þriggja deilda leikskóli í Bakkahverfi í Breiðholti. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á umhverfismennt og heilbrigðan lífstíl og stutt er í ósnortna náttúru. Fálkaborg hefur tvisvar fengið umhverfisviðurkenninguna Grænfánann, nú síðast fyrir frið og ógn í náttúrunni. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á vefslóðinni: [www.falkaborg.is](http://www.falkaborg.is).

Helstu verkefni aðstoðarleikskólastjóra eru að vinna að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins í samvinnu við leikskólastjóra.

### Menntunar- og færnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Framhaldsmenntun og reynsla af stjórnun æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptahæfni, skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Upplýsingar veita Jónína Lárusdóttir, leikskólastjóri í síma 557 8230 / 693 9814 og Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi á Leikskólasviði í síma 411 7000.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). **Umsóknarfrestur er til 7. júlí.**

Laun eru skv. kjarasamningi LN við KÍ vegna FL.

Steingrímur varð formaður Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík skömmu eftir komuna úr námi í rafmagnsverkfræði í Chicago. „Seinna var þrýst á mig frá Vestfjörðum um að fara í framboð og ég komst þá að því að verkfræðinámið gagnaðist mér vel í stjórnmalum, öfugt við það sem ég hafði haldið. Ég tók hvert verkefni mjög kerfisbundið fyrir. Í byrjun heimsótti ég alla bæi á Vestfjörðum, að kalla má. Ég hafði mjög gott af því og hélt þaðan með mikinn fróðleik. Það einmí af þessu alla tíð því allan minn tíma sem stjórnmalamaður naut ég þess mest að kynna fólkinu í landinu.“

Steingrímur settist á þing árið 1971, þar sem hann sat sleitulaust til ársins 1994. „Það var töluvert upplifun fyrir mig. Ég hafði strax mikið að gera, öfugt við marga unga þingmenn í dag, sem mér sýnist að leiðist stundum. Mér leiddist ekki.“ Steingrímur þvertur fyrir að nefna hvaða stjórnmalamenntun honum eru minnstæðastir frá fyrstu árum sínum á þinginu. Rök hans eru skýr: „Ef ég nefni einn þarf ég að nefna marga. Þeir voru margir litríkir og góður félagskapur fannst mér. Ég hef aldrei séð menn sem pólitíska andstæðinga heldur félagameð sameiginlegt markmið.“

## Sjö ár í forsæti

Steingrímur var ráðherra í þrettán ár samfleytt og þar af forsætisráðherra í þremur ríkisstjórnunum á árunum 1983 til 1991. Hann brosir góðlátlega þegar blaðamaður biður hann að rifja upp þennan tíma og minnir á að hann sé á leiðinni í sund. „Ég get sagt þér að ánægjulegasta stjórnarsamtalið sem ég kom að var frá 1988 til 1991 þrátt fyrir að fjórir flokkar kæmu að því lengst af. Þar var aðalverkefnið að byggja brýr á milli manna og flokka, sem tókst. Samstarfið var með ágætum af því að menn settust niður og töluðu saman. Menn ruku ekki upp og deildu um

alla skapaða hluti. Við fjölluðum um erfið mál en þau leystust öll. Mér varð ljósara þá en nokkru sinni fyrr að mínar skoðanir eða annarra voru ekki einhlítar og alltaf hægt að bæta þær. Það sem hjálpaði mér mest á mínum starfsferli var að ég lærði snemma að hlusta og mat alltaf mikils að fá góða, uppbyggilega gagnrýni.“

Steingrímur segir að vinnulagi stjórnarinnar hafi verið þannig farið að vinatengsl mynduðust á milli allra sem hana skipuðu. Það hafi verið forsenda árangurs sem átti ekki síst við þegar þjóðarsáttin var gerð árið 1990, en Steingrímur lítur á hana sem stærsta og mikilvægasta málið sem hann glímdi við á sínum pólitíska ferli. „Þar komu mjög margir að. Einar Oddur Kristjánsson og Ásmundur Stefánsson áttu þar gríðarlega stóran hlut sem og Guðmundur J. og margir fleiri. Þar voru byggðar brýr og talast var við í rólegheitum. Ég fylgdist með öllu sem gerðist jafnóðum og það var metið hvað hægt væri að gera í stöðunni, án þess að það leiddi til enn meiri vandræða.“

Það liggur beint við að spyrja Steingrímur hvort hann telji sig hafa gert einhver mistök á sínum stjórnmalferli. „Ég hef oft verið spurður að þessu. Ef það er eitthvað sem ég sé eftir þá er það að hafa fallist á, með miklum trega, varanlegt framsal kvótans. Ég held að það hafi verið mistök. Kvótinn var óhjákvæmilegur, sóknarkerfið gekk ekki upp. Líú sótti mjög fast að fá varanlegt framsal á kvótanum og Halldór var því samþykktur. Við deildum um þetta en ég féllst á þetta með því skilyrði að sveitarfélögin hefðu forkaupsrétt á allri kvótasölu. Ég hélt að það kæmi í veg fyrir slysn en þau reyndust ekki hafa bolmgang til kvótakaupa. Já, ég held ég þurfi að viðurkenna að ég sé eftir þessu.“

## Rós til forsætisráðherra

„En það eru fjölmörg mál sem koma upp í hugann og sum þeirra léttvæg við fyrstu sýn. Ég hafði til dæmis alltaf viðtalstíma og naut þess að fá fólkið inn á skrifstofu til mín. Þar fékk maður ólík sjónarmið en óhætt er að segja að þversnið þjóðarinnar hafi komið og ráðfært sig við mig. Stundum gat maður gert gott.“

Steingrímur rifjar upp að til hans kom eitt sinn ung kona sem hafði



**STEINGRÍMUR** Þrátt fyrir að hann hafi sagt skilið við stjórn málin fyrir allnokkru hefur áhugi Steingríms á atburðum líðandi stundar síst minnkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Peir töldu mikla hættu á að varaforsetinn yrði skotinn og sögðu að ég þyrfti því að skipta um sæti vegna öryggis hans. Ég féllst á það en lífvörðunum var greinilega sama þótt ég yrði ráðinn af dögum.“

þungar áhyggjur af framtíð sinni. Hún var að missa frá sér íbúðina sína eftir að fyrrverandi eiginmaður hennar hafði tapað aleigu þeirra í spilum. „Ég hringdi í sparissjóðinn sem hún skipti við og spurði útíbússtjórnann hvort hann gæti fundið leið fyrir stúlkuna úr ógöngunum. Hún fékk viðtal og þau komust að samkomulagi sem tryggði að hún hélt íbúðinni. Nokkru seinna var dyraþjöllunni hringt héna heima og Edda svaraði. Konan rétti fram rós með þeim skilaboðum að hún ætti að fara til forsætisráðherra. Þetta er eftirminnilegt og ég frétti síðar að henni hefði gengið vel og eignast fjölskyldu. Það eru kannski þessir hlutir sem eru verðmætastir í mínum huga og gefa mér mest þegar lítið er til baka.“

#### 113 krónur í arð

Steingrímur hætti afskiptum af stjórn máli árið 1994 og settist í stól seðlabankastjóra í fjögur ár. Þeim tíma lýsir hann sem rólegum í meira lagi; hann hafi haft takmarkaðan áhuga á starfinu og sér hafi leiðst á stundum. Ekki hefur þó dregið úr áhuga hans á stjórn máli og hann fylgdist grannt með þeim þrengingum sem nú ganga yfir. Hann metur ástandið þannig að rétt hafi verið að ráðast í einkavæðingu eftir að stöðugleika var náð á sínum tíma og tekist hafi að nýta dugnað einstaklinganna og útsjónarsemi. „En græðgin náði undirtökunum og hefur leikið okkur mjög illa. Ég vona að við lærum af þeim mistökum og högum málum okkur í framtíðinni af meiri fyrirhyggju og forsjá. Við höfum alla burði til þess, æskan er lífleg, sterk og vel menntuð. Ég er því bjartsýnn á framtíðina ef við höldum áfram að halda á okkar málum og það kemur ekki til greina að ganga í Evrópusambandið að mínu mati. Ríkisstjórnin er í mjög erfiðri stöðu eins og komið er. Hún átti að beita sér miklu fyrr og átti að sjá hvert stefndi.“

Steingrímur var formaður Framsóknarflokksins frá 1979 til 1994. Aðspurður segir hann flokkinn vera hinn sama í grunninn og hann hafi ávallt verið en glíma við vandamál eftir langa stjórnarsetu. „Hann misteig sig í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Það var alltaf hættan í samstarfi við svo stóran flokk þar sem menn ráða litlu. Ég er ennþá þeirrar skoðunar að velferð og félagshyggja eigi erindi til okkar og ég lít á Framsóknarflokkinn sem félagshyggjuflokk fyrst og fremst.“

Steingrímur segir í framhjálaupi að sem betur fer eigi hann ekkert hlutafé nema „eitthvert smáræði í hinu góða fyrirtæki Marel. Ég fékk greiddan arð upp á 113 krónur síðast. Það breytir því ekki að ég er auðugur maður því ég á góða fjölskyldu. Indæla konu og sex börn sem öll eru

til fyrirmyndar og auk þess tíu barnabörn. Það er dýrasti sjóðurinn.“

#### Launmorðingjar á Þingvöllum

Steingrímur segir að líf stjórn mála-mannsins bjóði upp á mikinn eril og fjölmörg minnisstæð atvik. Oft tengist það samskiptum við erlenda gesti sem hafi dregið fram hversu sérstæða þjóðarinnar er mikil. Hann rifjar upp þegar George H. W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kom til landsins í júlí 1983, þá varaforseti Ronalds Reagan. „Það vakti athygli allra hversu gífurleg öryggis-gæslan var í kringum komu hans hingað. Inn voru fluttir sérstakir brynvarðir bílar og lífverðirnir voru fjölmargir. Ég og Geir Hallgrímsson, sem var utanríkisráðherra, héldum fund með Bush í Stjórnarráðinu til að ræða samskipti ríkjanna. Fyrir fundinn komu lífverðirnir til að skoða fundarherbergið og spurðu hvar Bush ætti að sitja. Ég var vanur að sitja andspænis glugganum og sagði þeim að Bush myndi því sitja með bakið í gluggann. Þeir töldu mikla hættu á að varaforsetinn yrði skotinn og sögðu að ég þyrfti því að skipta um sæti vegna öryggis hans. Ég féllst á það en lífvörðunum var greinilega sama þótt ég yrði ráðinn af dögum.“

Síðar um daginn hélt Steingrímur með Bush-hjónunum á Þingvelli þar sem þau voru frædd um þingstaðinn. „En þar fór lífvörðunum fyrst að líða illa. Þeir voru hreinlega í öngum sínum og ég man ekki eftir að hafa séð órólegri menn. Þeir sögðust aldrei á sínum ferli hafa séð betur hannaðan stað fyrir morð, enda gjár og sprungur við hvert fótmál.“

#### Frábær fugl

Í ævisögu sinni, sem Dagur B. Eggertsson skrifaði, þakkar Steingrímur árum sínum í Seðlabankanum að hann byrjaði að spila golf. Þetta rifjast upp þegar blaðamaður forvitnast um hvað Steingrímur hafi hugsað sér að sýsla við á næstu árum. „Margir vilja meina að golfþróttin sé full vinna en ég tek ekki undir það. En þetta er vissulega skemmtileg vinna,“ segir Steingrímur hlējandi. Hann er með 28 í forgjöf en telur sennilegt að sér hafi farið aftur upp á síðkastið.

Steingrímur og Edda spila mest á Urriðavelli golfklúbbsins Odds. Ekki er auðvelt að fá frægðarsögur úr golfinu frá fyrrverandi forsætisráðherra en eftir málaleitan kemur í ljós að Steingrímur hefur unnið einstakt afrek á golfvelli. „Í eitt skipti sló ég upphafshögg á Oddi sem lenti fyrst úti í hrauni og endaði uppi í birkihríslu í um það bil fimm metra fjarlægð frá holu. Ég vissi ekki fyrst hvað ég átti til bragðs að taka en endaði með því að taka kylfu og sló kúluna þar sem hún sat á greininni. Hún rataði beint í holu og ég fékk fugl. Geri aðrir betur.“

## ÚR LÍFSHLAUPI STEINGRÍMS HERMANNSSONAR

Fæddur í Reykjavík 22. júní 1928. Foreldrar: Hermann Jónasson (f. 25. des. 1896, d. 22. jan. 1976) alþingismaður og ráðherra og Vígðís Oddný Steingrímsdóttir (f. 4. okt. 1896, d. 2. nóv. 1976) húsmóðir.

Stúdentspróf MR 1948. B.Sc.-próf í rafmagnsverkfræði frá Illinois Institute of Technology í Chicago 1951. M.Sc.-próf frá California Institute of Technology í Pasadena 1952.

Fyrri eiginkona: Sara Jane Donovan. Börn: Jón Bryan (1951), Ellen Herdís (1955), S. Neil (1957).

Eiginkona: Guðlaug Edda Guðmundsdóttir. Börn: Hermann Ölvir (1964), Hlíf (1966), Guðmundur (1972).

Verkfræðingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1952-1953 og hjá Áburðarverksmiðjunni hf. 1953-1954.

Verkfræðingur við Southern California Edison Company í Los Angeles 1955-1956 og við Verkegar framkvæmdir hf. 1957.

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins 1957-1978.

Framkvæmdastjóri atvinnumálanefndar ríkisins 1957-1961.

Varaþingmaður 1968-1971.

Alþingismaður 1971-1994.

Dóms- og kirkjumála- og landbúnaðarráðherra 1978-1979.

Sjávarútvegs- og samgönguráðherra 1980-1983.

Forsætisráðherra 1983-1987 og 1988-1991, utanríkisráðherra 1987-1988.

Aðalfulltrúi Íslands í vísindanefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París 1962-1978.

Formaður Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík 1962-1964.

Í miðstjórn Framsóknarflokksins 1964-1994. Í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins 1964-1971.

Í tækninefnd Orkustofnunar 1968-1975.

Ritari Framsóknarflokksins 1971-1979, formaður hans 1979-1994.

Sat á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1956 og 1991. Í Þingvallanefnd 1988-1994. Í bankaráði Landsbanka Íslands 1991-1994.

Hefur ritað greinar um verkfræði og iðnað auk skrifa um þjóðmál.



**KOSIÐ 1991** Steingrímur á leiðinni í kjörklefann ásamt syni sínum Guðmundi og eiginkonu, Eddu Guðmundsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á ÞINGVÖLLUM** George H. W. Bush kom til landsins árið 1983, þá varaforseti Ronalds Reagan. Steingrímur eru lífverðir Bush jafneftirminnilegir og stjórn mála-maðurinn.



**Á ÞINGI** Steingrímur ásamt sessunaut sínum Jóni Baldvini Hannibalssyni. Steingrímur sat á þingi frá 1971 til 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**1988** Annað ráðuneyti Steingríms Hermannssonar: 28. september 1988 til 10. september 1989.



**KOMNIR Á TINDINN** Hér eru þeir feðgar Guðmundur, Steingrímur og Hermann á tíndi Hvannadalshnúks árið 1998.



**HJÓNIN** Edda sinnir myndlist í frítíma sínum og setti upp myndlistarsýningu í Geysi Bistro í mars síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á HÆKJUM** Þessi fræga mynd Gunnars V. Andréssonar ljósmyndara er kannski til marks um það að Steingrímur lét fátt eða ekkert stöðva sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# PROLOGUS

sjóður til eflingar leikritunar á Íslandi  
auglýsir eftir umsóknum

Markmið Prologus sjóðsins er að hlúa að leikritun á Íslandi og efla höfundastarf við þjóðleikhúsið. Stefnt er að því að sjóðurinn veiti árlega allt að fimm höfundum styrk til að vinna að leikhandriti. Einnig hyggst sjóðurinn stuðla að framþróun og eflingu leikritunar með höfundasmiðjum, samkeppni, útgáfu eða tilraunaverkefnum. Sjóðurinn var stofnaður við þjóðleikhúsið þann 10. júní 2008. Stofnendur eru Bjarni Ármannsson og Helga Sverrisdóttir. Ráðstöfunarfé sjóðsins er 6 milljónir á ári.

Auglýst er einu sinni á ári eftir umsóknum, en ekki er um neinn ákveðinn skilafrest að ræða. Fagrað sjóðsins fjallar um innsendar umsóknir og mælir með verkefnum, en stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun. Jafnframt getur fagrað að eigin frumkvæði gert tillögu að verkefnum til sjóðstjórnar. Fagrað skilar álitinu þrisvar á ári, að hausti, um mitt leikár og að vori.

Umsóknir skal senda með tölvupósti á netfangið [prologus@leikhusid.is](mailto:prologus@leikhusid.is) eða í almennum pósti, merktar: Þjóðleikhúsið, Prologus, Lindargötu 7, 101 Reykjavík.

## Auglýst er eftir:

### 1 Hugmynd að leikriti.

Við umsókn skal leggja fram: a) Stutta lýsingu á verkinu, 1-2 síður, þar sem fram kemur lýsing á atburðarás, listi yfir persónur, og annað sem höfundur vill koma á framfæri. b) Fimm síður af leiktexta. c) Ferilskrá.

### 2 Hugmynd að höfundasmiðju eða tilraunaverkefni.

Við umsókn skal leggja fram: a) Stutta lýsingu á hugmyndinni, 1-2 síður þar sem fram kemur að hverju er stefnt með tilrauninni eða smiðjuvinnunni. b) Ferilskrá.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu þjóðleikhússins, [www.leikhusid.is/prologus](http://www.leikhusid.is/prologus), eða þá með því að senda tölvupóst á [prologus@leikhusid.is](mailto:prologus@leikhusid.is)



## STUÐ MILLI STRÍÐA: Evrópuhátíðin mikla

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR ER Á MEGINLANDI EVRÓPU



Ég verð að viðurkenna að mér fannst ég vera örlítill föðurlands-svikari að eyða þjóðhátíðardeginum sjálfum í flugvél á leið til annars lands. Tilfinningin breyttist þó svolítið þegar ég keyrði í gegnum miðbæinn á leiðinni til Keflavíkur um fjögurleytið að morgni 17. júní. Misjafnlega drukkio fólk ráfaði um á meðan starfsmenn borgarinnar rembdust við að þrifa upp eftir það. Í nætursólinni á sumrin sést næturlífið stundum aðeins of vel. Flugferðinni var heitið til þínúlitla landsins Lúxemborgar. Í staðinn fyrir að halda upp á þjóðhátíðardag okkar Íslendinga mun ég því

halda upp á þjóðhátíðardag Lúxemborgara. Hann er á morgun, 23. júní, og er haldinn á afmælisdegi fyrrverandi hertogaynjunnar af landinu. Hún átti reyndar alls ekkert afmæli þennan dag, heldur 23. janúar. Það þótti bara skemmtilegra að halda upp á daginn yfir sumartímann, sem það jú er, og því var þessu breytt.

Það er mjög skemmtilegt að vera hérna á meginlandinu á meðan Evrópumótið í knattspyrnu fer fram. Lúxemborg er að sjálfsögðu ekki í keppinni, enda með slakari íþróttþjóðum álfunnar, en áhuginn á mótinu er samt sem áður mjög mikill.

Lúxemborg á enda landamæri að þremur miklum fótþjóðum,

Þýskalandi, Frakklandi og svo Belgíu. Það er hellingur af Þjóðverjum og Frökkum sem búa eða starfa hér í Lúxemborg og báðar þjóðir tóku auðvitað þátt í keppinni nú. Fyrir utan þetta eru mjög stórir hópar Portúgala og Ítala hér á landi. Það er því eins og gefur að skilja mikil stemning fyrir mótinu. Hvert sem farið er sjást merki um þetta, til dæmis eru hús og bílar víðs vegar merktir með viðkomandi þjóðfánum. Ég klikkaði því miður alveg á því að fara á einhverna af sérhönnuðu EM-börum hér og horfa á stórleik Þýskalands og Portúgal. Í staðinn nýti ég kannski kosti meginlandsins og skutlast yfir til Þýskalands fyrir næsta leik.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



## Spilað á Þingvöllum

Tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju verður hleypt af stokkunum, annað árið í röð, næstkomandi þriðjudagskvöld kl. 20. Þá koma fram þau Guðmundur Vilhjálmsson, organisti Þingvallakirkju, Margrét Bóasdóttir sópransöngkona og Einar Jóhannesson klarínettuleikari. Þrennir tónleikar til viðbótar verða í röðinni og fara þeir fram næstu þrjú þriðjudagskvöld. Á þeim munu koma fram miðaldasönghópurinn Voces Thules, flautuleikarinn Hafdís Vigfúsdóttir og söng- og hljóðfærahópurinn Spilmenn Ríkkinis.

Kveikjan að tónleikaröðinni er sjóður sem stofnaður var til minningar um Guðbjörgu Einarsdóttur frá Kárastöðum í Þingvallasveit, en hún var organisti við kirkjuna á yngri árum. Sjóðnum er ætlað að styrkja tónlistarstarf við Þingvallakirkju. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum en tekið er við frjálsum framlögum í tónleikalok. - vp



ÞINGVALLAKIRKJA Hýsir tónleikaröð næstu fjögur þriðjudagskvöld.

## Listnám til meistaragraðu í fyrsta sinn á Íslandi

Listnám hérlendis hefur tekið stórstígm framförum síðastliðin ár, þökk sé miklu uppbyggingarstarfi á vegum Listaháskóla Íslands. Skólinn er þó hvergi nærri hættur uppfinningasemi sinni; í haust verður í fyrsta skipti boðið upp á meistaranám innan veggja hans.

Um er að ræða meistaranám í tónsmíðum; námið er svokallað rannsóknarnám og er ætlað að taki tvö ár til útskriftar. Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum, segir þessa nýju námsleið byggja á stöðluðu evrópsku námskerfi. „Þetta nám verður alveg í samræmi við Bologna-kerfið sem er afar útbreitt í háskólum víða í Evrópu. Af þeim sökum verður uppbygging námsins sambærileg við það sem gerist erlendis hvað varðar ýmis kjarnafög, en við stefnum þó að því að hafa námið einstaklingsmiðaðra en víða annars staðar. Þannig hyggjumst við byggja á þeirri sérhæfingu sem nú þegar er til staðar í grunnnáminu í tónsmíðum.“

Grunnamið í tónsmíðum við Listaháskólann skiptist upp í fimm brautir. Hægt er að sérhæfa sig í hefðbundnum tónsmíðum, kvikmyndatónsmíðum, sviðslistatónsmíðum, tónsmíðum fyrir nýja miðla og upptökustjórn. Þessa miklu námsbreidd má að nokkru leyti þakka góðu samstarfi á milli deilda innan skólans. Þannig vinna tónsmíðabrautirnar fyrir kvikmyndir og sviðslistir mikið með leiklistardeild skólans og nemar í tónsmíðum fyrir nýmiðla starfa með nemum úr myndlistardeild. „Samstarfið á milli deilda hefur skapað tónsmíðanáminu hér á Íslandi vissa sérstöðu enda ekki sérlega algengt að svona mikill samruni á milli listgreina eigi sér stað í grunnnámi. En þetta gerir nemendum okkar kleift að sérhæfa sig sem listamenn sem veitir þeim vissst forskot á alþjóðlegum vettvangi,“ útskýrir Kjartan.

Meistaranámið kemur til með að gera nemendum mögulegt að vinna áfram með sérhæfingu grunnnámsins og þannig þróa sig áfram sem listamenn. „Það mætti segja að smæð samfélagsins vinni að vissu leyti með okkur hér á Íslandi hvað varðar samstarfið á milli námsbrauta. Nemendur Listaháskólans græða mikið á því að vera í skóla þar sem margar listgreinar eru



KJARTAN ÓLAFSSON Fer fyrir nýju meistaranámi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands.

kenndar samhlíða og að auki er gott aðgengi hér á landi að samstarfi við atvinnulífið. Þetta gerir það að verkum að nemendur okkar fá að kynna fleiri hlíðum tónlistarskópunar en stendur til boða í mörgum sérhæfðum tónlistarháskólum,“ segir Kjartan.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér meistaranámið betur er bent á heimasíðu Listaháskólans, [www.lhi.is](http://www.lhi.is), en þar má finna upplýsingar um námið og umsóknarferlið.

vigdis@frettabladid.is

## Sæþór í Verðandi

Myndlistarmaðurinn Sæþór Örn Ásmundsson sýnir um þessar mundir í sýningarrýminu Gallerí Verðandi að Laugavegi 51, en þetta er þriðja einkasýning Sæþórs. Hann er útskrifaður í videógraffík frá Istituto Europeo di Design á Ítalíu og hefur hann meðal annars sýnt videóverk og innsetningar í Guggenheim í Feneyjum. Verkum Sæþórs á sýningunni í Gallerí Verðandi má lýsa sem strangflatarmyndum eða geómetriskri abstraksjón.

Hið nýja og spennandi Gallerí Verðandi er í bókabúðinni Skuld að Laugavegi 51, á neðri hæð. Sæþór er fyrsti listamaðurinn



LITAGLEÐI Verk eftir Sæþór Örn Ásmundsson.

sem sýnir í Gallerí Verðandi og stendur sýningin út júní en svotaka nýjar sýningar við í galleríinu á mánaðarfresti. - vp

**LARRY CARLTON**

**BEADY BELLE**

**LAURIE WHEELER**

**BLÁIR SKUGGAR**

**BLOODGROUP**

**1988 - 2008**

**20 ÁRA**

**AFMÆLI**

**25. - 28. JÚNÍ 2008**

**JAZZHÁTÍÐ**

**EGILSSTAÐA Á AUSTURLANDI**

ÍSLENSKA SJÁLIS ALC 1241 06.2008

Alcoa Fjarðaál styrkir hátíðina

Nánari upplýsingar á [www.jea.is](http://www.jea.is) og í síma 861 1894

# Winehouse með berkla?

Amy Winehouse hóstar blóði og er með alvarlega sýkingu í brjósti, samkvæmt heimildum breska blaðsins The Sun. Læknar óttast að hún sé með berkla.

söngkonunnar við The Sun í gær. „Læknarnir eru ennþá að reyna að laga hjartsláttinn, en þeir hafa miklar áhyggjur af sýkingunni í brjóstholinu. Hún hefur verið að fá hræðileg hóstaköst og hóstað blóði í svoltítt tíma, en neitaði að fara í rannsókn. Læknarnir halda núna að hún sé með berkla og eru að gera frekari rannsóknir til að vera vissir,“ sagði heimildarmaðurinn.

„Þetta hljómar virkilega illa, en fyrst þeir eru komnir með einhverja ákveðna sjúkdómsgreiningu verður auðveldara að halda henni á sjúkrahúsi og frá eiturlyfjum. Orðið berklar gæti hrætt hana nóg til þess að hún vilji bata. Það ætti að gera það. Hún verður að átta sig á því að hún mun deyja ef hún tekur sig ekki á,“ segir heimildarmaðurinn.

Berklar eru í dag stórt vandamál í þriðja heiminum. Ef sýkingin nær sér á strik, sem hún gerir helst þegar ónæmiskerfið er veikt af völdum lyfja, eiturlyfjanotkunar



**SLÆMT ÁSTAND** Amy Winehouse hóstar blóði, er með slæma sýkingu í brjóstholinu og hefur litla sem enga lyst. Læknar óttast að hún sé með berkla.

NORDICPHOTOS/GETTY

eða alnæmis, og sjúklingur fær ekki viðeigandi lyfjameðferð eru lífslíkur undir fimmtíu prósentum.

SAMBÍÓINN	
<b>ÁLFABAKKA</b>	<b>SELFÖSS</b>
CHRONICLES OF NARNIA 2 kl. 20-50-80-110 7	NARNIA 2 kl. 2-5-8-10:50 7
CHRONICLES OF NARNIA 2 kl. 2-5-8-11 VIP	SPEED RACER kl. 2 L
THE BANK JOB kl. 5:30-8-10:30 16	INCREDIBLE HULK kl. 5:30-10:20 12
INCREDIBLE HULK kl. 2-5:30-8-10:30 12	ZOHAN kl. 8 10
INDIANA JONES 4 kl. 2-5:30-8-10:30 12	<b>AKUREYRI</b>
SPEED RACER kl. 2-5 L	NARNIA 2 kl. 2-5-8-10 7
NIM'S ISLAND kl. 2 L	PROM NIGHT kl. 8-10 16
FORBIDDEN KINGDOM kl. 8 SÍÐ. SÝNINGAR 12	NIM'S ISLAND kl. 4:20 12
IRON MAN kl. 10:30 SÍÐ. SÝN. 12	PROM NIGHT kl. 8 16
<b>KRINGLUNNI</b>	<b>KEFLAVÍK</b>
CHRONICLES OF NARNIA 2 kl. 120-30-60-90 7	NARNIA 2 kl. 2-5-8 7
THE BANK JOB kl. 6-9 16	THE HAPPENING kl. 11 16
SEX AND THE CITY kl. 12-3-6-9 14	SPEED RACER kl. 2 L
SPEED RACER kl. 120-30 L	HAROLD & KUMAR kl. 5:30 L
<b>SparBíó 550kr</b>	WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 8 L
A ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGUGULU	NEVER BACK DOWN kl. 10:10 14

**NÝTT Í BIÓ!**

BEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVÖLF, ÞÁ MÁ ALLTAF BÆTA SIG.

**BILL**

AARON ECHART FER Á KOSTUM Í FRABÆRRI GAMANMYND... MED HJARTA.

MYND Í ANDA AMERICAN BEAUTY SEM ÞÚ VILT EKKI MISSA AF!

**NARNIA 2**

SAGAN FENARVIÐ Í KVIKMYND EINS OG GERAST „BESTAR...“ LEONARD MALTIN, ET

**LUXUS**

“UNNIN AF NATMI, TÓNLISTIN FRABÆR OG UNDIRSTRÍKAR FIRRINGUNA, OFSÖKNARÆÐIÐ OG ÓTTANN VIÐ ÞAD ÖPEKKA” -S.V., MBL

**ZOHAN**

“STUNDIÐ ÁSTR, EKKI STRÍÐI” -S.V., MBL

“ÞAD FYNDASTA SEM SANDLER HEFUR GERT Í ROMAN ÁRATUG.” -TOMAS KRISTJÓNSSON

**HULK**

“BEINLIS SVINVIKAR” -S.V., MBL

**SEX AND THE CITY**

**INDIANA JONES 4**

**THE HAPPENING**

**FLAWLESS**

**HJÓTBORG**

**SMÁRABÍÓ** Sími 564 0000

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **650kr.**

**SUMARTILBOÐ**

CHRONICLES OF NARNIA 2 kl. 10-40-70-100 7	MEET BILL kl. 3-5:50-8-10:10 7
CHRONICLES OF NARNIA 2 LUXUS kl. 10-40-70-100 7	FLAWLESS kl. 8
THE INCREDIBLE HULK DIGITAL kl. 3-5:30-8-10:30 12	ZOHAN kl. 3-5:30-8-10:30 10
THE HAPPENING kl. 5:50-8-10:10 16	SEX AND THE CITY kl. 3-7-10 14
ZOHAN kl. 1-3:20-5:40-8-10:30 10	INDIANA JONES 4 kl. 3-10:20 12
HORTON kl. 1-4 ÍSLENSKT TAL	BRÜÐGUMINN kl. 6 ENSKUR TEXTI 7

**HÁSKÓLABÍÓ** Sími 530 1919

MEET BILL kl. 3:50-5:50-8-10:10 7	<b>BORGARBIÓ</b> Sími 462 3500
THE HAPPENING kl. 8-10 16	THE HAPPENING kl. 8-10 16
KJÓTBORG kl. 3-6-7 ENSKUR TEXTI 12	THE INCREDIBLE HULK kl. 3-8-10:15 12
ZOHAN kl. 3-5:30-8-10:30 10	ZOHAN kl. 5:40 10
SEX AND THE CITY kl. 3-8-11 14	SEX AND THE CITY kl. 5:20 14
INDIANA JONES 4 kl. 3-5:30 12	INDIANA JONES 4 kl. 3 12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIDANN A **mid.is**

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BIÓMIDANN MED KREDITKORTI

**Nýtt í bió**

**LAUGARÁSBÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★ - V.J.V., Topp5.is / FBL

★★★★ 1/2 - VIGGÓ, 24 STUNDIR

POWER SÝNING kl. 10-45 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ

500 kr. á bió! Glæði á allar sýningar merktar með pöndi!

<b>LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR</b>
NARNIA: PRINCE CASPIAN kl. 2, 5 og 8 DIGITAL 7
THE INCREDIBLE HULK kl. 2, 5, 8 og 10:45(P) 12
SEX AND THE CITY kl. 6, 9 og 10:30 14
INDIANA JONES 4 kl. 2 12

## Vonlaus Demi

Í stuttu máli er söguþráður kvikmyndarinnar Flawless á þá leið að þegar húsvörður lætur yfirmann í demantsfyrirtæki vita að hún verði rekin í brád grípa þau til þeirra örþrifaráða að ræna slatta af demöntum. Flawless er nýjasta kvikmynd Michael Radford, leikstjóra hinnar ágætu Il Postino og The Merchant of Venice. Radford leikstýrir handriti nýgræðingsins Edward Anderson.

Ólíkt því sem mætti búast við er myndin afar frábrugðin nýlegum ránsmyndum á borð við Ocean's-myndirnar. Uppbygging Flawless er hæg og þunglamaleg, líkt og ránsmyndir frá sjötta og sjöunda áratugnum. Ef það ætti að líkja myndinni við einhverja nýlega mynd er það Heist í leikstjórn David Mamet.

Lykillinn að góðri ránsmynd er uppgjörið; hvornig allt passar saman og leysist fyrir aðalpersónuna. Hér er uppgjörið langsótt og ekki biðarinnar virði. Michael Caine stendur sig þó með þrýði sem hinn ólíklegi glæpasníllingur. Í opunaratriði myndarinnar birtist hin útbrunna Demi Moore sem öldruð



### KVIKMYNDIR

#### Flawless

Leikstjóri: Michael Radford  
Aðalhlutverk: Michael Caine og Demi Moore

★★

Flawless er einfaldlega fimmtán árum of sein, bæði hvað varðar hugmyndir og Demi Moore.

..... kona og átti ég erfitt með að halda inni í mér hlátrinum yfir leiknum hjá henni. Flawless er spennulaus ránsmynd sem kemur rúmum fimmtán árum of seint, bæði hvað varðar hugmyndir aðstandenda ránsmyndir og það að nota Demi Moore.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

## Umsóknarfrestur til 15. ágúst

Undirbúningur tíundu Airwaves-hátíðarinnar er í fullum gangi, en hátíðin er haldin 15.-19. október. Íslenskar hljómsveitir fá þar tækifæri til að koma sér á framfæri, auk hóp erlendra þekktari sveita. Sem áður þurfa hljómsveitir að sækja um til að fá að spila, en umsóknarfrestur til þess rennur út 15. ágúst næstkomandi.



Umsóknir **GUS GUS** eru sendar í gegnum heimasíðuna icelandairwaves.com. Nú þegar hafa GusGus, Skakkamanage, Seabear, Retro Stefson, Hjalta-lín, Reykjavík!, FM Belfast, Sprengjuhöllin, Dr.Spock, Dýrðin, Borko, Steed Lord, og Ghostigital verið bókaðar. Af erlendum sveitum bera hæst CSS, Simian Mobile Disco og The Handsom Furs.

- kbs

**TILBOÐSVERÐ**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBIÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.3 BORGARBIÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ	KL.3.50 HÁSKÓLABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
---------------	---------------	----------------	-----------------	--------------------	---------------	-----------------

**SparBíó 550kr**

laugardag og sunnudag

SAMBÍÓINN

NARNIA 2 kl. 2 í Álfabakka, á Selfössi í Keflavík og á Akureyri kl. 12 í Krínglunn	NIMS ISLAND kl. 2 í Álfabakka og kl. 4:20 á Akureyri	HULK kl. 2 í Álfabakka	SPEED RACER kl. 2 í Álf., á Sel., í Kef., og á Akureyri kl. 12 í Kríngl.,	SEX AND THE CITY kl. 12 í Krínglunni	Indiana Jones 4 kl. 2 í Álfabakka
--	--	------------------------	---	--------------------------------------	-----------------------------------

**Ódýrt í bió**

Sími: 553 2075 - bara lúxus

ATH. SÝND KL.2

**500kr. á fyrstu sýningar dagsins**

# Geðsjúkir á bannlista Kínverja

Miklar umræður hafa skapast í kringum Ólympíuleikana sem haldnir verða í Kína í ágúst og hvort stjórnáráðgjafi eigi að sniðganga opinberar athafnir á leikunum til að mótmæla þeim mannréttindabrotum sem þar eiga sér stað. Nú hefur skipulagsnefnd Ólympíuleikanna, BOCOG, sent frá sér skýrslu þar sem fjallað er um ýmis mál er tengjast leikunum. Í skýrslunni, sem skrifuð var á kínversku og birt á heimasíðu leikanna, er meðal annars að finna lista yfir þá sem ekki fá inngöngu í landið á meðan á leikunum stendur. Einstaklingar sem þykja líklegir til hryðjuverka eða ofbeldisverka fá til að mynda ekki að mæta á Ólympíuleikana. Einnig eru



**ÓLYMPIULEIKARNIR 2008** Kínversk stjórnvöld hafa gefið út bannlista fyrir leikana.

einstaklingar grunaðir um smygl, sölu eiturfjafa eða vændi á bannlistanum. Það er skiljanlegt að kínversk stjórnvöld vilji ekki að

hryðjuverkamenn eða eiturfjafsalár sæki þau heim en óskiljanlegra er að einstaklingar með geðraskanir, kynsjúkdóma og berkla eru einnig á bannlistanum, sem og fátækt fólk. Í skýrslunni er einnig tekið fram að ferðamönnum verði meinaður aðgangur að ákveðnum landsvæðum í Kína, en eitt þessara svæða er Tíbet. Aðrir sem fá ekki að njóta Ólympíuleikanna eru meðlimir Falun Gong og Tíbetbúar þar sem stjórnvöld óttast að þeir muni standa fyrir mótmælum eða „andkínverskum“ áróðri. Íþróttá- og ólympíusamband Íslands segist ekki hafa fengið fregnir af bannlistanum en telur ekki ólíklegt að slíkur listi geti hafa verið birtur.

# Þrjú lög á topp tíu

„Íslendingar eru að taka við sér,“ segir Barði Jóhannsson, sem virðist breyta öllu í gull sem hann snertir. Því til sönnunar tengjast sjö lög af topp 30 lista tónlistar.is honum.

Þar af eru tvö lög með Bang Gang og þrjú með Mercedes Club. Þá framleiddi hann lagið Núna með Ourlives og Temptation með Dísu. Aðspurður hver galdurinn væri sagði Barði hógvæ: „Ég veit það ekki. Þetta er mjög skemmtilegt samt.“ Barði er nú í Þýskalandi að kynna nýjustu plötu Bang Gang, Ghosts from the Past. Hún kom út 30. maí og er þriðja plata Bang Gang.

Hæst nær Bang Gang-lagið The World Is Gray, sem er í sjöunda sæti listans. I Wanna Touch You



**GALDRAMABUR** Barði Jóhannsson galdrar fram smelli eins og ekkert sé.

MYND/BERNARD BENANT

með Mercedes Club er í áttunda og Bang Gang-lagið I Know You Sleep í því tíunda.

- kbs



**HÆFILEIKARÍK** Agnetha Fältskog hefur verið kölluð „hin nýja Kate Moss“ en fyrirsætan hefur nýverið vakið athygli fyrir sönghæfileika sína.

## Fjölhæf fyrirsæta

Ofurfyrirsætan Agnetha Fältskog hefur vakið óskipta athygli í tískuheiminum undanfarin misseri og fengið hvert verkefnið á fætur öðru. Agnetha, sem er af mörgum talin vera hin nýja Kate Moss, hefur verið í auglýsingum fyrir tiskufyrirtæki á borð við Burberry, Giorgio Armani, Paul Smith og Vivienne Westwood, en nýverið hefur hún vakið athygli á öðrum vettvangi.

Hin 25 ára gamla fyrirsæta syngur lagið Who með hljómsveitinni Five O'Clock Heroes og hefur komið mörgum á óvart með sönghæfileikum sínum, en myndbandið við lagið hefur verið skoðað yfir 200 þúsund sinnum á vefsíðunni youtube.com. Ekki er vitað hvort Agnetha muni halda sig við fyrirsætustörfina eða reyna frekar fyrir sér sem söngkona.

## Aniston ástfangin af John

Jennifer Aniston bauð nýja kærastanum, John Mayer, með sér í helgarferð til Mexíkó á dögnum. Jennifer, John og nokkrir vinir eyddu helginni saman og skemmtu sér konunglega þar sem þau léku sér meðal annars á sjóskíðum og flatmög-uðu á ströndinni.

Vinir Jennifer segja að hún sé yfir sig ástfangin af John og að hún hafi boðið honum til Mexíkó til að kynna hann betur fyrir vinum sínum.



Auglýsingasími  
**512 50 50**  
- Mest lesið

skemmtilegri

SO YOU THINK YOU CAN DANCE – HEFST Á MORGUN KL. 20:20

# SJÓNVARPSVIÐBURÐUR SUMARSINS

ALDREI BETRI DANSARAR – OG ALDREI VERRI

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

GÓÐUR OG SVALANDI

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## &gt; 3.922 áhorfendur í Laugardalnum

Fin stemning ríkti heilt yfir á Laugardalsvelli í gær. Tólfan studdi vel við bakið á liðinu en á stundum vantaði að fleiri tækju undir. Stelpurnar voru ánægðar með stuðninginn. „Vonandi fáum við fleiri áhorfendur næst en ég þakka þeim sem komu kærlega fyrir stuðninginn. Ég var mjög ánægð með hann,” sagði fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir. Næsti leikur Íslands er á fimmtudaginn gegn Grikklandi. Hann hefst klukkan 16.30.

**sport**  
sport@frettabladid.is

## SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON LANDSLIÐSPJÁLFARI: NAMMIÐ Á BEKKNUM HELDUR UPPI STEMNINGU

## Stoltur landsliðspjálfi í sólskinsskapi

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðspjálfi var að vonum brosmildur í sólinni eftir leikinn. „Þetta þróaðist mjög vel fyrir okkur. Við fengum mark snemma leiks og það stútar þeim svoltið þegar við skorum annað markið. Slóvenska liðið er heldur ekki vant að spila fyrir framan svona marga áhorfendur og það hefur kannski slegið þær svoltið út af laginu. Það var líka mjög jákvætt að geta hvílt Margréti eftir þriðja markið,” sagði landsliðspjálfiinn. Hann talaði við Margréti á

hlíðarlínunni í dágóða stund og svo virtist vera sem hún vildi hreinlega ekki yfirgefa völlinn. „Við ræddum aðeins saman. Það vill enginn fara út af en við ákváðum að taka skynsemina á þetta og ég held að það hafi verið rétt ákvörðun,” sagði Sigurður og Margrét tók einnig undir það.

„Mér fannst jákvætt hvað við sköpuðum okkur mikið af færum. Leikskipulagið okkar gekk vel upp og sóknin gekk mjög vel. En maður vill reyndar alltaf meira,” játaði Sigurður glottandi.

Nammipokinn á varamannabekknun tæmdist líklega næstum því enda fá leikmenn og starfsmenn þar nammi í hvert sinn sem Ísland skorar. „Það er mjög mikilvægt starf að kaupa í nammipokann fyrir hvern landsleik,” segir þjálfiinn.

„Halldóra Gyldadóttir liðsstjóri sá um það núna og þegar við skorum fá allir eitt nammi. Sumir stela sér reyndar tveimur, þremur, fjórum og jafnvel fimm bitum,” sagði Sigurður, sem þvertók fyrir að nefna nöfn þeirra seku þrátt fyrir ágengni blaðamanns. „Þetta býr til góða stemningu á bekknum.”

Sigurinn þýðir að Ísland hefur tryggt sér sæti í umspili fyrir lokakeppni EM. „Það er frábært að ná því þegar tveir leikir eru eftir í riðlinum,” sagði Sigurður. Auk þess dugir Íslandi nú jafntefli gegn Frökkum ytra vinni liðið Grikkland á fimmtudaginn.

„Með sigri í þeim leik fáum við líka veikari andstæðing en ella í umspili,” sagði Sigurður og það er því ljóst að það er til mikils að vinna í leiknum á fimmtudag, sem hefst klukkan 16.30.

## UNDANKEPPNI EM

Ísland - Slóvenía 5-0  
1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (víti, 11.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (26.), 3-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (50.), Katrín Jónsdóttir (63.), 5-0 Katrín Ómarsdóttir (85.)

## Tölfræðin:

Skot (á mark) 15-2 (7-0)  
Varin skot Þóra Ó - Knesevic Ó  
Horn 7-1  
Aukaspjrnur fengnar 10-11  
Rangstöður 7-1

## Staðan í riðlinum

1. Frakkland	7	6	0	1	28	18	stig
2. Ísland	6	5	0	1	17	15	stig
3. Slóvenía	7	3	0	4	-12	9	stig
4. Grikkland	5	1	0	4	-15	3	stig
5. Serbía	7	1	0	6	-18	3	stig



KUNNULEG SJÓN Þóra horfir hér á leikinn fjarri boltanum eins og svo oft í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ekkert að gera í markinu:

## Bara áhyggjur af „taninu“

**FÓTBOLTI** Tvö skot Slóvena að marki ollu Þóru B. Helgadóttir markmanni engum áhyggjum. „Ég þurfti ekki að hafa áhyggjur af neinu nema „taninu“ í dag. Það kæmi mér ekki á óvart að ég væri sólbrennd. Maður er auðvitað orðinn þeldökkur eftir þetta. Þetta var leiðinlegasti leikur sem ég hef spilað en það var afar skemmtilegt að klára hann,” sagði Þóra glaðbeitt.

- hþ

## „Stelpurnar okkar“ stóðust prófið

Ísland hafði mikla yfirburði í 5-0 sigri á arfaslökku liði Slóvena í gær. Leikurinn var einstefna frá fyrstu mínútu og sáu slóvensku stúlkurnar aldrei til sólar. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu í leiknum.

**FÓTBOLTI** Leikmenn íslenska karlandsliðsins í handbolta hafa löngum verið kallaðir „strákarnir okkar“. Með enn einni glæsilegri frammistöðu í gær er nú óhætt að kalla kvennalandsliðið í knattspyrnu „stelpurnar okkar“.

Ísland vann Slóveníu 5-0 og hefur þar með tryggt sér réttinn til að leika í umspili um laust sæti í úrslitum Evrópumótsins á næsta ári. Vinni liðið Grikkland á fimmtudag leikur það úrslitaleik gegn Frökkum ytra í haust um beint sæti á móti þar sem liðinu dugir jafntefli.

Leikurinn í gær var einstefna frá upphafi til enda. Íslenska liðið náði strax góðum tökum á leiknum og eftir að Margrét Lára Viðarsdóttir var toguð niður í teignum og hafði skorað úr vítinu sjálf var leikurinn nánast búinn.

Slóvenska liðið gerði sig nánast aldrei líklegt til að sækja og átti aðeins tvo skot í átt að marki Íslands í leiknum. Hvorugt olli nokkrum usla. Lið Slóveníu var ekki svipur að sjón og það gat hreinlega ekki neitt. Slóvenarnir lágu einnig í valnum hvað eftir annað og biðluðu um miskunn sem þeim var ekki sýnd. Stelpurnar hreinlega gengu frá þeim.

Margrét Lára skoraði sitt annað mark eftir að jafnbesti maður liðsins í gær, Sara Björk Gunnarsdóttir, hafði unnið boltann af mikilli hörku og sent á Hólmsfríði, sem lék á varnarmann áður en hún lagði knöttinn á Margréti sem skoraði auðveldlega. Sara var frábær í leiknum, barðist úti um allt og lét finna vel fyrir sér. Hún er sautján ára gömul.

**FLÖTTUR LEIKUR** Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðspjálfi heldur hér siguræðu yfir íslenska landsliðinu í gær. Það vann öruggan 5-0 sigur á slökku liði Slóvena.



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Staðan í hálfleik var 2-0 og eftir Bahamataktu Ingó í leikhléinu héldu yfirburðir Íslands áfram. Margrét Lára fullkomnaði þrennu sína eftir vel útfært horn þar sem hún fékk sendingu frá Katrínu Ómarsdóttur frá nærstönginni. Gott mark hjá liðinu. Margrét Lára fékk svo dýrmæta hvíld þegar hún var tekin út af á 57. mínútu.

Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir skoraði fjórða markið eftir vel útfærða aukaspjrnur og skömmu síðar var mark sem hún skoraði dæmt af vegna rangstöðu. Rakel Hönnadóttir skaut í þverslána en Katrín Ómarsdóttir rak síðasta naglann í kistu Slóvena með fimmta og síðasta markinu með þrumuskoti á lokamínútunum. Flott mark hjá Katrínu.

Í raun var íslenska liðið varla að spila á fullum krafti því það á enn meira inni. Stelpurnar voru farnar að hægja mikið á sér undir lokin og náðu þar með að spara sig örlítið enda er stutt í næsta leik. Sigurður Ragnar Eyjólfsson heldur áfram að ná frábærum árangri með liðið, sem spilaði góða knattspyrnu í gær.

„Þetta voru meiri yfirburðir en ég bjóst við,” sagði Sara Björk eftir leikinn. „Við settum mark á þær snemma og það var mjög mikilvægt. Við þurfum að halda einbeitingu í 90 mínútur og gerðum það. Slóvenska liðið er frekar slappt en leikur okkar var klárlega eins og við viljum hafa hann. Við áttum allar góðan leik í dag.”

hjalti@frettabladid.is



FLIKK-FLAKK INNKÖST Ásta sýndi skemmtilega takta með innköstum sínum í gær. Þetta hér heppnaðist vel en eitt þeirra mistökst þannig að Ásta datt á rassinn og fékk í þokkabót dæmt á sig vitlaust innkast. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ásta Árnadóttir fór í heljarstökk í skiptingunni:

## Var að bæta upp fyrir að detta á rassinn

**FÓTBOLTI** Ásta Árnadóttir fór í skemmtilegt handahlaup og heljarstökk þegar henni var skipt af velli á 69. mínútu. „Ég var að bæta upp fyrir að detta á rassinn,” sagði Ásta, sem flaug á hausinn og uppskar mikill hlátrasköll í einu af sérstæðum innköstum sínum.

Ásta tekur svokölluð flick-flakk

innköst þar sem hún fer í heljarstökk með boltann áður en hún fleygir honum langt inn á teiginn. „Það var valkvíði hvoru megin við enda hlaupabrautarinnar ég ætti að setja boltann niður og endaði bara á rassinum svo fólk myndi gleyma hinu,” sagði Ásta skælbrosandi. Það tókst eflaust ekki. - hþ

Hin 21 árs gamla Margrét Lára hefur skorað 40 mörk í 42 landsleikjum:

## Vildi ekki fara út af eftir þrennuna

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur nú skorað 40 mörk í 42 landsleikjum fyrir Íslands hönd. Tölurnar tala sínu máli en árangur hennar er hreint einstakur. Í gær skoraði hún sína fjórðu þrennu. Hinar komu gegn Póllandi 2003, Skotlandi 2004 og gegn Portúgal 2006 þar sem hún skoraði reyndar fjögur mörk.

„Ég veit hreinlega ekki hvað ég á að segja um þetta. Er þetta ekki bara markheppni?“ spurði Margrét Lára brosand. „Þetta eru auðvitað flottar tölur og allt það en það er margt á bak við þetta. Ég hef frábæra liðsfélaga og þetta er bara rosalega gaman. Það er kærkomið að skora þrjú fyrir mig þar sem ég hef verið að glíma við meiðsli og þetta gefur mér bara aukið sjálftraust fyrir framhaldið,” sagði Margrét, sem vildi alls ekki láta skipta sér út af eftir þrennuna.

Hún ræddi við Sigurð landsliðspjálfa í dágóða stund á meðan leikurinn var í gangi á hlíðarlínunni. „Við vorum að taka ákvörðun um þetta, hann vildi vera skynsamur. Maður vill aldrei fara út af. Hann þurfti að sannfæra mig um það. Við erum auðvitað með frábæra varamenn líka sem komu sterkir inn þannig að við þurftum ekki að hafa áhyggjur af neinu. Eftir á að hyggja var þetta skynsamlegt. Ég hef verið að berjast við meiðsli og hef lent svoltið illa í því. Með hjálp góðra sjúkrapjálfa tekst mér það,” sagði Margrét ákveðin.

Sigurður hrósaði Margréti einnig. „Þetta er náttúrulega magnað. Hún skorar í nánast hverjum einasta landsleik og stundum fleiri en eitt. Hún er



GLEÐI Í LAUGARDALNUM Margrét Lára fagnar þrennu sinni með því að hlaupa til landsliðspjálfarans. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

alltaf að verða betri og betri og þegar maður heldur að hún geti ekki bætt sig meira gerir hún eitthvað svona. Það er frábært að hafa svona leikmann í liðinu,” sagði landsliðspjálfiinn.

- hþ





VÍGREIF Í FÖGNUM Fyrirlíðinn Katrín Jónsdóttir fagnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Katrín og Katrín voru sáttar: „Þjóðin hefur trú á okkur“

**FÓTBOLTI** „Þetta var frábært og mjög gaman. Við hefðum getað spilað betur, seinni hálfleikur var svolítið lengi að líða. En við skoruðum fimm og héldum hreinu og það er auðvitað bara frábært. En við megum ekki ofmetnast og ég held að við gerum það ekkert. Við erum of skynsamir til þess.“ sagði Katrín Ómarsdóttir.

Hún fagnaði marki sínu með skemmtilegum dansi. „Fagníð fékk ég frá Þæjumótinu. Það var stelpa frá Selfossi sem skoraði og ég ákvað að fagna svona næst þegar ég skoraði.“ sagði hún brosmild.

Fyrirlíðinn Katrín Jónsdóttir skoraði líka í leiknum. „Við hefðum jafnvel getað skorað fleiri mörk. Þessi sigur er mikilvægur og gefur okkur auknið sjálfstraust. Það er hátt núna og fólkið í kringum liðið hefur trú á okkur líkt og þjóðin. Það gefur okkur meðbyr og við reynum að standa undir því.“ - hph

Fylkir vann í Intertoto:

## Góður útisigur Fylkis í Ríga

**FÓTBOLTI** Fylkir vann FK Riga í fyrstu umferð Intertoto-keppinnar ytra í dag. Leikmenn Riga pressuðu stíft en vörn Fylkis átti góðan leik líkt og Fjalar í markinu. Valur Fannar Gíslason kom Fylki yfir með skallamarki eftir hornspyrnu frá Peter Gravesen, sem skoraði svo úr víti í síðari hálfleik. FK Riga minnkad í muninn skömmu síðar. Síðari leikurinn fer fram eftir viku á Laugardalsvelli. - hph

Þriðja Kaupþingsmótið er á Akranesi um helgina:

## Hörð keppni í báðum flokkum á toppnum

**GOLF** Sigmundur Einar Músson úr GK og Magnús Lárusson úr GK eru í efsta sæti eftir fyrri daginn á Garðavelli á Akranesi en báðir léku þeir á pari vallarins í gær. Um helgina fer þriðja mótið í Kaupþingsmótaröðinni fram á Skaganum.

Rjómablíða var á mótstað en keppni á toppnum er hörð. Næstu menn eru tveimur höggum á eftir. Það eru Einar Páll Long úr GR og Hafþór Ingi Valgeirsson úr GA sem léku á 74 höggum. Ottó Sigurðsson úr GR og Örn Ævar Hjartarson úr GS léku á 75 höggum, þremur höggum yfir pari.

Ólöf María Jónsdóttir úr Keili leiðir keppnina í kvennaflokki.

Hún lék á 74 höggum, tveimur yfir pari og er tveimur höggum á undan Nínu Björk Geirsdóttir úr Kili. Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni á Akranesi lék á 77 höggum og er í þriðja sæti ásamt Þórdísi Geirsdóttir úr Keili.

Ólafur Björn Loftsson úr NK og Ásta Birna Magnúsdóttir úr GK eru með forystu á mótariðinni. Ólafur er ekki á meðal þátttakenda á Akranesi um helgina þar sem hann er erlendis með unglíngalandsliði Íslands. Ásta Birna náði sér ekki á strik í gær en hún lék á 82 höggum og er í tíunda sæti.

Keppni hefst klukkan 7.30 á sunnudagsmorgun og lýkur um kvöldmatarleytið í kvöld. - hph



Í FORYSTU Sigmundur leiðir eftir fyrri daginn í karlaflokki ásamt Magnúsi Lárussyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Rússar rifu sig úr að ofan í Basel í gær eftir frábæran sigur á Hollendingum:

## Andrei Arshavin sendi Hollendinga heim á leið

**EM 2008** Stórleikur Andrei Arshavin var drifkrafturinn á bak við frábæran sigur Rússa á Hollendingum í átta liða úrslitum EM í gær. Jafnt var eftir venjulegan leiktíma en Arshavin tryggði sigurinn í framlengingunni.

Guus Hiddink talaði um það fyrir leikinn að hann þekkti landa sína vel. Það sýndi sig því Rússar leyfðu þeim sem skapað hafa hvað mest fyrir Holland í keppninni, Rafael van der Vaart og Wesley Sneijder, ekki að gera nokkurn skapaðan hlut. Heimavinna Hiddinks skilaði því sínu. Ruud van Nistelrooy var einangraður í framlínunni og Hollendingum gekk erfiðlega að skapa sér færi.

Rússar áttu nokkur ágæt færi og þurfti Edwin van der Sar markmaður nokkrum sinnum að taka á honum stóra sínum í hollenska markinu. Það var framherjinn Roman Pavlyuchenko sem kom Rússum yfir í seinni hálfleik eftir markalaus-an fyrri hálfleik. Hann setti boltann þá laglega í netið eftir fyrirgjöf



ARSHAVIN Sést hér neðstur í rússnesku hrúgunni sem myndaðist eftir þriðja mark Rússa í leiknum, sem Arshavin skoraði sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Andrei Arshavin, sem lék afar vel og er klárlega á leiðinni til stórlíðs í Evrópu eftir keppnina.

Rússar gátu skorað fleiri en eitt mark eftir það en þeir sváfu á verðinum fjórum mínútum fyrir leikslok. Þá stangaði van Nistelrooy aukaspyrnu frá Sneijder inn og tryggði Hollendingum framlengingu.

Þar voru Rússar mun sterkari. Arshavin skaut í slá áður en hann bjó til mark fyrir Dmitri Torbinsky, sem dugði að pota boltanum yfir línuna eftir stórkostlegan undirbúning miðjumansins. Arshavin gulltrygðir svo sigurinn með þriðja marki Rússa með marki á lokamínútunum. Verðskuldaður 3-1 sigur Rússa því staðreynd.

Rússar mæta Spánverjum eða Ítölum í undanúrslitunum. - hph

Ásdís Hjálmsdóttir:

## Komin inn á Ólympíuleikana

**FRJÁLSAR** Ísland keppir um helgina á Evrópubíkarkeppni landsliða í Tallinn í Eistlandi. Ísland er í 2. deild. Ásdís Hjálmsdóttir bætti þar sitt eigið Íslandsmet í spjótkaсти og náði lágmarki fyrir Ólympíuleikana í Peking í sumar. Hún kastaði 57,49 metra.

Íris Anna Skúladóttir Fjölmi stórbætti eigið Íslandsmet í 3.000 m hindrunarhlaupi og náði lágmarki fyrir heimsmeistaramót unglíngla 19 ára og yngri.

Bergur Ingi Pétursson úr FH sigraði í sleggjukasti þar sem hann kastaði 71,44 metra. Silja Úlfarsdóttir sigraði í 400 m grindahlaupi á 58,90 sek. og Þórey Edda Elísdóttir sigraði í stangarstökki með stökki upp á 4,20 metra. - hph



RÄIKKÖNEN Náði rásþól númer 200 fyrir Ferrari. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Formúla 1 í Frakklandi:

## Räikkönen á rásþólunum

**FORMÚLA 1** Finnski ökuþórinn Kimi Räikkönen er á rásþól fyrir franska kappaksturinn í dag. Räikkönen ók Ferrari-fák sínum hraðast í tímatökunum í gær og liðsfélagi hans Felipe Massa varð annar. Fernando Alonso ræsir svo þriðji á McLaren. Räikkönen vann franska kappaksturinn í fyrra en þetta er í 200. skipti sem Ferrari nær rásþól í Formúlu 1. - hph

Erla Dögg Haraldsdóttir:

## Setti Íslandsmet

**SUND** Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB setti nýtt og glæsilegt Íslandsmet í 100 metra bringusundi á Metamóti síns eigin félags í gær. Erla Dögg synti á 1:08,58 mínútum og bætti eigið met frá því í nóvember á síðasta ári um 1,05 sekúndur. - hph

Sex leikmenn og einn þjálfari á Evrópumótinu í Sviss og Austurríki eru fæddir í Brasilíu:

## Brasilíumenn setja mark sitt á Evrópumótið

**EM 2008** Sex leikmenn á Evrópumótinu eru fæddir í Brasilíu. Landið er í Suður-Ameríku en þessir kappar hafa allir fengið annan ríkisborgararétt og eru því gjaldgengir með viðkomandi löndum. Enginn þeirra lék fyrir yngri landslið Brasilíu. Auk þess er Luiz Felipe Scolari, þjálfari Portúgals, Brasilíumaður.

**Pepe (Portúgal og Real Madrid)**

Fæddur í Maceió, Brasilíu. Fullt nafn hans er Képler Laveran Lima Ferreira en hann ólst upp hjá unglíngaliði Corinthians. Fluttist sautján ára til Portúgals og komst loks í byrjunarlið Porto árið 2005. Var frábær þar. Seldur til Real Madrid fyrir um 24 milljónir punda. Fékk ríkisborgarétt í ágúst 2007.

**Roger Guerreiro (Pólland og Legia Varsjá)**

Fæddist í São Paulo í Brasilíu. Hann lék í heimalandi sínu allt til 2004; fór til Spánar og þaðan til Póllands. Leo



Beenhacker, þjálfari Póllands, lofaði honum sæti í byrjunarliðinu ef hann gerðist pólskur ríkisborgari. Það samþykkti Guerreiro og fékk hann réttindin eftir sérstaka flýtimeðferð rétt fyrir Evrópumótið.

**Marcos Senna (Spán og Villarreal)**

Spilaði í heimalandi sínu í fimm ár en fór til Spánar árið 2002. Fékk ríkisborgarétt eftir fjögur ár þar og hefur leikið með landsliðinu síðan. Fæddur í São Paulo og lék með fimm félögum á jafn mörgum árum í heimalandinu fyrir Spánarreisuna.



**Mehmet Aurélio (Tyrkland og Fenerbahçe)**

Marco Aurélio Brito dos Prazeres fæddist í Rio de Janeiro og breytti fyrsta nafninu sínu í Mehmet þegar hann fékk tyrkneskan ríkisborgarétt árið 2006. Var í sex ár í Flamengo og er þessi djúpi miðjumaður nú orðinn varafyrirlíði Fenerbahçe.



**Kevin Kuranyi (Þýskalandi og Schalke)**

Fæddist í Rio árið 1982, á ungversk-franskan föður og móður frá Panama. Valdi því Þýskaland fram yfir Brasilíu, Ungverjaland og Panama. Hefur spilað í öllum löndunum nema Ungverjalandi en fyrsta landsliðsmark hans kom gegn Íslandi árið 2004.

**Deco (Portúgal og Barcelona)**

Anderson Luis de Souza fæddist í São Bernardo do Campo í Brasilíu og þótti ekki nógu góður hjá Corinthians. Hann fór því til Portúgals og flakkaði milli neðrideildarliða en fór að lokum til Porto árið 1999. Eftir sex ár í Portúgal fékk hann ríkisborgarétt árið 2002.

**Slæm þróun?**

Liðin verða kannski betri með því að fá leikmenn til að skipta um ríkisfang, eða nota leikmenn sem gera það, en sumir hafa áhyggjur. „Ef við hunsum innrásina frá Brasilíu, ekki bara í Evrópu heldur í Afríku og Asíu líka, verða næstu heimsmeistaramót árin 2014 og 2018 full af þeim. Þetta er mjög mikil hætta,“ segir áhyggjufullur Sepp Blatter, forseti FIFA.



FRÁ BRASILÍU TIL PORTÚGALS Deco og Pepe eru tveir þeirra leikmanna á HM sem fæddir eru í Brasilíu en leika nú með Evrópuþjóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Inn í upptalninguna á leikmönnum sex vantar einnig Eduardo da Silva, aðalsóknarmann Króata, sem er meiddur og gat því ekki tekið þátt í mótinu.

Á EM nú leika þrjú leikmenn í viðbót sem eru fæddir í öðru landi en þeir spila fyrir. Þetta eru Lukas Podolski og Miroslav Klose, sóknardúett Þjóðverja, sem báðir eru fæddir í nágrennalandinu Póllandi, og Mauro Camoranesi sem spilar fyrir Ítalíu en er fæddur í Argentínu.

Auk þess hafa margir Brasilíumenn spilað á HM fyrir hönd annarrar þjóðar, til dæmis Alex fyrir Japan og Antonio Naelson Sinha fyrir Mexíkó.

- hph

# Með bardagana í blóðinu

**Renzo Gracie** er af þriðju kynslóð bardagamanna. Afi hans fann upp brasilískt jiu-jitsu og heldur Renzo merki fjölskyldu sinnar á lofti. Í viðtali við *Hjalta Þór Hreinsson* segir Renzo frá uppruna sínum, hefðum og hvernig hann getur líkt bardagaíþrótt sinni við skák.

**É**g hitti Renzo Gracie í húsakynnum Mjólnis. Hann var þá nýkominn úr Bláa lóninu og lét vel af. Hann hélt námskeið helgina 14.-15. júní fyrir iðkendur í Mjólni þar sem færri komust að en vildu. Renzo var boðið til Íslands í gegnum Royal Group, fyrirtækjasamstæðu þrjátíu fyrirtækja í Abu Dhabi, næsttærstu borg Sameinuðu arabísku furstadæmanna (SAF) á eftir Dubai. Stjórnendur Royal Group hafa mikinn áhuga á Íslandi og þreifa fyrir sér hér á landi upp á samstarf.

Maðurinn á bak við Royal Group er Sheikh Tahnoon Bin Zayed Al Nahyan, krónprins Abu Dhabi. Renzo hefur verið einkakennari frá árinu 1993. Bróðir Tahoons er Sheikh Khalifa Zayed Al Nahyan, forseti SAF. Þeir bræður eru synir Zayeds bin Sultan Al Nahyan sem er arkitektinn á bak við SAF; hann stýrði landinu í tuttugu ár og er enn þjóðhetja.

## Fimm ára á æfingar hjá afa

En nóg um það. Renzo fæddist í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1967. Fjölskylda hans var engin venjuleg fjölskylda. Hann er af þriðju kynslóð bardagamanna en Gracie-fjölskyldan er sú virtasta innan bardagaheimsins. Afi hans, Carlos, fann upp brasilískt jiu-jitsu ásamt bróður sínum, Hélio.

„Ég reyndi að sýna einhverja sambataktta í fótbolta en ég gat ekki neitt,“ segir Renzo glaðbeittur en afi hans og faðir byrjuðu að kenna honum að berjast þegar hann var fimm ára gamall. „Afi minn lærði hina upprunalegu íþrótt jiu-jitsu af Japönum og útfærði hana á sinn hátt. Hann skapaði því brasilískt jiu-jitsu sem ég er mjög stoltur af.“

„Ég ólst ekki upp í hörðu hverfi en fjölskyldan mín er stútfull af bardagamönnum. Ég ákvað því strax að halda heiðri fjölskyldu minnar á lofti. Þetta er lífsstíllinn minn,“ segir Renzo sem reyndar gerðist atvinnumaður á brimbrettum í skamman tíma. Hann gerðist síðan atvinnumaður í bardagaíþróttum og vann fjölda titla.

## Helgar sig íþróttinni

„Ég ákvað að helga mig íþróttinni algjörlega. Ég er ánægður með að vinnan mín er nokkuð sem ég hef unun af. Þetta er reyndar ekki eins og vinna fyrir mér, þetta er bara ánægja. Að fá að lifa inni í þessu,“ sagði Renzo, sem fór í háskóla en hætti þá skólagöngunni.

Renzo hefur keppt í brasilísku jiu-jitsu og í blönduðum bardagaíþróttum (MMA, Mixed Martial Arts) og náð framúrskarandi árangri í báðum greinum. Vinsældir MMA náðu nýjum hæðum þegar UFC-samtökin (Ultimate Fighting Championship) hófu keppni til að skera úr um hvaða bardagalist, þar sem vopn koma ekki við sögu, væri best. Einn af stofnendum UFC var Rorion Gracie, náfrændi Renzos.

Áður fyrr voru reglur í keppnum á vegum UFC ekki strangar og ljót meidlsli voru tíð. Í dag hafa reglurnar verið hertar þrátt fyrir að harkan sé enn gríðarleg. Renzo er með sitt eigið lið sem keppir í IFL-deildinni (International Fighting League). Það er fyrsta deildin í MMA-heiminum en hún var stofnuð árið 2006. Lið Gracies kallast nú The Gracie Academy en hét áður New York Pitbulls. Lið hans varð meistari á síðasta ári og fór það í gegnum tímabilið án þess að tapa bardaga.

## Ört stækkandi skóli

Gracie býr nú í New York þar sem hann starfrækir samnefndan skóla, The Gracie Academy. „Ég hef alltaf kunnað vel við New York. Hún hefur þann eiginleika að fagna öllum, þarna er fólk af nær öllu þjóðerni. Ég gat fundið Brasilíumenn, brasilískan mat og slíkt,“ segir Renzo, sem stofnaði skólann fyrir tólf árum. Skólinn fer ört stækkandi og æfingaaðstaðan er glæsileg. Í henni æfa 950 manns og eru fjórtán tímar starfræktir á hverjum degi. Skólinn er í 3.000 fermetra húsnæði sem Renzo vonast til að stækka fljótlega til að geta komið allt að 1.500 manns fyrir. Hann stefnir jafnframt á að opna fjóra nýja skóla í New York og nágrenni á næstu árum. „Skólinn hefur stækkað ótrúlega hratt. Við byrjuðum með um fjórutíu manns en höfum heldur betur hækkað töluna. Hann stækkar með hverjum deginum,“ segir Renzo.

## Því eldri, því betri

MMA er líf hans og sál en grunnur þess er brasilískt jiu-jitsu, að mati Renzos. „Ef þú kannt ekki BJJ, þá skaltu ekki keppa í MMA, þá taparðu bara,“ segir hann eins og hann sé að gefa blaðamanni föðurleg ráð. „Íþróttin er gríðarvinsæl. Þetta er í sjónvarpinu allan sólarhringinn í Bandaríkjunum og iðkendum fjölgar stöðugt. Á heimsmeistaramóti í Kaliforníu um daginn kepptu yfir 1.500 manns,“ segir kappinn en yfir milljón manna horfðu á fyrsta bardagann í IFL-deildinni í sjónvarpi á síðasta ári.

Renzo keppir enn, síðast snemma árs 2007, en stefnir á bardaga á þessu ári. „Ég fer fljótlega að æfa aftur. Þá æfi ég sex daga vikunnar, tvisvar til þrisvar á dag, og fer á sérstakt mataræði,“ segir Renzo, sem orðinn er 41 árs gamall. Aldurinn er alls ekki farinn að hafa slæm áhrif á kappann.

„Ég hef verið að bæta mig frá því ég var fimm ára. Ólíkt mörgum íþróttum, þar sem menn vilja ekki eldast, þá er maður eins og gott vín í þessari íþrótt. Þetta er eins og skák, hugurinn skiptir öllu máli. Eini munurinn er að í skák eru menn ekki að kyrkja hver annan,“ segir Renzo og hlær dátt.

## Ekkert án íþróttarinnar

Hann á konu og þrjú börn sem öll hafa stundað bardagaíþróttir, misikið þó. „Elsta dóttir mín er ekki mikið fyrir þetta. Hún stundaði smá sparkbox en er meira fyrir tísku og slíkt,“ segir hann og brosir. „En yngri tvö börnin eru stórhreifin af þessu og stunda íþróttina af miklum móð. Bakgrunnur í þessari íþrótt jafnast á við hvaða háskólanám sem er, heimspekilega séð. Ég myndi ekki vilja að börnin mín misstu af því að upplifa það að vera á gólfinu og æfa sig.“

Ein besta upplifun Renzos á ferlinum kemur úr þjálfunarhljóðinni. „Að gera meistara úr nemendum mínum er ótrúleg reynsla,“ segir Renzo, sem lifir fyrir íþróttina. „Þessi íþrótt gefur mér allt sem ég er. Ef þetta verður tekið frá mér verð ég eins og tóm skel. Allt sem ég geri og kann kemur frá íþróttinni. Þetta hefur opnað ýmsar dyr fyrir mér og gert líf mitt afar skemmtilegt og viðburðaríkt. Að vera í kringum fólk-ið sem ég dáist að. Ef ég myndi deyja núna og mætti ráða hvernig líf mitt yrði, myndi ég hafa það nákvæmlega eins og það hefur verið,“ segir Renzo Gracie.



**ENN FLOTTUR** Renzo er 41 árs gamall en formið er enn gott. Hann er reyndar ekki í sínu besta líkamlega ástandi um þessar mundir en ætlar fljótlega að fara að æfa sig fyrir næstu keppni. Ljósmyndari bað hann reyndar um að hífa inn „bumbuna“ fyrir myndatökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Brasilískt jiu-jitsu

Í grófum dráttum gengur brasilískt jiu-jitsu (BJJ) út á að ná yfirburðastöðu á móti andstæðingnum og fá hann svo til að gefast upp með lás, svæfingu eða einhvers konar taki. Dæmi um lás væri að snúa það mikið upp á handlegg andstæðingsins að það valdi sársauka og hann gefist upp, en slíkt er yfirleitt mannúðlegri leið til að yfirbuga áráðarmann en til dæmis að brjóta kjálka hans með kylingu eða sparki. Yfirburðastaða telst þá einhvers konar stelling eða staða þar sem andstæðingurinn getur ekki meitt þig, en þú getur meitt hann eða fengið hann á einhvern hátt til að gefast upp. (Af Mjólnir.is)



**ÖFLUGUR** Renzo sést hér berjast árið 2006. Hann hefur unnið fjöldann allan af titlum á litríki ævi.



**SIGURSÆLL** Renzo fagnar hér einum af lærisveinum sínum. Lið Renzos varð meistari í IFL-deildinni á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/



**Á HLIÐARLÍNUNNI** Renzo starfrækir eigið lið úr skóla sínum og er að mestu leyti nú á hliðarlínunni í stað þess að vera í bardagahringnum.



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT  
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐinni  
Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST.\*  
DREGIÐ Í DAG.

\* Miðað við 3 mánaða bindingu.



# HÁPUNKTUR HELGARINNAR

Í DAG KL. 11:30

**KAPPAKSTURINN – BEIN ÚTSENDING**

Í KVÖLD KL. 22:00

**VIÐ ENDAMARKIÐ**

Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.  
Farið verður yfir helstu mál keppinnar og þau krufin til mergjar.



besta sætið

## > Uma Thurman

„Ég hef komist að því að útíhvinnandi mæður eru ofurkonur,“ sagði Uma Thurman en hún leikur í myndinni The Producers sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VILL FÁ ÞÁTT PAR SEM FÓLK ER AFHNAKKAD

### Umbreytingarþættir í algleymi

Par sem ég hef nú gaman af öllu sem tengist tísku hef ég slyst til að horfa á þætti þar sem konur eru teknar fyrir og umbreytt af erlendum tiskuvitringum með misjöfnum árangri. Ástæða þessa áhorfs er sennilega sú að oft hefur komið yfir mig sú löngun að gera slíkt hið sama við konur sem búa yfir miklum möguleikum en virðast bara ekki hafa græna glóru um hvernig á að nýta þá. Í fyrra fengum við bresku þættina þar sem Trinny og Susannah stíliseruðu þunglyndar breskar húsmæður en núna fáum við tvöfalda bandaríska þakka á Skjá Einum á miðvikudagskvöldum þar sem tveir samkynhneigðir menn umbreyta konum af ýmsum gerðum og stærðum. Jay Manuel ríður á vaðið með undarlegan þátt þar sem venjulegum og þreyttum konum er breytt

í Hollywood-stjörnu að eigin vali. Ein til dæmis vildi líta út eins og Angelina Jolie og í síðasta þætti var ungrí barnfóstru breytt í einhvers konar klón af Söruh Jessicu Parker. Ég verð að muna þetta næst þegar mér finnst ég vera þreytt og óspennandi, að reyna að leysa málið með því að breytast til dæmis í Charlize Theron. Það væri nú ekki slæmt.

Strax á eftir þessum furðulega þætti kemur svo Carson sem við þekkjum betur úr Queer Eye for the Straight Guy en hann er hættur að breyta löðnum hippum í metrómenn og farinn að klæða konur sem eru nokkrum

kílóum af þungar í stuðningssokkabuxur og risavaxna brjóstahaldara í þættinum How to Look Good Naked. Ég hef velt því fyrir hvers vegna samkynhneigðir menn eru alveg búnir að taka þessa þætti að sér og hvort ég myndi treysta breskum tæfum betur til að breyta um minn eigin stíl eða litaglóðum gay gaurum með rosalega ljótar hárgreiðslur. Það hefur bara verið gerður einn svona þáttur hér- lendis, þegar Gilzenegger sprejjaði karlmenn appelsínugula og klæddi þá í bleikar skyrtur. Ef ég hefði völd til að skapa svona þátt myndi ég einmitt reyna það sem aldrei hefur verið reynt áður: Að afhakka fólk. Hvernig hljómar það sem hugmynd að raunveruleikaþætti?



## EKKI MISSA AF



► **11.30 F1 - Frakkland Beint**  
STÖÐ 2 SPORT



► **20.00 Pussycat Dolls**  
Present: Girlicious STÖÐ 2 EXTRA



► **20.55 Hinrik áttundi (Henry VIII)**  
SJÓNVARPIÐ



► **21.30 The Wedding Planner**  
SKJÁREINN



► **21.40 The Riches** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í nætur-  
garði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni.  
**09.07 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígild-  
ar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans.  
**10.00 Fræknir ferðalangar**  
**10.25 Hjálpar, ræningjar!** (2:3) (e)  
**10.55 Glímukóngur** (Going to the Mat)  
**12.25 Ævintýri í Aspen** (Aspen Extreme)  
**14.20 Regnmaðurinn sjálfur** (e)  
**15.10 Fé og freistingar** Bandarísk þátta-  
röd, lokapátturinn endursýndur.  
**15.55 Baróninn og Þórarinn** Heimilda-  
mynd eftir Dúa J. Landmark um Hvítavalla-  
baróninn.  
**16.50 Hvað veistu?**  
**17.20 Táknmálsfréttir**  
**17.30 EM 2008 - Upphitun**  
**18.00 Fréttir**  
**18.23 Veður**  
**18.25 EM 2008 - Upphitun**  
**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsend-  
ing frá leik Ítala og Spánverja.  
**20.45 Fréttayfirlit**  
► **20.55 Hinrik áttundi (Henry VIII)** (1:2)  
Bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum um  
38 ára stormasama valdatíð Hinriks áttunda.  
Aðalhlutverk: Ray Winstone, Joss Ackland,  
Charles Dance og Helena Bonham Carter.  
**22.35 EM 2008 - Samantekt**  
**23.05 Draumur á jónmessunótt** (A  
Midsummer Night's Dream) Bresk sjón-  
varpsmynd frá 2005 sem byggð er á leikriti  
Williams Shakespeare en fært til nútímans.  
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BÍÓ

**06.00 Fat Albert**  
**08.00 Buena Vista Social Club**  
**10.00 The Producers**  
**12.10 Fjölskyldubíó: Jumanji**  
**14.00 Fat Albert**  
**16.00 Buena Vista Social Club**  
**18.00 The Producers** Gamanmynd með  
Nathan Lane, Matthew Broderick og Umu  
Thurman í aðalhlutverkum.  
**20.10 Jumanji**  
**22.00 The Cooler**  
**00.00 Back in the Day**  
**02.00 Perfect Strangers**  
**04.00 The Cooler**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og  
vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífi.  
**08.00 Algjör Sveppi**  
**09.35 Tommi og Jenni**  
**10.00 Krakkarnir í næsta húsi**  
**10.20 Draugasögur Scooby-Doo** (10:13)  
**10.45 Justice League Unlimited**  
**11.10 Ginger segir frá**  
**11.35 Bratz**  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.30 Neighbours**  
**12.50 Neighbours**  
**13.10 Neighbours**  
**13.30 Neighbours**  
**13.55 America's Got Talent** (8:12)  
**15.00 Primeval** (3:6)  
**15.55 Friends** (4:24)  
**16.20 The New Adventures of Old  
Christine** (10:22)  
**16.55 60 minutes**  
**17.45 Oprah**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**19.10 Derren Brown - Hugabrellur**  
NYTT (5:5) Derren Brown heldur áfram að  
beita ótrúlegum hugabrellum og sýna fram  
á að vegir hugans eru órannsakanlegir.  
Sjón er sögu ríkari.  
**19.35 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll þórðar-  
son ræðir við áhugavert fólk um lífshlaup  
þess og viðhorf.  
**20.10 Monk** (10:16) Monk heldur áfram  
að aðstoða lögregluna við laus sérkenni-  
legra sakamála.  
**20.55 Women's Murder Club** (2:13) Þær  
eru fjórar og perluvinkonur en sérsvið þeirra  
og helstu áhugamál eru slúður og sakamál.  
► **21.40 The Riches** (3:7) Svikahrappur af  
hjólhýsakynti sem hafa lífað sem sígaunar  
allt sitt líf, söðla rækilega um og setjast að í  
venjulegu úthverfi.  
**22.30 Wire** (1:13)  
**23.30 Cashmere Mafia** (1:7)  
**00.15 Bones** (12:15)  
**01.00 Mobile** (4:4)  
**01.55 10.5 Apocalypse** (1:2)  
**03.20 10.5 Apocalypse** (2:2)  
**04.40 Monk** (9:16)  
**05.25 The New Adventures of Old  
Christine** (10:22)  
**05.45 Fréttir**  
**06.30 Myndbönd frá Popp Tívi**

## SPORT

besta sætið

**08.20 Formúla 1 2008 - Frakkland** Út-  
sending frá tímatökunni.  
**09.55 Gillette World Sport** Fjölbreyttur  
íþróttapáttur þar sem farið er yfir það helsta  
sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.  
**10.25 Inside the PGA** Skyggst á bakvið  
þjöldin í PGA mótardöðinni og tímabilið fram-  
undan skoðað.  
**10.50 F1: Við rásmarkíð** Hitað upp fyrir  
Formúlu 1. Spjallþáttur þar sem fjallað verður  
um Formúlu 1 á mannlegu nótonum.  
► **11.30 Formúla 1 2008 - Frakkland**  
Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum.  
**14.15 Formúla 3** Sýnt frá Formúlu 3  
kappakstrinum í Snetterton en þar eignum  
við Íslendingar tvo fulltrúa.  
**14.45 Landsbankamörkin 2008** Allir  
leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í um-  
ferðinni skoðuð.  
**15.45 Opna bandaríska mótið** Útsend-  
ing frá lokadegi US Open í golfi.  
**20.10 Formúla 1 2008 - Frakkland** Út-  
sending frá Formúlu 1 kappakstrinum.  
**22.00 F1: Við endamarkíð** Fjallað um  
atburði helgarinnar og gestir ræða málin.  
**22.40 Million Dollar Celebrity Poker**

## SPORT 2

**16.20 Bestu leikirnir Bolton** - Wigan  
**18.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöð-  
var 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir  
hvern leikdag á EM.  
**18.30 PL Classic Matches** Everton -  
Leeds, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eft-  
irminnegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.  
**19.00 PL Classic Matches** Newcastle -  
Sheffield Wednesday, 99/00.  
**19.30 Premier League World** Nýr þáttur  
þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð  
frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir og  
gömlu stjórnumar leitaðar upp.  
**20.00 Football Rivalries - Galatasaray  
v Fenerbahce** Í þessum þáttum er fjall-  
að um ríga stórlíða víða um heim innan vall-  
ar sem utan.  
**21.00 EM 4 4 2**  
**21.30 10 Bestu - Rúnar Kristinsson**  
Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu  
bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.  
**22.20 Bestu leikirnir** West Ham - Man.  
Utd  
**00.05 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**09.50 Vörutorg**  
**10.50 MotoGP** Bein útsending frá Don-  
ington Park á Bretlandi þar sem áttunda  
mót tímabilsins í MotoGP fer fram.  
**15.05 The Biggest Loser** (e)  
**16.35 The Real Housewives of Orange  
County** (e)  
**17.25 Age of Love** (e)  
**18.15 How to Look Good Naked** (e)  
**18.45 The IT Crowd** (e)  
**19.15 Snocross - Lokapáttur** Íslenskir  
snjósléðakappar í skemmtilegri keppni þar  
sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa  
að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur  
aldrei verið eins spennandi. Kraftur, úthald  
og glæsileg tilþríf frá upphafi til enda.  
**19.40 Top Gear - Best of Vinsælasti**  
bílapáttur Bretlands, enda með vandaða  
og óháða gagnryni um allt tengt bílum og  
öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrár-  
liði og áhugaverðar umfjallanir.  
**20.40 Are You Smarter than a 5th  
Grader?** Bráðskemmtilegur spurningapáttur  
fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru  
teknar úr skólábókum grunnskólabarna en  
þær geta vafist fyrir þeim fulloröðnu.  
► **21.30 The Wedding Planner** Róm-  
antísk gamanmynd með Jennifer Lopez  
og Matthew McConaughey í aðalhlutverk-  
um. Mary er formaður kvenfélags í San  
Francisco sem skipuleggur brúðkaup. Allur  
áhugi hennar beinist að því að hlutirnir séu  
í röð og reglu og hún hefur engan tíma er  
fyrir karlmenn. En þegar henni og hönnuði  
hennar er bjargað af glæsilegum lækni lítur  
loksins út fyrir að hún hafi fundið þann rétta.  
**23.10 Almost a Woman** Áhrifarík sjón-  
varpsmynd sem vann til hinna virtu Pea-  
body-verðlauna árið 2003. Þetta er þroska-  
saga ungrar stúlkú sem flyst með fjölskyldu  
sinni til New York frá Púertó Ríkó. Aðalhlut-  
verkið leikur Ana Maria Lagasca, sem hlotið  
hefur mikið lof fyrir frammistöðu sína.  
**00.40 Secret Diary of a Call Girl** (e)  
**01.10 Minding the Store** (e)  
**01.35 Vörutorg**  
**02.35 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá líðinni  
viku.** Endurtekið á klst. fresti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Við stöndum upp úr í nýjustu

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir  
og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun  
Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisáðila sína  
miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18-49 á höfuðborgar-  
svæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að  
notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er  
best borgið.

36,30%



49,72%



69,94%



## könnun Capacent

Allt sem þú þarft...

...alla daga



## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 22.30

## Wire – Ný þáttaröð

Fjórdá syran í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi. Höfundur þáttanna er David Simon. Hann var einn handritshöfundar Homicide: Life on the Street.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## EM í fótbolta BEINT Sjónvarpið kl. 18.45

Það er komið að átta liða úrslitum í EM í fótbolta. Í dag spila Ítalir og Spánverjar. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir leik og samantekt úr leik dagsins sem hefst kl. 22.35.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregni	16.08 Veðurfregni
07.05 Morgunandakt	16.10 Úr tónlistarlífinu
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Domenico Scarlatti	18.26 Saga til næsta bæjar
09.03 Framtíð lýðræðis	18.52 Dánarfregni og auglýsingar
10.05 Veðurfregni	19.00 Óskastundin
10.15 Útvarpsleikhúsið: Hræðilega fjölskyldan	19.40 Af minnisstæðu fólki
11.00 Guðsþjónusta í Breiðholtskirkju	20.00 Leynifélagið
12.00 Hádegisútlarp	20.25 Tónleikur
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Á hestaslóð
12.45 Veðurfregni	22.07 Veðurfregni
13.00 Listin og landafræðin	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Loftbelgur	22.15 Umhverfis jörðina
14.30 Lostafulli listræninginn	23.10 Andrarímur
15.00 Flækingur	00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

15.00 Hollyoaks

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

18.00 Seinfeld (13:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

18.30 Seinfeld (14:22)

19.00 Seinfeld (13:22)

19.30 Seinfeld (14:22)

▶ 20.00 Pussycat Dolls Present:

Girlicious (3:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl úti um allan heim. Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls og mun hún heita Girlicious og samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsgöðu gullfallegum stúlkum. Fimmtán stúlkur af þeim þúsundum sem sóttu um keppa um eftirsóttu plássin þrjú.

20.45 Twenty Four 3 (4:24) (e)

21.35 American Dad (14:19) Fjórdá teiknimyndaserían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.

22.00 Seinfeld (13:22)

22.25 Seinfeld (14:22)

22.50 Seinfeld (13:22)

23.15 Seinfeld (14:22)

23.40 Sjáðu

00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## BBC PRIME

8.00 Top Gear Xtra

9.00 Top Gear Xtra

10.00 The Weakest Link

11.00 Doctor Who

11.45 Doctor Who Confidential

12.00 Doctor Who

12.45 Doctor Who Confidential

13.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets

14.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets

15.00 Days that Shook the World

16.00 Days that Shook the World

17.00 Space Race

18.00 Space Race

19.00 Space Race

20.00 Space Race

21.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets

22.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets

23.00 Days that Shook the World

00.00 Days that Shook the World

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen  
10.25 OBS 10.30 Manden fra toget 12.00 Det lille hus på prærien 13.10 Glem mig aldrig 14.40 Landsbyhospitalet 15.30 Bamses Billedbog 16.00 Et dejligt hundeliv 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Kløvedal i Kina 18.00 Rejseholdet 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt 19.50 Beck 21.20 Mørkets geminger

## N\*K1

9.10 Sydvent 9.40 Gammel bak rattet 10.20 Ti kniver i hjertet 11.50 Leif Ove Andsnes i Carnegie Hall 13.05 Motorsport: Mestermøte på Bjerke 14.00 Sprangridning: Norway Grand Prix 15.30 Åpen himmel 16.00 Lillefot og vennene hans 16.25 Herr Hikke 16.30 Tett på dyrene 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Med lisens til å sende: Historiske øyeblikk 18.35 Millionær i forkledning 19.25 Kavanagh 20.40 Majjazz 21.10 Kveldsnytt 21.30 Autofil 22.00 Kunstnerbyen New York 22.50 Uka med Jon Stewart 23.15 Norsk på norsk jukeboks

## 1 SVT 1

9.15 Sommartorget 9.45 I trädgården med Camilla Plum 10.25 En film om när män badar 10.55 Talama i 24 Direkt 12.00 Wallenbergs 13.00 Orangutangernas räddare 14.00 Esa-Pekkas önskekonsert 15.00 Teknikens fantaster 16.00 Fem myror är fler än fyra elefanter 16.30 Anki och Pytte 17.00 Hundkoll 17.30 Rapport 18.00 Sportspegeln 18.45 Här händer ju ingenting 19.00 Baronessan 19.25 Tandemhopp 19.30 Mia och Klara 20.00 Muslim i Europa 20.30 En svensk berättelse 21.00 Rapport 21.10 I sinnets våld 22.10 På luffen i

## Blaðberinn minn hjálpar mér að taka til



## HVÆÐ SEGIR MAMMA



„Mér finnst þetta flott hjá þeim. Ragnar er algjör engill núna miðað við þegar hann var fimm ára. Þegar hann byrjaði í skóla héldu allir að hann væri villingur af því að hann var í Kiss-jakka og rifnum gallabuxum. Hann fermdist með blátt há. Það er ekkert hægt að segja við þessu, þeir eru bara svona.“

Fríðgerður Guðmundsdóttir um syni sína Ragnar Sólberg og Egil Örn Rafnssyni, en hljómsveit þeirra, Sign, spilaði á hinni virtu rokkhátíð Download síðustu helgi.

## HIN HLIÐIN KRISTÍN BJÖRK KRISTJÁNSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

## Svag fyrir uppátækjasömu fólki og þúrtvíni

**Hvað er að fréttá?** Skínandi gott bara. Platan mín, Our Map to the Monster Olympics, er að koma út á næstu dögum, hérna heima og í Japan. Ég slæ upp rokna útgáfutónleikum í lönó á fimmtudagskvöldið af því tilefni.

**Augnilitur:** Grænn.

**Starf:** Listamaður.

**Fjölskylduhagir:** Huggulegir.

**Hvaðan ertu?** Úr Unaðsdal í Ísafjarðardjúpi.

**Ertu hjátrúarfull?** Í aðra röndina. Ég fæ ekki slag ef ég sé svartan kisa en það eru ýmis teikn sem boða hiklaust gæfu og ég horfi í þau.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Twin Peaks eru bestu sjónvarpsþættir allra tíma. Ég hef verið á þeirri skoðun síðan ég var 13 ára.

**Uppáhaldsmatur:** Rabarbari.

**Fallegasti staðurinn:** Mount Shasta í Kaliforníu, Minni-Vogar og Ísafjörður.

**iPod eða geislaspilar:** Langar einhvern að vita svarið við þessu?

**Hvað er skemmtilegast?** Spariskapið.

**Hvað er leiðinlegast?** Það er mjög leiðinlegt að ráða ekki við hjartsláttinn og missa málið.

En líka ákaflega leiðinlegt að taka bensín.

**Helsti veikleiki:** Ég er helvíti svag fyrir uppátækjasömu fólki og góðu þúrtvíni.

**Helsti kostur:** Ætli það sé ekki gamla góða hvatvísín, þó hún hafi nokkrum sinnum kostað mig kúlið, brot úr augnabliki.

**Helsta afrek:** Ég veiddi einu sinni stelpu upp úr hafsjó af skit undir fjósinu í sveitinni. Annars hefði hún kannski drukkað í drullu.

**Bestu vonbrigðin:** Það er langbest að snúa vörn í sókn um leið og syrtir í álinn, að stoppa helst aldrei lengur en brot úr augnabliki við eitt-hvað eins og vonbrigði – áfram með smjöríð!

**Hver er draumurinn?** Ást og list að eilífu.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Eggert Þorleifsson. Ég hef líka verið á þeirri skoðun síðan ég var 13 ára og sé ekki fram á að neinn skáki honum.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Ringlaðir menn og undirförlar konur.

**Hvað er mikilvægast?** Hugrekki, heilindi, góður félagskapur, andagift, ímyndunar-afli, límbó og líbíðó, gáski, drifkraftur, áráðni, ást og það að heiðra sérviskur sínar, að vita hvað mann langar í og þora að fá sér það.



HNEYKSLAST EKKI Á MEGASI Bjartmar Guðlaugsson vill ekki selja lög sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Bjartmar Guðlaugs selur sig ekki

„Það er ekki hægt að fá lög mín í auglýsingar og ef þau eru tekin ófrjálstri hendi er því svarað með lögfræðingum,“ sagði Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður. Bjartmar hefur verið kallaður „síðasta vígið“ eftir að lag Megasar, Ef þú smælur framan í heiminn, var notað í auglýsingu Toyota. „Eins og staðan er í dag, og hefur verið, þá myndi ég aldrei gera þetta og hef aldrei gert þetta. Þetta er ekki minn vettvangur.“

Bjartmari hefur oft verið boðið að selja lög sín. „Tilboð um svona í gegnum tíðina, þú getur rétt ímyndað þér. Maður á það mörg hittlög. Það hefur komið fyrir tvisvar, þrisvar sinnum að menn hafa tekið búið úr einhverju sem ég

hef gert og ætlað sér að nota það. Ég hef látið stoppa það og hef þrisvar á ferlinum þurft að stoppa hugmyndir um svona lagað í fæðingum. Ég ver minn höfundarrétt afskaplega vel.“

Það er ekki þar með sagt að hann hneykslist á þeim sem selja lög sín, þvert á móti. „Það er hverjum og einum listamanni frjálst að gera það sem honum býr í brjósti og það sem hann vill gera við sitt efni. Ég hef ekkert á móti auglýsingum, hef meira að segja mjög gaman af mörgum þeirra. Og ég er alls ekki hneykslaður á Megasi. Hann er ekki með neinn starfslokasamning frekar en aðrir popparar.“ Það lítur því út fyrir að „síðasta vígið“ ætli að halda. - kbs

## BJÖRGVIN HALLDÓRSSON: BÚINN AÐ KAUPA SÉR TÍSKUTÁKN

## Bó glæsilegur á nýrri vespu

„Þetta er tákn sjöunda áratugarins. Eiginlega er þetta bara eitt af þessum kultúr-táknunum, á alveg tvímælalaust heima í ikon-söggunni með Fendernum, Elvis og Coca-Cola flöskunni,“ segir Björgvin Halldórsson en hann er búinn að festa kaup á Piaggio-vespu af flottari taginu sem leikarinn Gunnar Hansson slegur inn og selur. Hjólin hafa flegið í gegn hér á landi og þegar eru yfir þrjátíu farartæki af þessari gerð komin á götur borgarinnar. „Þessi hönnun er náttúrlega alveg mögnuð. Ítalarnir kunna sitt fag þegar kemur að hönnun og stíl,“ bætir Björgvin við.

Vespan sem Björgvin hyggst notaferðis sínar um höfuðborgarsvæðið er alveg sérstök, kallast Vespa GTV 250 og er framleidd í tilefni af sextíu ára afmæli hjólsins. Hún er með öllum aukabúnaði sem hægt er að hugsa sér. „Heiðrar hinar klassísku línur sem gerðu hjólið að einu þekktasta vörumerki í heimi,“ svo vitnað sé í heimasíðu hjólsins. „Við hjónin kynntumst þessum léttu hjólum á Ítalíu og leigjum okkur oft svona þegar við erum þar. Þetta eru alveg æðisleg hjól, falleg og glæsileg en gæðin eru líka mikil,“ útskýrir Björgvin. „Mér finnst verst að geta ekki notað þau yfir vetrartímann en þau eru ekkert sérstaklega hentug í hálfu og snjó. Á sumrin eru þau hins vegar frábær og það er yndislegt að fá vindinn í fangið.“

Björgvin hefur reyndar sögu hjóllanna alveg á hreinu, bendir meðal annars á að þau hafi verið fyrirferðarmikil í rómantísku kvikmyndinni Roman Holiday þar sem Gregory Peck og Audrey Hepburn felldu hugi saman undir ljúfum og seiðandi niði frá vespunum í Róm. „Myndin fangaði einhvern veginn þennan anda



GÓÐ SAMAN Björgvin á vafalítið eftir að líta vel út á þessari glæsilegu vespu sem hann festi nýverið kaup á.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sem kemur yfir mann þegar maður situr á vespunni,“ segir Björgvin og hlær.

Björgvin er þó ekki að nema ný lönd með þessum vespukaupum því hann á eina gamla fyrir. „En núna var bara ákveðið að skipta henni út og fá sér alvöru hjól. Það er að verða til svöltil vespu-menning hér á landi og

það er ekkert smá gaman að þeysast á milli húsa eða skjóttast á kaffihús á svona faratæki,“ segir Björgvin, sem þarf þó eflaust að hafa mikið fyrir því að fá að hafa vespuna því eiginkonan Ragnheiður er engu síðri vespuaðdáandi en hann. „Hún hlakkar alveg jafn mikið til og ég að fá hjólið í hús.“ - fgg

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Brian Cowen.
- 2 Semih.
- 3 Stefsstells Vígi Villingur.

## Heimavíngerð til einkaneyslu ólögleg

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að víngerð heima við hefði færst í aukana með versnandi ástandi á fjármálum heimilanna. Þó að fyrirtæki á borð við Ámuna, sem selja efni og tæki til víngerðar, hafi öll tilskilin leyfi til starfans, lítur þó út fyrir að víngerð í heimahúsi sé ólögleg og refsiverð.

„Mér sýnist það klárt að þetta sé allt óheimilt samkvæmt áfengislögum,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður. „Þegar maður les þriðju grein áfengislaga gæti maður ályktað að það væri heimilt að framleiða áfengi til einkaneyslu. Þar segir að til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heilidsölu, smásölu eða framleiðslu áfengis þurfi leyfi, en ekki er minnst á framleiðslu til einkaneyslu,“ útskýrir Vilhjálmur. Í fjórðu grein laganna kemur fram að séu tilskilin leyfi ekki fyrir hendi varði það refsingu. „Þar er svo tekið fram að það varði refsingu að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu, þó ekki sé í atvinnuskyni,“ bendir Vilhjálmur

á. „Þar er einkaneyslan tekin fram klárt og kvítt,“ segir hann. Sækja má um leyfi til framleiðslu áfengis í atvinnuskyni, en ekki er hægt að fá leyfi fyrir einkaframleiðslu.

Lögin segja því til um að víngerð í heimahúsi sé ólögleg, þó að lítið heyrst af því að lögregla hafi mikil afskipti af slíku. „Ef þeir eru að fara í hús í öðrum tilgangi, eru með heimildir til slíks og tæki og tól sem að gera fólki kleift að brugga áfengi verða á vegi þeirra kippa þeir því eflaust með,“ segir Vilhjálmur, en heimilt er að gera öll slík tæki upptæk. „Ég held ekki að þeir séu almennt séð að leita að einni og einni rauðvín sem fólk framleiðir heima. Samkvæmt lögum er það samt ólöglegt,“ segir hann. - sun

**FRAMLEIÐSLA ÓLÖGLEG** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður segir það ljóst að framleiðsla á áfengi, þó að til einkaneyslu sé, sé ólögleg og refsiverð samkvæmt áfengislögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“



MÁLTÍÐ  
MÁNADARINS

Style  
Special

franskur  
\$905  
995.-



AMERICAN

STYLE



**BAKÞANKAR**  
 Davíðs Þórs  
 Jónssonar

## Niður með lýðræðið

Lýðræði er rugl. Það er dýrt í Lrekstri, seinvirkt og skilar sjaldnast gáfulegri niðurstöðu en þeirri sem hvort sem er hefði verið komist að með öðrum aðferðum. Það gengur yfirleitt út á að láta hóp fólks, sem annars gæti orðið að gagni, fjasa og þusa klukkustundum saman til að ákveða það sem allan tímann var augljóst að væri það eina sem kæmi til greina og einn maður með vit í kollinum hefði getað afgreitt á hálfri mínútu og notað restina af tímanum í eitthvað skynsamlegra.

**ALPINGI** Íslendinga er eitt skýrasta dæmið um þá tíma- og mannaúðssóun sem í lýðræði felst. Þar eyða tugir hæfileikaríkra og dugandi Íslendinga ævinni í eitthvað sem einn kontóristi með stimpil gæti annast í hlutastarfi; að samþykkja lög frá ríkisstjórn. Að vísu kæmist hann ekki upp með að ákveða sjálfur kjör sín, en það er líka eini munurinn. Þarna eru listamenn, fræðimenn, viðskiptamenn og aflskipstjórar, sem gætu verið að auðga menningar-, lista- og atvinnulíf þjóðarinnar og draga björg í þjóðarbúið, að vinna þjóðinni minna gagn með kjaftæði og vaðli en þeir myndu gera þegjandi með skóflu úti í skurði. Þeir eru hins vegar á miklu hærra kaupi, sem þeir eiga grunsamlega auðvelt með að koma sér saman um að sé eðlilegt, einkum miðað við hvernig samkomulagið er að öðru leyti.

**SATT** að segja skilar lýðræðið oftast lökustu hugsanlegu niðurstöðunni. Miðjumög og málamiðlanir eru megineinkenni þess. Þegar annar segir A og hinn B verður málamiðlunin eitthvert afskræmi mitt á milli A og B, sem er hvorugt og því aðeins eitthvert merkingarlaust og ónothæft pár. Enda er þannig komið fyrir lýðræðinu hér á landi að fulltrúar okkar verja starfsævinni í að þrátta sín á milli um það nákvæmlega hvar á miðakrein hins gullna meðalvegar sé best að halda sig og láta það líta út eins og himinn og haf skilji að heimsmynd þeirra, lífssýn og hugsjónir.

**PESS** vegna er þessi gagnrýnislaus lotning fyrir lýðræðinu, sem okkur er innrætt frá blautu barnsbeini, gjörsamlega ofvaxin skilningi mínum. Orðið „lýðræðislegt“ er oftast notað sem samheiti fyrir „gott og heiðarlegt“, jafnvel þótt sagan sýni að leikreglur lýðræðisins séu síður en svo neins konar endanleg trygging alþýðunnar gegn óhæfum leiðtogum.



Barcelona

Billund

Alicante

Varsjá



Eindhoven

Frankfurt Hahn

Berlín

# 14 áfangastaðir í sumar

**Bókaðu núna!**

» Börn:

**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express býður flug til 14 áfangastaða í sumar, vítt og breitt um Evrópu. Bókaðu núna á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

**Iceland Express**   
 með ánægju



Gautaborg

Stokkhólmur

París



Basel

Kaupmannahöfn

London

Friedrichshafen

  
**GÓÐAN DAG!**  
 Í dag er sunnudagurinn 22. júní, 175. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	2.56	13.30	0.03
Akureyri	1.29	13.43	0.58

Heimild: Almanak Háskólans